

Blá.

(Marsipan.)

Far vel, jörð,
fúli steinn.

Far vel, tré
og lækir,
fólk.

Fokk off, jörð,
fúla neitt.

Fokk off, lyf
og plastík,
fólk.

Forleikur.

Þá um nóttina varð tunglið dimmblátt og stækkaði um heilan helvítis helling, bara sisvona að því er sagan segir. Þó ekkert í líkingu við það sem gerist í laginu undurfagra eftir Rodgers og Hart. Þessa nótt varð tunglið nefnilega jafn skrambi blátt fyrir öllum, óháð því hvert var ástand viðkomandi og hjarta hans. Morgunninn eftir litaði veröldina síðan fölljósfjólubláa og þegar K vaknaði og sá hvernig var ástatt sagði hún rófulausa kettinum fjarska glöð að nú yrðu þau að fagna. Að nú skyldu þau brenna húsið. Nú skyldu þau aldeilis brenna það. Hann, sem aldrei hafði tendrað eld, jánkaði orðlaust eins og viðbúið var en bærði þó hvergi á sér í ávaxtaskálinni þar sem hann lá fyrir ásamt tóbaksdós og samanbrotnu sokkapari, tiltölulega hreinu ef frá voru talin kattarhárin. Að svo búnu stökk K til, greip nokkra hluti og flíkur ofan af mublum og upp af gólfinu, stakk þeim ofan í tösku, slökkti ljósið yfir eldavélinni, kveikti það aftur og gekk síðan út. Þá fyrst reis sá rófulausi virðulega upp úr skálinni, glennti upp ginið og reigði kollinn aftur svo sindrandi augtennurnar stóðu þrábeinar fram og teygði ærlega úr sér áður en hann svo kjagaði á eftir henni út í blámann, dálítið þreytulega en fumlaust. Hurðin sem skall aftur á eftir þeim marraði: farvel. En mögulega sagði hún: varlega.

Fyrsti kafli.

Malbikið sýndist ljósgrátt og bárujárnsklæðningarnar allar ívið blíðlegri en þau áttu að venjast, þegar K og kötturinn án rófunnar stigu út á gangstéttina þennan morgun.

Bláminn mýkti hrjúf samskeyti og hnökrótta sauma húsanna við götuna sem runnu eitt saman við annað, alla leið niður í smælki hvors enda fyrir sig. Við þessa götu voru engir garðar, aðeins gangstéttir og steiptar tröppur þar sem svo bar við og eini gróðurinn fyrir utan stöku trjágrein sem seildist fram á milli húsa voru fíflar í krikum húsveggja og grasknappar í jöðrum stéttarinnar. Hér og hvar stóðu útmignir og -krotaðir rafmagnskassar sína plikt, eins og vera ber, og líka ábúðarfullir brunahanar í hinum rauðgulu einkennisbúningum sínum sem bláminn hreif enn sem komið var lítt á. K og kötturinn gengu í norðurátt fram eftir götunni, í átt til hafs sem þó var hvergi sjáanlegt. Gatan vissi þráðbein í suður-norðurás, eins og strengd á milli tveggja staura, þótt í raun lægi hún bara á sverðinum, eða væri troðið ofurlítið ofan í hann, þvert á aflíðandi hlið. Þau mættu fáum á göngunni. Þeir sem þau þó mættu virtust í fljótu bragði ekki kippa sér mikið upp við hin ófyrirséðu hamskipti tunglsins. Strákur á að giska tíu ára og stelpa, kannski tveimur árum yngri, deildu með sér súkkulaðistykki á hugvitssamlegan hátt og virtust hvorki sjá K né köttinn. Hann var gulur, hún var rauð. Ljósbrost. Roskin kona með blómlegt yfirskegg, sem dró á eftir sér innkaupatösku á hjólum, bauð þeim aftur á móti góðan dag. Þó bara rétt svo. Hún brosti ekki, þótti það vísast fullmikið af því góða. Röddin var þurr en þó ekki þreytuleg. Þau buðu eins á móti, kötturinn þó með semingi. Það smell í einu hjólinu undir töskunni hennar, tveir smellir fyrir hvert skref sem hún tók. Dabb, sagði flatbotna skór, síðan hjólin: plikk-plikk, þá dabb, aftur plikk - og svo framvegis. Smellirnir fönguðu athygli appelsínubleikrar læðu sem fylgdist með konunni ofan af vélarhlíf jepplings sem hafði staðið óhreyfður við götuna um hríð. Aftursætin voru full af pappírur, prentuðum blöðum í stæðum, sem enginn virtist þurfa á að halda. Annað framdekk bílsins var loftlaust svo hann hallaði kumpánalega inn að

gangstéttinni. Í skítaskánina á framrúðu jepplingsins hafði verið dregin dónaleg mynd, að því er virtist með fremur fingerðum fingri, og skrifað: APOLLO eða ATLEO—TUSSE, að líkindum með sama fingri. Rithöndin glannaleg. Læðan á vélarhlífinni sagði ekkert þegar þau K og rófulausi kötturinn gengu fram hjá henni, en nikkaði þau lymaskulega. Þau þekktu hana dálítið. Hún hafði álpast inn til þeirra einu sinni eða tvisvar, kannski oftast, hvæst á fressið og slegið til þess. Fýlulega eða af skyldurækni frekar en af vonsku. Það var ævinlega dálítið snúið að ráða í hegðun hennar, jafnvel miðað við margar aðrar læður. En hún var meinlaus það þau best vissu. Hortug en dálítið virðuleg. Stundum var hún beinlínis sniðug og K hafði fengið að strjúka á henni rófunu, rétt framan við broddinn. Hefði gamli kötturinn haft rófu hefði hann núna hringað hana í myndarlegan dropa að skilnaði. Þess í stað snéri hann aftur öðru eyranu skömmu eftir að þau gengu fram hjá jepplingnum. Slíkt látbragð skilja allir kettir. Hvort læðan horfði á eftir þeim skal ég hins vegar ekki segja. Fyrir glugga á jarðhæðum húsanna voru ýmist dregin tjöld eða hengdar þunnar dulur og gardínur. Þar sem ekki var dregið fyrir var skuggsýnt og lítið sást inn. Því sem næst engin hreyfing. Að líkindum voru flestir annað hvort enn sofandi á efri hæðum eða stignir af stað út í bláan daginn. Það var sá tími dags þegar flest eldhús og flestar stofur eru tómar, ef frá eru taldir hundar, kettir og pottaplöntur, ef maður telur þær með.

Við trékirkjuna með græna koparkrossinn og hurðarhún eins og stóran böll, á horninu ofan hússins þeirra, var nokkrum nýlegum bílum lagt í kös. Þetta voru hvorki skjóðir né glæsikerrur heldur þeir litlausu þar á milli. En þótt þar væri þessi bílafjöld var hvorki að sjá né heyra að nokkuð væri í gangi inni í sjálfri kirkjunni. Reyndar sást lítið þangað inn því dregið var fyrir gluggana, sem voru ósteindir, hjartalausir og hversdagslegir. Þess utan voru þeir settir fullhátt í vegg kirkjunnar til að þar sæist vel inn ef staðið var á gangstéttinni fyrir utan. K sagðist aldrei hafa leitt að því hugann að í kirkjum væru gluggatjöld. Að þar þyrfti skjól fyrir dagsljósi. En sjálfsagt væri trúræknum fullt eins lítið um dauðar flugur, skrælnaðar húðflygsur og horkögglar í gluggasýllum gefið og öðrum. Svo hló hún upphátt. Spurði síðan köttinn hvort hann þekkti kennisetningar sjöunda dags aðventista um gardínur eða innanhússhönnun yfirleitt.

Eða hvort þeir boruðu ekki í nefin. Hann neitaði því og tók skopinu fálega. Þá hló hún dálítið meira. En hann var ekki súr. Flissaði meira að segja að bílaþvögunni við kirkjuna þegar þau gengu þar hjá. Fólki er svo bjánalegt, sagði hann án þess að skýra það neitt frekar. K hvorki tók undir né andmælti en var tæpast ósammála. Þó þori ég ekki að fullyrða um það. Þetta er eitt þessara atriða sem geta flökt með fólki dag frá degi og krefjast vandlegrar yfirvegunar til að svara af nokkru viti. K gerðist alvarleg í bragði og sagði að síðan væri mögulegt að aðventistarnir væru að drýgja einhverjar hryllilegar syndir þar inni. Einhverjar langbölvaðar helgiathafnir. Syndir sem ekki mættu sjást utan af gangstétt, hvað þá ofan af himnum. En að þá væru gluggatjöld varla til mikils gagns. Kötturinn spurði hvort hún væri svo viss um að aðventistar starfræktu kirkjuna en hún svaraði því einu til að henni þætti það einhvern veginn viðeigandi. Holning hennar og staðsetning í borginni hvísluðu því að henni. Þá spurði kötturinn hvort hún héldi að aðventistar hefðu ljóta helgisiði, en þá sá hún að sér og bað hann afsökunar á þvættingnum. Hann sagði að hún skuldaði honum enga afsökunarbeiðni. Sjálfur væri hann alls ekkert viss um að aðventistar héldu ekki ljótar messur. Glotti síðan svo skein í tennurnar. Við svo búið sögðu þau ekki fleira um sjöunda dags aðventista, kirkjuna og gluggatjöld en gengu áleiðis yfir götuna og að kjörbúðinni með tjörugu gluggana. Í þessum hluta borgarinnar voru göturnar nær alltaf blautar, jafnvel þótt ekki rigndi dögum saman, svo fín tjörusúld flökti ævinlega um loftið og lagðist á húsin og annað lítt hreyfanlegt.

Annar kafli.

“Ég ætla að kaupa marsipanbrauð handa gamla manninum. Honum þykir vænt um það. Alveg síðan ég man eftir mér. Alltaf marsipanbrauð. Svo finnst mér það líka gott sjálfri,”

sagði K kettinum. Hann ansaði því engu. Þefaði áhugalaus af brauðkörfu í dyragættinni. Hún var full af frönskum langbrauðum sem höfðu verið bökuð í of skamma stund. Þau voru hvít og ljót og áreiðanlega líka bæði lin og vond. Sumt má nokkuð áreiðanlega dæma af útlitinu einu saman. Fáir voru í versluninni. Það var ekki óvanalegt svo snemma dags. Þegar flest almennilegt fólk er ýmist í vinnu eða að drýgja heimskupör sem ekki þola dagsljós, í skugga hefðbundins vinnutíma. Lýsingin í kjörbúðum leyfir fátt slíkt, jafnvel enn síður en grámóska daganna í kaldtempraða beltinu. Nístandi hvít og einörð, suðandi eins og duft, lágstraumur og síkvik spenna.

Við stafla af þurrvöru á tilboði þráttuðu tveir ungir starfsmenn í eins konar fangabúningum, annar með stórar lúkur, ekki grófar en þurrar eins og sökum exems, en hinn með fremur smáar og fínar. Enga hlekki var þó að sjá. Þeir reyndu síst að fela karpið, töluðu háum rómi og með hvellum tindum sem helst minntu á ýlfur eða gelt. Talið snérist ekki um neitt tengt störfum þeirra, í það minnsta ekki beinlínis, heldur ágæti hljómsveitar nokkurrar. Fremur ómerkilegrar hljómsveitar, fannst K. Fyrir kjána og ef til vill fylupúka. En hún sagði ekkert. Átti ekkert með það. Meðal allra tegunda eru einstaklingarnir misjafnlega átakagjarnir. K var engin lydda, nema síður væri, en hún valdi sínar þrætur. Kannski ekki af kostgæfni beinlínis en einhverri hálfsjálfráðri en traustsverðri skynsemi. Þess vegna brosti hún við búðarlokunum en sagði ekkert. Friður sé með yður - og með mér. Annar starfsmaðurinn, sá sem hafði ívið hærri rödd en hinn og virtist eilítið betur vaknaður, gaf brosinu gaum og galt henni í sömu mynt. Hann var í tíglóttum sokkum og minnti K fyrir vikið ofurlítið á þjóninn Harlekín þar sem hann

ýmist kýtti eða brosti, en á villigötum. Hrakinn úr vist einhvers hertoga, dópsala eða kenjóttrar söngstjörnu, um hrið á milli vita og bellibragða.

Skammt frá starfsmönnunum tveimur, litlu innar, kom K að frystikörfu og dró annan vísifingurinn eftir svölum málmlista á brún hennar. Flestir snerta slíka lista aðeins með lófunum, þegar þeir styðjast við þá til að seilast eftir pokum af forsteiktum ýsubollum, ósoðnum sláturkeppum, sojabáunum eða viðlíka. Í listann var stimplað tígulmynstur, ekki ósvipað því á sokkum Harlekíns, og K þótti hann fallegur. Hún sleit sig engu að síður frá honum, færði sig yfir ganginn að hillum og skoðaði handsápur, tannkrem og síðan súkkulaðikex með grófum trefjum sem kváðu bæta meltingu. Ekkert af þessu hafði hún minnsta hug á að kaupa. En henni þótti notalegt að handleika varninginn. Henni féll skjáfið í umbúðunum vel. Líkaði áferð þess sem þar leyndist fyrir innan. Líkaði áferð þess sem leyndi hinu fyrrnefnda þar fyrir innan. Hún átti þetta gjarnan til. Þannig hafði það ævinlega verið, alla vega eins langt aftur og fressið mundi. Og hún sjálf líka, geri ég ráð fyrir. Líklega væri nær að kalla þetta ávana en kæk. Hún var þess fullmeðvituð hvað hún var að gera. Ekki halda annað. Það er allt annað að heyra og sjá og snerta í einu, heldur en bara að sjá eða bara snerta eða aðeins að heyra. Ekki nauðsynlega betra, þótt í því geti fólgtist einhver huggun, en áreiðanlega annað.

Við frystiskápinn þar sem geymdir voru tilbúnir réttir og frosið grænmeti handlæk snöktandi maður sem varpaði daufum skugga þakkingu af grænmetisþottrétti. Þó þreifði hann ekki á henni eins og K hafði skömmu fyrir gert við meltingarkexið. Frekar eins og sá sem er óviss um hvort hann langar frekar í tælenska kássu eða mexíkanska, af tvennum illum kássum. Eða jafnvel eins og sá sem hefur yfirleitt andstyggð á tilbúnum mat, sérstaklega í pokum, en er af ótilgreindum sökum tilneyddur að kaupa þannig lagað. Það fór nefnilega ekki á milli mála að maðurinn naut þess ekki að handfjatla þakkinguna, druslulegan plastsekk, hálffullan eða -tóman eftir því hvernig á það er litið. Maðurinn var á skínandi nýjum gúmmístígvélum, þau sýndust óþægileg, og í hriðarmynstruðum ullarfrakka með axlarspælum. K gleymdi erindi sínu í búðina eitt andartak og gekk til hans. Hann kreisti þottréttinn. Frakkinn leit út fyrir að vera vandaður og dýr. Maðurinn sá K ekki fyrr en hún var komin fast upp að honum. Hún

lagði hönd á öxlina á honum og spurði hvort nokkuð væri að. Kötturinn fylgdist með frá brauðkörfunni. Maðurinn hrökk við, óaði upp yfir sig og vatt sér skelkaður undan höndinni. K bað hann að fyrirgefa. Setti hendur upp í loft og með lófana flata fram. Það var hlægilegt og dálítið eins og í kvikmynd. Maðurinn svaraði engu en horfði forviða á hana. Fyrst á hægri hönd hennar og svo þá vinstri, frá henni séð. Taldi línurnar en leist ekki á. Snérist svo á hæl og arkaði í átt að afgreiðslukassanum. Hann því sem næst hljóp. Það skvapaði í stígvélunum. Starfsmennirnir karpanði þögnuðu og horfðu á stígvélin, eins og töfrum gæddar talaríur Hermesar nema úr gúmmíi. Vesalings maðurinn lét athyglina ekki á sig fá, saug upp í nefið og þurrkaði sér um augun, með pottréttinn undir handleggnum. Mögulega varð skvaphljóðið honum til happs, það hreif athyglina frá neonrauðum augunum og hornösunum. Frá niðurlægingunni í andlitinu. Hryggðinni óljóðrænu, móðernísku og þveru. K blikkaði nokkrum sinnum augunum og sagði:

“Greyið maðurinn,”

en beindi orðunum ekki neitt sérstakt. Hún felldi handleggina niður með síðunum. Kreppti hendurnar í snigla, glennti svo út fingur beggja handa svo þeir stóðu beinir út og kreppti hendurnar því næst aftur. Kötturinn var nú kominn inn í verslunina og til hennar. Hann nuddaði sér væðarlega utan í fætur hennar. Hnerraði síðan og settist fýldur á svip á afturendann á gólfið. Hann átti það til að vera dómharður. Og þótt K þætti fjarska vænt um hann átti hún stundum bágð með að skilja skeytingarleysi hans fyrir tilfinningum annarra. Fólks og skepna. Sálna kannski. Kannski hluta líka, eða hugmynda. Hvers sem var, er og verður. Sumt er torskilið þótt það sé sáraeinfalt. Það er svo fjári skrítið. Mislögun sálna er aðeins eitt af svo ótal-, ótalmörgu. Það hví sumir eru sólgnir í marsipan, á meðan öðrum býður við því, er annað. Hvort tveggja eru leyndardómar. Launhelgar krossgátu-og-vínildúkaguðsins.

Kötturinn sagði K að hann tryði því ekki að mikill harmur lægi að baki niðurbroti mannsins. Ekki djúp sorg. Engum dytti í hug að gera hlé á harmleik, skrífa niður í honum tímabundið, til þess að skreppa í búð eftir grænmetispottrétti. Tæpast væri um nokkuð alvarlega en gjaldþrot eða framhjáhald að ræða, mögulega heimspekilega endurlífgun. Smáræði, í öllu stærra samhengi en fólki að versla í matinn. K yppti öxlum.

Jánkaði annars hugar. Skrítið að gráta gjaldþrot í búð. Eða yfirleitt nokkurs staðar. En trúnaðarsvik geta sannarlega meitt. Hugmyndafræðilegt þrot er síðan annars eðlis. Hún gekk að sælgætishillunum og fann það sem hún var á höttunum eftir. Næst spurði hún köttinn hvort hann langaði í kartöfluflögur, fyrst þau væru þarna. Hann át vitanlega ekki kartöfluflögur, verandi köttur, heldur sleikti hann af þeim kryddið. Vildi helst flögur með paprikubragði. Saltið var ekki gott fyrir líkama kattarins, frekar en svo sem fólks, en þau höfðu með sér samkomulag um þennan veikleika hans. Lífið er jafnvægislist lasta, eftirlátssemi og hófs. En hann afþakkaði í þetta skipti. Sleikti loppu formlega og geispaði svo.

Þegar þau komu að afgreiðslukassanum var ungi maðurinn á bak og burt, eins og við var að búast. Starfsmaður á kassa, unglingur með of langa útlími og háls, blaðaði í glanstímariti. Hann virtist vera á óþægilegum stað í líkamsþroskaferlinu. Var samt ekki önnur. Bauð þeim góðan dag og ýtti tímaritinu til hliðar á borðinu. Lokaði því þó ekki. Kötturinn svaraði unglingnum engu en K bauð honum góðan dag á móti. Sagðist forspurð aðeins ætla að fá sælgætið og rétti honum pakkninguna. Hann tók við henni, sneri henni á hvolf og hristi þar til afgreiðslukassinn pípti frekjulega. Unglingurinn bauð K poka undir sælgætið, sem hún afþakkaði. Hún tók við sælgætinu úr höndum hans og sagði honum til útskýringar að hún væri með tösku. Opnaði hana svo og kom sælgætinu vandlega fyrir ofan í henni. Á milli vínrauðrar þrónapeysu og stílabókar. Hún sagði unglingnum að hún vildi ekki að sælgætið kremdist. Og að það snérist ekki bara um pjatt. Það snérist líka um bragðið. Hún meinti hvert orð. Marsípanið og súkkulaðihjúpurinn eiga vissulega að liggja þétt saman. En án þess þó að blandast, svo sem ef sælgætið kremst eða bráðnar eða bæði. Þetta er ófrávíkjanleg regla. Unglingurinn var þá tekinn til við það á ný að lesa tímaritið og ansaði útskýringum K engu. Helst var að sjá að hann heyrði þær alls ekki. Það angraði hana ekki vitund. Þvíumlíkt gerði það aldrei. Eða því sem næst.

K og kötturinn yfirgáfu verslunina. Héldu áfram göngu sinni um síkvíkar götur og svíkula stíga. Á löngum tíma höfðu þau lært að sniglast vandræðalítið þar um. Lærðu á dynti hverfisins, tiktúrur borgarinnar. Menn og kettir eiga að nokkru leyti sameiginlega

allgóða aðlögunarhæfni. Deila henni með rottum, mávum og fleiri virðulegum tegundum úr öllum fylkingum dýra. Heilt yfir eru skordýr þó seigari en spendýr. Þau þola mörg hver ósköpin öll. Hér um bil hvað sem er. Vísindaskáldsagnahöfundar sem hafa óra um halfkaraða heimsenda halda mjög upp á kakkalakka, svo dæmi sé tekið. Bessadýr virðast kunna ágætlega við andrúmsleysi og öfgar. Skriðdýr þola á hinn bóginn harla fátt. En í borginni eru heldur engin skriðdýr. Ekki í bókstaflegri merkingu. Hafa aldrei verið og verða tæpast nokkurn tímann. Þó skyldi maður aldrei segja aldrei. Látum þau engu að síður liggja á milli hluta hér.

“Heldurðu nokkuð að bláminn hafi grætt hann?”

Spurði K köttinn þar sem þau gengu. Hann kvaðst ekki hafa neinar forsendur til að svara því. Kannski væri hann gjaldþrota. Kötturinn var upptekinn af gjaldþrotum þótt sjálfur hefði hann ætíð verið eignalaus og undanþegin sköttum og gjöldum. Mögulega væri maðurinn líka hreinasti skáلكur, hélt kötturinn áfram. Og, til að það færi ekki á milli mála hvað hann ætti við með því, að skáلكar grétu áreiðanlega líka og oft einmitt vegna þess að þeir væru skáلكar. Það væri ofureinföldun að halda þá alla illa í gegn og samviskulausa. Hún jánkaði því.

Þeim tíma sem notaður er til að hafa áhyggjur af grátandi þrjótum er illa varið, yfirleitt, sagði kötturinn. Því svaraði K engu en ég er svo til viss um að henni þótti það ekki svo einfalt. Að mögulega var hún því hreinlega ósammála. En þau voru auðvitað af sitt hvorri tegundinni, fressið og K. Svo ekki er að undra að þeim hafi stundum greint á, þótt þau væru óskaplega góðir vinir. Sem betur fer greinir vini stundum á. Því trúði K, kötturinn kannski síður.

Þriðji kafli.

Áfram kræktu K og rófulausi kötturinn um götuparta, torg og sund, fyrst í eina átt og svo aðra en þegar allt kom til alls ævinlega í þá sömu. Senn komu þau því að göngugötunni, sem stundum var svo nefnd, þangað sem þau höfðu alla tíð stefnt. Þar voru álíka margir á ferli og endranær. Slæðingur fólks þar sem gilið var vítt, sums staðar þar sem það þrengdist var dálítill þvaga. Og það þótt bæði gatan og frambung húsin við hana væru víst vissulega snöggjum fríðari undir flennistórum, bláum mána. Fyrst fólk var ekki í öngum sínum hefði það alla vega mátt njóta blámans. Verslanir, veitingastaðir og kaffihús voru opin. Afgreiðslufólk, grátt um ennin, bauð aðstoð og tók pantanir eða reiddi þær fram. Fólk stóð og sat og át og drakk og horfði inn um búðarglugga eða út um þá. Mátaði föt og drauma og grillur og þuklaði á húsbúnaði, raftækjum og öðru sem snúið er að flokka. Það fletti tímaritum og blöðum, sló á lyklaborð og las á síma. Hlédrægar hliðargötur gleypu fólk og ældu öðru. Sendibílar stóðu mäsandi þar sem ökumönnum þeirra sýndist og enginn sagði bofs frekar en venjulega. Smáfuglar kroppuðu í matarleifar og rusl, trítluðu milli fólks og húsa og bæði birtust og hurfu eins og fyrir galdur. Sitthvað annað fór þar líka fram sem tilheyrir en óþarft er að orðlengja um. Lýsingu heimsins lýkur ekki fyrr en maður vill.

Fæstir sem áttu leið þarna um virtust gefa hinum sérstæðu breytingum nokkurn gaum. Sýndust ekki láta fjólublámann á sig fá. Létu alltént ekki á neinu bera. Stefndu þessa leið eða aðra. Hingað, þangað eða eitthvert þar á milli. Eins og vera ber. Sumir báru poka og pakka. Aðrir báru börn eða ýttu þeim í kerrum. Enn aðrir teymdu hunda. Kötturinn gretti sig við sumum hinna síðastnefndu af aðdáunarverðri skyldurækni, lúinn eins og hann var. Tvær konur, önnur með gervifót, gengu arm í arm og horfðu hvor í sína áttina. Fólk sem mætti þeim tók sveig hjá og blessunarlega mættu þeir ekki öðru eins tvíeyki. Sumir reiddu hjól og dónar stigu þau, upp og niður og þvers og kruss.

Svona kerfi hafa sinn gang, bæði handahófskenndan og formlegan, og fúnkera yfirleitt sisvona.

Niður götuna kom líka rigsandi pervisinn maður með vitstola kjölturakka spriklandi í fanginu. Vísast tunglsjúkan. Þó það nú væri. Stöku manneskja leit út fyrir að vera í uppnámi eða hafa grátið nýlega. En margt fleira en ofvöxtur í mána gat skýrt það. Hvorki K né kötturinn veittu því fólki sérstaka eftirtekt. Uppnám á almannafæri getur vissulega verið nærstöddum þungbært. Rétt eins og önnur samfélagsglöp. En það er hvorki synd né glæpur að æðrast fyrir opnum tjöldum. Stundum, það er alveg áreiðanlegt, þarf fólk að drífa sig eitthvert strax í kjölfar þess að fá slæmar fréttir. Jafnvel alveg hryllilegar. Eitthvað sem snertir heilsu þess eða ástvinar. Mögulega sjálfan dauðann. Hryllilegast af öllu er þegar börn eiga í hlut. Um það ríkir allgóð sátt. Í því sambandi verður jafnvel þrúðasta fólk að gera svo vel og fyrirgefa alla ókurteisi og siðbrot. Sama hversu ferleg þau eru. Það ber að vissu leyti að virða það við fólk að rækja sínar skyldur með tár í augunum og jafnvel ekkasog og grettur. Líka þótt þær skyldur séu harla hversdagslegar. Það er öllum í hag að hlutirnir gangi, að þeir gangi yfirleitt einhvern veginn fyrir sig. Um það ríkir líka allgóð sátt. Endrum og eins ættu allir að loka sig af og háskæla og örvænta, það er ekki nema sjálfsagt og hollt, en oftast er snjallara að setja höfuðið undir sig og hafa með sér vasaklút eða servíettu. Þetta er gömul speki, áreiðanlega eins forn og vasaklúturinn. Jafnvel eldri.

Svo er líka mögulegt að angur fólks stafi frá einhverju tengdu fjármálum og þvíumlíku. Til dæmis gjaldþrotum, sem voru kettinum svo hugleikin. Þessum ógeðslegu formsatriðum mannlegrar tilveru. Þau græta líka, svo dapurlegt sem það nú er. Fólk er flest ofurselt rafrænum eyðublöðum og skráningum, afskráningum og útstrokunum, allrahandastafarunum og númerum og greinarmerkjum í tölvugagnagrunnum og netskýjabökkum. Allt fólk, leyfi ég mér nærri því að segja, að meira eða minna leyti. En maður ætti ekki að alhæfa.

Loks kemur fyrir að fólk neyðist til að rjúka út í kjölfar erfiðra rifrilda. Til að mynda eftir rimmur sem marka endalok sambanda. Eða upphöf endaloka sambanda. Og auðvitað bláenda endalokanna. Upphöf geta verið fullt eins bölvuð og endar, og öfugt.

Það er svo margt sem getur grætt fólk. Sært það eða komið því í annars konar uppnám. Stundum virðist það jafnvel vera fleira en það sem fær fólk til að brosa, hlæja og gleðjast. Þetta er dapurlegur fylgifiskur þess að vera til. Og þó. Ekki nógu sorglegur til að K eða kötturinn tækju sérstaklega til þess þegar þau mættu grátbólgnu fólki á gangi. Annað gildi um það þegar fólk grét í kjörbúðum. Sérstaklega við frystinn með tilbúnu réttunum, sem að því ert virtist auðvelduðu bara lífið, einfölduðu það og snyrtu. Kannski er það grilla. Kannski eru þeir sorgin sjálf í mátulegum skömmtum.

K og kötturinn röltu upp göngugötuna án þess að gefa meðborgurum sínum sem áttu þar líka leið um sérstakan gaum. Hvort heldur sem var útgrátnum og áhyggjufullum á svip eða æðrulausum og frómum. Undir glugga verslunar þar sem unglingum og seinþroska fólki voru seldar þægilegar hugmyndir um sjálft sig sat kinnfiskasoginn karl með kassagítar og konfektdós og spilaði og söng. Sólbjörtum rómi flutti hann lag eftir þekkt útlenskt söngvaskáld, um sigur ljóssins. Vísast yfir myrkrinu. Neonskilti og napalm. Ljósið eina, ljósið eina. Maðurinn var ekki slæmur söngvari en hann kunni lítið á gítarinn sem gerði þó áreiðanlega sitt besta. Engu að síður féll K flutningurinn. Hún þreifði í vasa eftir smámynt en fann ekki. Það var borin von. Um það leyti sem glamur götuspilarans var að drukkna í umhverfishljóðum heyrði hún hann nefna neonlys og kjarnasamruna. Hann hafði fallega rödd, hljómmikla en viðkvæma. Rödd sem hæfði bæði kjarnasamruna og neongasi og áreiðanlega líka ótalmörgu öðru.

Fjórði kafli.

Hér og hvar í og við göngugötuna vomuðu frelsingjar. Það kölluðu K og kötturinn trúboðana, eða hvað þeir eiginlega voru, sem reyndu að krækja í vegfarendur til að segja þeim frá guðum og frá hugmyndum um guði og frá spekúlasjónum um hugmyndir um guði. Frelsingjarnir voru tiltölulega nýfarnir að herja á fólk í miðborginni. Fyrst kom einn og vakti talsverða athygli. Einkum þó gremju. Fólki þótti hann dónalegur að gaspra um guði sína og þó enn frekar að reyna að eggja það sjálft til að gaspra um sína eigin og privat guði. Bréf voru birt í blöðum og það var kveinað í útvarpi. Að endingu vandist hann þó og gleymdist. Einhvern tímann um það bil skaut síðan annar frelsingi upp kollinum og fór að keppa við frumherjann, og svo fjölgaði þeim hægt og bítandi uns að til varð dagott stóð.

Núorðið voru frelsingjarnir hluti af götubragnum. Þeir voru þar ævinlega. Flestir við torgið þar sem eitt sinn var hjólabrettagarður en nú pálmatré og dimmgrænar furur í bland. Frelsingjarnir höfðu skjól af trjánum, fyrir veðrum og til að fá sér orkupillur og mæjoneessamlökur. Dag og nótt héldu þeir þar til. Brosandi furðulega. En þeir klæddust hvorki kuflum né vansniðnum jakkafötum eins og vant er um trúboða. Nei, frelsingjarnir klæddust nýtiskulegum íprótta- og götufatnaði, fínnum merkjum og dýrum strigaskóm í skærum litum. Þeir voru vöðvastæltir og vel til hafðir. Höfðu fallett hár og vel snyrt skegg og lyktuðu af ilmvatni og hreinsikremum. Og þetta gerðu þeir, held ég sé óhætt að álykta, af yfirlögðu ráði. Ekki aðeins til að höfða til yngra fólks og áhrifagjarns, þótt vissulega væri það hluti af skýringunni. Þannig gátu þeir horfið hratt inn í fjöldann ef svo bar undir. Eða sest inn á kaffihús þegar þeir tóku sér hlé frá störfum sínum og drukkið freyðandi mjólkurkaffi án þess að þurfa að sitja undir augngotum eða pískri. Þeir voru nefnilega fullkomlega óeftirminnilegir. Með öðrum orðum litu þeir út eins og ótal margir aðrir og óvissari.

Sumir þeirra sungu falska sálma. Aðrir kváðust elska þá sem gengu of nærri þeim. Nálægt þeim væri réttara að segja. Fáir eða engir gengu að fyrri bragði of nærri frelsingjunum. Fæstir yrtu yfirhöfuð á þá, önsuðu þeim eða litu við þeim. Flestir áttu frelsingjarnir það sameiginlegt að reyna að þvinga glanspappírsbæklinga um sálnafrelsanir og aflausnir og afgerandi mörk og skil upp á vegfarendur. Allt þetta gerðu þeir af þrautseigju sem fátt annað en von um eigin sálarheill getur knúið.

Frelsingjarnir brostu krúnurakaðir og fullvissir. Eintómir karlar sem afneituðu myndlíkingum, tvíræðni og dauðanum - nema fyrir þá óforbetranlegu. Þeir virtust ef eitthvað var ívið sperrtari en alla jafna þennan dag, með brjóstin þanin eins og smáfuglar um haust, þegar K og kötturinn gengu þarna um. Líkt og fjólubláminn, litur Jústíníanusar mikla, veitti þeim aukaorku. Þvílík firra. Skötu hjúin vissu betur en svo að láta glepjast af þessum viðskiptum. Á bak við brosin voru þrautseigir hrappar, þótti bæði K og kettinum. Og þó voru brosin jafn sönn og sögurnar sem þeir trúðu. Þau létust ekki sjá þá. Eða heyra í þeim. Brostu ekki einu sinni. Gengu ótrauð. Næstum eins og þau hefðu tilgang, sem auðvitað var fjarri lagi. Tilgangur var fyrir sanntrúaða og nýbakaða foreldra.

Með dálítilli augngotu greip K einblöðung úr hendi myndarlegs frelsingja sem klæddist bol með mynd af springandi eldflaug eða geimskipi. Tittlingi að splundrast. Framan á bæklingnum var mynd af stæltum eineygðum karli með sítt hvítt skegg og guðinum Shiva með augun þrjú og blátt hörund eins og máninn. Þeir héldu hvor um axlir annars og brostu. Báðir voru berfættir á sandölum eins og þeim sem fólk er í á baðströndum. Yfir myndinni stóð:

“Lífgeislan er ÁST.”

Og undir henni:

“Einn sannleikUR er allUR sannleikUR.”

Þótt myndin væri falleg stakk K blaðinu í næsta rusladall sem þau gengu fram hjá.

“Amma sagði að ef maður sparkaði í götutónlistarmann missti engill besta fingurinn sinn. Jafnvel þótt sá sem maður sparkar í sé ópolandi lélegur músíkant. Ég trúði henni reyndar aldrei, en hef alltaf borið dálitla virðingu fyrir

götuspilurum. Að planta sér bara einhvers staðar þar sem alls konar bjánar eiga leið um og byrja að spila og syngja. En þótt ég þyldi þá ekki finnst mér reyndar ólíklegt að ég myndi sparka í þá,”

sagði K og brosti til kattarins. Leit síðan áfram veginn og bætti við:

“Ég hef aldrei séð neinn gera það. Kannski var það öðruvísi þegar amma var stelpa,”

Kötturinn settist á rassinn og klóraði sér í eyranu. K staldraði við og sagði:

“Amma sagði líka að Guð byggi ekki á himnum heldur í verbúð. Skýrði það aldrei neitt frekar. Kannski sagði hún þetta þegar hún var orðin lasin, ég man það ekki. Þá var hún alltaf mígandi full og bullaði ægilega.”

K stangaði úr tönn með helst til langri nögl litla fingurs. Hélt síðan áfram:

“En ég trúði því í öllu falli ekki heldur. Ekki einu sinni þegar ég var þetta lítil. Trúði aldrei á himnaríki. Ekki heldur á þú veist hvern. Veit reyndar ekki hvort amma trúði á hann, eh, á hana sjálf. Held að hún hafi helst trúað á þrjóta. Þeir gerðu henni það auðvelt. Eins og okkur öllum.”

Kötturinn var stigin upp á ný, úfinn og þvældur um kollinn, og þau gengu enn á ný af stað. Eftir nokkur skref sagði kötturinn að ef til vill hefði amma hennar frekar átt við að verbúðirnar væru miðja heimsins. Og að miðja heimsins væri skyld guði. Eins konar guðdómur þaðan sem lífið lekur út í mugguna. K var ekki viss. Þau höfðu átt nákvæmlega þetta samtal áður. Kötturinn mundi það, K hins vegar ekki. Hann minntist þó ekki á það heldur endurtók það nákvæmlega sem hann hafði sagt í fyrra skiptið. Hverja hugsun upp á hár, kannski beinlínis orðrétt. Sagði að amma hefði áreiðanlega verið þrælfín kona. Hefði áreiðanlega verið kempa. Að fyllirí færi ekkert öllum illa. Ekkert endilega. Hann virtist meina það sem hann sagði um ömmuna. Þótt kötturinn væri ekki lygin kom það fyrir að hann segði hluti einfaldlega til að enda samtöl. Koma þeim fyrir kattarnef. Til að létta undir með sjálfum sér og K, þegar honum þótti óþarft að segja nokkuð fleira, en bjóst við að sú gæti orðið raunin. Eða ef hann nennti yfirhöfuð ekki að tala, eða að talað væri við hann. En þetta virtist hann meina. Enginn köttur hefur nokkurn tímann trúað á guð. Ekki svo mikið sem einn einasti köttur, á einn einasta guð.

Ekki einn. Alla vega ekki eins og fólk skilur guðshugmyndir, af hvaða tagi sem þær eru. Þetta á sér líffræðilegar skýringar sem ég skil illa og ómögulegt er að rekja í stuttu máli. Kettir trúa heldur ekki á djöfla og ára. Að því er best er vitað hafa kettir ekki liðið fyrir guðleysið. Ekki vitund.

Þau gengu áfram, upp götuna. Upp, upp.

Fimmti kafli.

Eftir nokkurra mínútna tíðindalausangang, fram hjá ýmsu sem enginn man nokkurn tímann og öðru sem helst enginn vildi muna, komu K og kötturinn að knæpu með skilti eins og hamar og sigð og látúnsklæddar dyr, sem K þóttist vita að væri athvarf ógæfufólks, sem svo er nefnt. Ekki endilega glæpamanna en óreglulegs fólks. Hinna aflöguðu, um jaðrana máðu, óhornréttu og bognu. Eiturlyfjafíkla, geðsjúklinga, fyllibytta, raðlygara og þar fram eftir götunum. Sjálfsagt voru skálkar þeirra á meðal. En það átti við um fjöldann allan af finni drykkjustöðum líka. Gerir það enn, hefur ævinlega gert, mun gera eins lengi og til er fólk sem rekur krár og sækir þær. K fann oft til með þessu fólki. Þessum lýð, þessu hyski. Hugsaði eitthvað á þá leið að stundum stigi fólk á hála steina. Snéri sig eða félli við. Eða hnyti óafvitandi um reiðulaus raftæki og glingur. Gripi það kannski með sér í hugsunarleysi. Prufaði fyrir tilviljun eða forvitni sakir eitthvað ljúft lyf. Sem væri jafn erfitt að láta í friði og væri að nálgast það eftir viðurkenndum leiðum. Allt saman myndaði þetta flókin vef sem snúið væri að losa sig úr og flýja. Sem strembið væri að slíta. Svona hugsaði hún þegar hún hafði góða stjórn á sér. Svona yfirleitt. Eða oft en ekki.

Kötturinn var svartskýnni. Hann hataðist ekki á við fólk eins og það sem um ræðir. En átti til að hvæsa um það kaldranalegar athugasemdir. Eitthvað í þá veru að það gæti bara sjálfu sér um kennt. Skyldi hundskast í það eða fara á bókasafn. Jafnvel heimsækja kirkju eða á líkamsræktarstöð. Og það þótt hann talaði illa um hvort tveggja við önnur tilefni. Fólkið mætti annars ganga á fjall, finna uppsprettu eða dys. Og þar fram eftir götunum. Kötturinn var hvorki kristinn, eins og fyrr segir, né sýndist honum alla jafna ýkja umhugað um eigin heilsu. Loks var hann ólæs í ofanálæg. En hann var rándýr að upplagi. Eðli verður tæpast alfarið upprætt. Það lúrir undir yfirborðinu, stjórnlaust þegar verst lætur. Þegar þessi gállinn var á kettinum sagði K kannski eitthvað á borð við:

“Æji, svona svona, grísinn minn,”

eða:

“Elsku kúturinn, láttu ekki svona.”

Þetta sagði hún þess fullvitandi að með því gæti hún ef til vildi ráðskast dálítið með gremju kattarins. Snúið henni frá hinum ólánsömu fáu og að henni lánsömu sjálfu. Hún þoldi skapvonskuna vel. Og fannst yfirleitt á einhvern hátt elskulegt þegar hann fussaði, sveiaði eða ýfði hárin á hryggnum yfir því sem hann uppnefndi meðvirkni. Jafnvel aumingjagæsku ef sá gállinn var á honum, þegar hann var svo dragúldinn af fýlu að fyrirlitningin vatt veiðihárunum saman og togaði nærri því niður í gólf. Svona hafði hann alltaf verið. Alla vega síðan þau kynntust. Og hún þóttist vita að svona yrði hann ávallt. Eða þar til leiðir skildu.

Í þetta skiptið þagði kötturinn þó þunnu hljóði þegar tveir rauðklæddir menn brutust út um dyr þessa hryggðarbóls með rænulitla konu um miðjan aldur danglandi á milli sín. Hún gapti eins og fiskur, ómennsk, en neðri kjálkinn gekk veiklulega upp og niður þótt ekkert heyrðist hún segja. Úr höfði hennar gusaðist blóð sem lagaði niður andlitið, ennið var alrætt og kinnarnar rauðskræpóttar. Þó var hægur leikur að sjá að undir blóðinu var andlitið hryllilega leikið. Bólgið og togað til eins og eftir einhvers konar slyss eða barsmíðar. Annar nasavængur hennar hafði rifnað frá kinninni, nær því upp í augnkrók, og danglaði letilega með skrefum mannanna tveggja. Á vinstri fæti hafði hróið forugan íþróttaskó sem sýndist alltof stór fyrir ekki stærri manneskju, en þó var snúið að sjá hversu fótstór hún nákvæmlega var sökum ástands hennar og aðfaranna. Á hægri fæti hafði hún aðeins teygðan sokk með stóru gati á hælnum. Sokkurinn hafði áreiðanlega verið hvítur en var nú skellóttur eins og marmari. Hællinn var gulur, húðin þykk og gúmmkennd.

Fólk sem átti leið hjá æpti upp yfir sig af viðbjóði. Æjaði og jesúsaði og greip fyrir vitin. Það má öllum vera ljóst að alltaf geisar ljótleikinn en enginn vill sjá hann nær en á skjá. Annað fólk hélt aftur af sér en haskaði sér í stóran sveig fyrir prósessiuna. Einhver hló eins og viðbúið var. Svo annar til. Sumum leiðist hluttekning. Alveg hunddjöfulli leiðist hún. Unglingur í austurlenskum silkisloppi gerði sig líklegan til að mynda ósköpin með síma. Förunautur hans þreif í hann. Samviskunauturinn. Virtist fá hann

ofan af myndatökunni, með semingi þó. Þeir gengu kýtandi áfram niður götuna og út í gleysku. Sjálfsagt fóru fleiri símar á loft. Hryllingur og sút er ekki síður myndrænn en barnshjal og kettlingar að leik. K tók andköf. En ólíkt hinum klíjugjarnari kyngdi hún velgjunni, stansaði og starði á aðfarirnar. Enn lét hinn rófulausi, rándýrið spaka, sér fátt um finnast. Það er að segja uns smekklegt þar með fjármálasvipi traðkaði nærri því á honum, þar sem karlinn stökk með viðbjóði í átt frá þríeykinu bagalega, og konan fylgdi í stíl. Kötturinn vældi gremjulega en K veitti því enga athygli.

“Hvað eruð þið að gera? Hvað eruð þið eiginlega að gera?”

spurði hún þá rauðklæddu. Ekki til að skamma þá, ekki enn, heldur í von um svar. Borin von sú. Ofar í götunni gall bílflauta eins og ósáttur dómari. Engar svona spurningar, virtist hún segja.

“Frá!”

öskraði annar þeirra rauðklæddu síðan, svo mektarslefan gekk út úr honum í allar áttir. Hann var ívið lægri þeirra tveggja, þó enginn dindill. Hann hafði stærri krumlur en sá stærri og þykkar augabrúnir sem snertust yfir nefinu. Krumlurnar voru sérstaklega eftirtektarverðar. Þær höfðu greinilega rifið í margt. Hrifsað ýmislegt. Kýlt og slegið og potað. Fingurnir eins og ofsoðin bjúgu sem síðan hafa kólnað.

“Frá, núna!”

bætti hinn vonskulega við. Sá líktist tröllo að líkamsbyggingu, með stæltan rass og herðar, en hafði fjögur augu. Á bakvið þau kuldalegri fremri tifuðu barnsaugu með bogið blik. K stóð ekki í vegi fyrir þeim. Raunar var hún í nokkurra metra fjarlægð. Nægri til að hamla eða í það minnsta tefja öll bein afskipti, hefði hún haft nokkurn hug á slíku. En öskrum mannanna var heldur ekki beint að henni. Ekki frekar en að nokkrum öðrum en þeim sjálfum og formæðrum þeirra. Þau voru eins konar kraftaþula eða mantra. Þeim var stefnt inn á við. Inn í rauðu hjörtun og aftur í heiladingul. Og sem slík höfðu þau tilætluð áhrif. Virtust blása þeim auknum krafti, valdi og þjósti í brjóst. Þeir svifu yfir hellurnar svo aðeins fætur kerlingarræfilsins héldu þeim jarðföstum. Annar fóturinn skóaður, hinn aðeins í götöttum sokki.

“Svín!”

hrópaði einhver af aðdáunarverðu hugrekki. Annar hló, sá þriðji hvæsti oj. Og svo skrækta einhver í geðshræringu:

“Þrollar!”

Ef vel var að gáð mátti strax heyra samviskusaman Samverja leiðrétta þann blóðheita:

“Nei, svín, maður. Svín!”

Sá var í trússi með hinu sanna og góða. Konan dróst eftir götunni með afmyndað höfuðið dinglandi á milli fulltrúanna og gulan hælinn úti. Eftir lá dimmrauð slóð á hellunum. Útsetning, blandaðir miðlar.

“Ætlið þið með hana á sjúkrahús?”

spurði K nú en þeir svöruðu ekki frekar en áður. Augun skrúfuð þráðbeint fram. Þeir stormuðu með herfang sitt að rósrauðum fólksbíl sem beið þar skammt frá. Þetta var fremur lítill bíll en hann urraði eins og veiðihundur. Á milli framsætanna og þeirra aftur í var rimlagrind og rúðurnar aftur í höfðu sólgler.

“Frá, frá, frá!”

örguðu þeir nokkrum sinnum til viðbótar. Frussuðu með stæl. Eins og til að fleyta sér áfram síðasta spölinn að bleika bílnum og rimlunum. Bara örlítið lengra, þangað sem allt yrði tryggt. Aftur um borð í móðurskipið.

“Hún þarf að komast til læknis,”

muldraði K alvarleg í bragði á eftir þeim. Aftur heyrðist kallað: svín, í ögrandi tóni. Fulltrúarnir bitu ekki á agnið heldur hentu konunni endilangri í aftursæti bílsins. Hún lá þar eftir í ólögulegri hrúgu. Beygluð og tætt og blóðug upp fyrir haus. Hálfrænulaus sem fyrr, að sjá, en munnurinn gekk hægt í sundur og saman. Ef fulltrúarnir heyrðu muldur K, sem er ólíklegt, sinntu þeir því engu. Ruddust hvor inn um sínar framdyr bílsins. Skelltu hurðunum á eftir sér og óku í snarhasti á brott. Sveimhuga vegfarendur áttu fótum sínum fjör að launa. Hávaxin manneskja af óræðu kyni otaði löngutöng á eftir þeim og gerði frethljóð með munninum, eftir að hafa nærri orðið undir bílnum. K stóð eftir og kötturinn við hlið hennar.

“Heldurðu að þeir hafi verið lögregluþjónar?”

spurði hún döpur í bragði. Kötturinn kvaðst sannfærður um það. Hvort hann hafði einhverjar forsendur til að leggja á það mat skal ég ekki segja. En hann hélt áfram. Sagði það ekki tjóa að velja þessu frekar fyrir sér. Þetta færi eins og það færi eða á einhvern gagnólíkan veg. Hún skildi leiða hugann að einhverju öðru. Helst einhverju sem hún hefði yfirleitt nokkuð um að segja. Sem hún gæti haft einhver áhrif á. En hann þóttist vita að það væri henni hægara sagt en gert. K var bara þannig. Hún hugsaði með sér að ef kötturinn vildi vera samkvæmur sjálfur sér og einbeita sér að því sem hann gæti haft einhver áhrif á hefði hann átt að sleppa því að romsa þessu upp úr sér, vitandi fullvel að það yrði ekki til neins. En kettir eins og fólk eru fullir þversagna og hún þagði um þetta. Kötturinn hafði ekki fleira að segja í bili og þagði líka. Þau litu dálítið í kringum sig, tvístigu, og kötturinn sleikti á sér kviðinn, sem þó var hreinn fyrir. Þau horfðu upp fyrir sig og K kom auga á gíg sem hún hafði ekki séð fyrr, á hægra hveli mánans. Fólk ranglaði hist og her og hristi af sér spenninginn. Eftir skamma stund gengu þau K og kötturinn aftur af stað upp göngugötuna. Ásamt fleira fólki sem var misalvarlegt í bragði. Og á móti öðru sem ekki var síður misalvörubrungið.

Sjötti kafli.

Efri endimörk göngugötunnar sem risti lágreistan miðbæinn í tvo misljóta hluta voru ævinlega nokkuð á reiki. Eins háttaði raunar til um flestar götur þessarar kviklyndu borgar - miðborgarinnar það er að segja, úthverfinu höfðu sinn háttinn á. Þó mátti alltaf ganga að einu vísu nærri miðjunni, því að göngugatan lá upp lága hæð. Á hvirfli þeirrar hæðar sátu ýmist

heljarmikil kirkja, höfuðmusteri borgarinnar og hennar mesta stáss;
bílaplan sem lagt hafði verið yfir tóftir hruninnar stórverslunar þar sem fengist höfðu innlendir skór sem ómögulegt var að ganga til;

eða

gamalt en virðulegt hótél - sagt var að þar hefði verið hóruhús, þótt enginn væri til frásagnar um það..

Það síðastnefnda var þó yfirleitt lítið eitt norðar á hæðinni en bæði planið og kirkjan, og teygði sig fram í slakkann. Hægt var að ganga hring eftir hring um hæðina, tímunum saman og jafnvel dögum, án þess að koma nokkurn tímann að sömu mannvirkjum tvisvar í röð. Eins var hægt að hitta aðeins á sama mannvirkið ótal skipti í röð, en slíkt þótti sæta tíðindum. Ef þessi óvissa var fólki um megn fluttist það í úthverfi. Það höfðu ófáir gert. Í staðinn komu aðrir sem ekkert vildu vita fyrir víst. Eða var sama hvar þeir enduðu. Þennan tiltekna fyrripart þessa tiltekna dags leiddi gatan K og köttinn inn á torgið fyrir framan kirkjuna. Það hentaði þeim prýðilega. Gamli maðurinn bjó á dvalarheimili sem stóð að jafnaði í grennd við kirkjuna en var henni alls ótengt. Oft var heimilið nokkuð norðan kirkjunnar eða austan en nær undantekningarlaust við rætur hæðarinnar. Þar voru einatt jaðrar nokkurra íbúðarhverfa í bland við allbreytilegar verslunargötur og þjónustukjarna. Flest ágætisstaðir, misútmignir en meinlausir að heita má.

Kirkjan reigði sig basaltblá upp af hæðinni. Á torginu fyrir framan hana var slæðingur af fólki. Ferðamenn mynduðu turnspíru byggingarinnar, sjálfa sig og stytta af sjóræningja á torginu miðju. Aðrir sátu á bekkjum sem þar voru í löngum röðum. Töluðu saman með handapati og háreysti. Enn aðrir sátu líka en voru sem dáleiddir af ýmiss konar raftækjum. Loks voru þeir sem sátu einfaldlega aðgerðalausir. Horfðu ýmist fram fyrir sig eða voru með augun lokuð. Litu út fyrir að hvílast. Flestir röngluðu þó bara stefnulaust um eins og fólk á til í framandi borgum. Með hausana sveigða lítið eitt aftur á hnakka, gónandi upp á mæna húsanna og hin hvikulu mörk himins og borgar. Mögulega líka til að sjá inn um glugga á efstu hæðum fjölbýlishúsanna sem sátu um torgið. Þar er alkunna að býr yfirleitt hið undarlegasta fólk. Fyrir utan það kannski, sem hírist í kjöllurunum. Þau síðarnefndu eru raunar áþekkt hinum um margt. En hafa að jafnaði minna fé á milli handanna. Svo að á meðan fólkið uppi undir himinbrún gælir við orkídeur og dekrar smáhunda, vökva kjallarabúar kaktusa í rústrauðum leirpottum og fóðra sjálfstæða ketti. Það eru tómar lygar, en lífseigar, að kattahald hafi með skáldaeðli að gera. Alveg sama hversu gaman fólk hefur af sögunni um Petrakos og uppstoppaða óskapnaðinn hans. Sá gjörningur var plat, gróðabrall fremur en óskhyggja eins og mýtan er. En skáld búa reyndar gjarnan ofan í holum. Auðvitað er það ekki einhlítt, það eru enda fæstar reglur. Því ræður ekki rómans heldur einfaldir útreikningar og innkoma.

Á einum bekknum, innst á torginu, sátu Drápa og hennar föruneysi. Þau reyktu sigarettur og hlógu. Sveifluðu öllum útlimum með enn meiri tilþrifum en ferðamenn með frelsisþrá. Ómurinn af tali þeirra og brussulátum skar sig úr kliðnum þar á torginu, var groddalegri og hvellari og sór sig í ætt við gjammið sem oft verður við sýningaopnanir og í útgáfupartíum. Þau báru sig með lagi sem ætlað er að tjá öllum nærstöddum:

Við erum engir sauðir, þótt við séum hér í túninu.

Og öllum aðvífandi:

Okkur er sama hvað þér finnst, sauður, svo nálgastu á eigin ábyrgð.

Þau voru listamenn og bóhemar og skáld sem litu á sig sem heimspekinga og

broddflugur. Voru sýnidæmi í mildu borgaralegu andófi, sögulegri sjálfsmyndarleit og -smíði og auðvitað alltumlykjandi leiða. K þótti þau bráðskemmtileg. Henni þótti þau lifandi. Sum þeirra. Fyndin, á sinn hátt auðvitað. Einkum þótti henni Drápa sjálf skemmtileg. Með allan sinn fyrirgang og úthugsuðu kenjar. Kettinum rófulausa þótti þau síður skemmtilegt, en illskást þó líkast til Drápa sjálf.

“Komdu,”

sagði K við hann og gekk af stað þvert yfir torgið, í átt til þeirra. Jú, kötturinn fylgdi athugasemdarlaust á eftir. Ívið hæggar þó. Mögulega dálítið efins um fyrirælin. Efins um fyrirætlanina. Um fyrirheitin. Hann smeygði sér lipurlega á milli fóta eldri konu í appelsínurauðri úlpu sem myndaði upprifin inn um eldhúsglugga nærliggjandi húss, útbíað morgunverðarborð og hálffulla uppþvottavél sem sat gapandi fyrir miðjum ramma og lét innrásina óátalda.

Sjöundi kafli.

Drápa þessi, sem glóði eins og þrívíddarprentaður gimsteinn meðal félaga sinna, var eitt og annað. Hún var rappari, og titlaði sig það gjarnan þannig um þetta leyti, þótt fáir hlustuðu reyndar á tónlistina hennar. Hún var líka skáld, prentskáld það er að segja, gaf út bæklinga og bækur eftir stemningu og dyntum, og aðsópsmikill upplesari og þokulúður. Loks var hún gjörningakvendi, myndlistarmaður án flatar og lita eða leirs og málma eins og algengt er. Um hana gengu yndislegar sögusagnir. Flestum bar þeim nokkurn veginn saman um að hún væri í einum eða öðrum skilningi brjáluð. Margar kváðu hana fjölkunnuga. Rammgöldróttu en með sínu lagi þó. Sumar hverfðust um sáttmála við einhvern verðbréfadjöful, raunverulegan skratta en með hálsbindi, eða hitabeltissníkjudýr og indjánaguð. Aðrar um forritun rafeindapyþíu, örbylgjuvéfrétt og fjölónæman ofskynjunarkóða. Allir höfðu kvittirnir nokkuð til síns ágætis þótt fæstir geymdu sannleikskorn, og þá aldrei nema hið allra smæsta. Hún átti í prýðilegu sambandi við foreldra sína sem voru opinberir starfsmenn, menntuð í nágrannalandi þar sem nornin sótti framsækinn leikskóla sem hnáta.

Að Drápu hafði laðast dálítil fylking fólks, sem reyndar var síkvik og breytileg svo úr varð eins konar félagslegt slímdýr. Þetta var hópur líkt þenkjandi einstaklinga og annarra sem óskuðu sér þess að hugsa á líkum nótum og hún eða þau. Sem í laumi vildu læra að hugsa eins og hún eða haga sér eins og hún, þótt ekki væri nema hluta úr viku. Þau voru hávær, ung og full af orku. Eða þögul, aðeins eldri og í meðallagi frísk. Dálítið hinsegin, en líka pínu svona. Þau höfðu áhyggjur af hlutum sem skiptu aðra engu máli, og af hlutum sem skiptu aðra öllu máli. Og þau voru fullkomlega áhyggjulaus yfir ýmsu sem skipti marga aðra miklu máli, á báðum áttum með hin og þessi hjartans mál meðbræðranna - og vitanlega og kannski allra helst því sem skipti engan nokkru andskotans máli. Sum hver sömdu þau og unnu með Drápu tónlist og hljóðverk. Ágenga

ljóðamarsa með orðaleikjum úr kreppappír. Önnur frömdu með henni gjörninga. Þeir voru undantekningarlaust mikil sjónarspil, yfirleitt leikin af fingrum fram í kringum Drápu sem leiddi. Óforskömmuð apalæti og makabre og abrakadabraleg. Enn önnur í hópnum bara drukku, bulluðu, djöfluðust. Gerðu sitt lítið af hverju eða hreint ekki neitt, einhvers staðar í námunda við nornina og slektið. Það er ekkert síður en allt það áður nefnda mikilvægur liður í listsköpun. Alveg háheilagur og brýnn. Ekki svo að segja að listsköpun væri neitt skilyrði fyrir aðild að hópnum. Að hirðinni. Þau voru öll sem eitt mikilvæg í algjöru tilgangsleysi sínu. Hvorki til gagns né verulegs ógagns, nema stöku sinnum og í hæfilegum skömmtum. Drápa trúði ekki frekar en við K á tilgang allra hluta. Hún var þvert á móti hrifin af hinu óreiðukennda, sundurlausa og fljótandi. Það veit ég bara því hún var gjörn á að tala um það. Oft, og í löngu máli. Því hafði K, ólíkt kettinum, gaman af.

“Halló, halló, Drápa!”

kallaði K og baðaði út höndunum.

Drápa stóð brosandi á fætur. Hún klæddist steypugráu frá toppi til táar. Var í eins konar kufli eða serk og samlitum íþróttaskóm. Til skamms tíma hafði hún verið snoðrökuð og afar stolt af kollinum en hárið hafði nú fengið að vaxa um hríð. Það minnti á fiður álftarunga. Grátt með svörtum skellum. Hún hneigði sig þrúðmannlega og með yfirdrifu handapati eins og aðalsmaður sem hefur litlu sem engu að tapa.

“Sæl, stelpa,”

sagði hún þegar hún hafði rétt úr sér á ný. Breiddi svo faðminn út á móti. Víðar ermar serksins teygðu sig frá höndum hennar og niður fyrir mitti. Hún leit út fyrir að vera í þá mund að taka á loft. Fljúga til tunglsins. Í annarri hendinni hélt hún á handvafinni sígarettu, í hinni á safafernu með sogröri.

“Afsakaðu safann,”

sagði skáldið þegar þær föðmuðust,

“yfirleitt drekk ég bara í einrúmi.”

Þá hló K en svaraði engu. Athugasemdin var ekki svaraverð. Þess utan var K nokkuð viss um að hún væri lygi. Fólk eins og Drápa drekkur bæði eitt og með öðrum. Allt eftir

hentugleik. Það gerir flest, kannski allt, eftir hentugleik. K var um margt eins þótt hún myndi það ekki á þessari stundu. Drápa beygði sig niður og hugðist klappa kettinum. Það kærði hann sig ekki um. Hann reigði sig undan höndinni og smeygði sér á brott. Fékk sér svo sæti skammt frá og fylgdist með þeim. Hann var einn þeirra katta sem alltaf sýnast alvarlegir í bragði. Sem fæðast dómharðir og eru það ævina á enda. Aðrir virðast brosa, eða líkjast kettlingum fram í rauðan dauðann. Það hefur með augnsvipinn að gera. Segir ekkert til um gáfnafar eða geðslag tiltekens kattar. Drápa horfði í augu kattarins og kvaðst vera hrifin af fýlupúkum. Kyssti með smelli úr í loftið. Skellti saman tönnunum og setti hönd við enni eins og sjóliði á leið í leyfi. Kötturinn bifaðist ekki en leit letilega til hliðar á smáfugl sem ullaði. Drápa reisti sig við, tyllti höndinni með sígarettuna á aðra öxl K en bentu með safafernunni til himins.

“Og hvað finnst þér nú, elsku K, um undur næturinnar? Um ósköpin í rjáfrinu?”

K þurfti stuttan umhugsunarfrest. Svaraði nær samstundis:

“Mér finnst þau dálítið yndisleg. Skríttin en dásamleg. Er þessi blái ljómi ekki fallegur? Léttir einhvern veginn grámann og þessa mosagrænu slikju sem er meira og minna alltaf yfir öllu.”

Drápa lokaði öðru auganu og hallaði undir flatt. Sagði ekkert, ekki berum orðum. Að líkindum vantaði í hana þann fagurfræðilega streng sem bláminn snerti í K. Nema hennar hafi verið öðruvísi stilltur. Svo er líka mögulegt að hún hafi greint liti með öðrum hætti en K. Blessunarlega getum við ekki skynjað liti með augum hvert annars. Við getum ekki skynjað neitt í sameiningu. Aðeins hvert og eitt fyrir sig. Sumir reyna að deila skynjun sinni með öðrum en það eru samkvæmisleikir. Jákvæðni og eindreginn vilji duga ekki til alls. Sem betur fer. Ímynda sér bara álagið á taugakerfið og sálina. Heimurinn er í grundvallaratriðum eins og hann er, sama hvað okkur finnst eða við þráum. Sumar vonir eru andvana fæddar. Drög að uppgjöf. Drápa glotti engu að síður.

“Nú ætla ég að brenna húsið,”

bætti K við. Hún brosti þegar hún sagði það. Og hún brosti í kjölfarið, gagnaugna í milli. Drápa gerði sér þá upp undrun með ýktu látbragði. Hallaði sér aftur, og rak hökuna ofan í brjóst. Sagði samt ekkert. Gerði þögult O með munninum. Hún tók höndina af öxl K og

saug sígarettuna. Glóðin æpti af frygð. Nornin pústaði eins og eimreið og strax í kjölfarið saug hún síðan úr safafarnunni. Það brakaði eyndarlega í fernunni þegar Drápa saug dreggjarnar úr henni af krafti, beit í rörið og dró það upp úr fernunni og hélt því eftir í kjaftinum. Krumpaði fernuna svo saman, kramdi hana í furðusmáan klump eða klessu og stakk henni í vasa. Guðleysingar ættu ekki að reykja í kirkjum. Og ef þeir gera það samt ættu þeir ekki að slá ösku á gólfið. Friður sé með yður og mér, með okkur.

“Það hefur staðið til heillengi,”

útskýrði K,

“en einhverra hluta vegna hef ég frestað því. Fundið ástæður til að lofa húsinu að standa. Það er nú ekki svo mikið, er það? Að leyfa því að standa? Það er það allra minnsta sem hús fær að gera. En mér finnst eins og að nú muni húsin við hliðina ekki brenna. Sem eldurinn minn býti ekki á þau. Það er að segja, að nú sé rétti tíminn.”

Drápa kinkaði kolli. En bara rétt svo. Hægt. Ofurhægt. Aha. Hún tók sogrörið út úr sér og rétti K sem tók orðlaust við því.

“Mér finnst þetta spennandi,”

sagði nornin og dró seiminn. Hún klóraði sér á annarri öxlinni og dró djúpt andann.

Og einhvern veginn fallett, býst ég við. Megi hús brenna, og allt sem í þeim er.

En ég skil samt ekki alveg,”

bætti hún loks við, heiðskýr í framan.

“Ég veit,”

svaraði K.

“Eða ég skil það öllu heldur. En ég þarf að gera þetta.”

Hún yppti öxlum. Setti upp óræðan svip.

“Ókei,”

sagði nornin. Henti síðan sígarettunni á jörðina, eða skaut henni með því að gera tvo fingur annarrar handar að eins konar valslöngvu. Sleppa. Stubburinn skoppaði einu sinni á hellunum og lenti síðan upp á rönd. Agnarsmár viti fjarri nokkurri strönd. Drápa

skeytti engu um það, skáldið sjálf og örlagatryllirinn, heldur steig miskunnarlaust ofan á hann og slökkti glóðina. Guðleysinginn í kirkjunni.

“Ég skil. Sjálfri finnst mér þörf eitthvað svo leiðinleg. Svo banal. Stundum fæ ég mér sígarettu þegar mig langar alls ekkert í smók. Bara oj. Þræla henni í mig.

Hósta og hræki og fyrirlít mig og annað.”

Hún setti upp skeifu og stakk úr úr sér tungunni. Broddurinn nam næstum við hökuna.

“Og stundum neita ég mér um smók þótt ég svitni köldu og óski nýburum dauða.

En ég skil svo sem að þú viljir hjallinn niður. Komdu og sestu hjá okkur.”

Það blánaði enn.

Áttundi kafli.

Drápa leiddi K hátíðlega að bekknum og benti einum félaganum sínum, ungum manni í handmáluðum hermannaklossum og undirkjól, á að færa sig. Hann gerði það með fýlusvip. Svo allrar sanngirni sé gætt þá var hann fýldur áður en því vat beint til hans að hnika sér ofurlítið til. Sumt fólk byrjar hvern morgun á því að gretta sig. Jafnvel áður en það pissar og hitar sér kaffi. Byrjar á því að setja upp fýlusvip sem það ber svo allan daginn með stökustu prýði - jafnvel á meðan það pissar. Eins og heiðursmerki. Gunnfána eða rómverskan stríðsörn. Öðrum leiðist aftur á móti án þess þó að þeir finni sig knúna til að tjá það með svo afgerandi hætti. Svipaða ofnotkun bross og hláturs má finna á hinum jaðri rófsins. Hún er síst skárri, vilja sumir meina. Maðurinn var fúll eftir sem áður, staðfastur og skilvís.

“Ókei, segðu mér nú,”

sagði Drápa,

“Þú heldur sem sagt að bólgnun tunglsins og bláminn hafi einhverja merkingu?” Hún gerðist alvarlega, óvíst hvort í gamni eða alvöru, og horfði í augun á K sem svaraði ekki strax.

“Þú ert þó ekki að velta fyrir þér ziggúrötum og indjánamýtum? Þú veist að niður af beljunni í frumskóginum gengur svo til sama dellan og þeirri uppi í Borgarfirði. Þetta er allt þvættingur.”

K kaus að svara aðeins fyrri spurningunni:

“Ég trúir því ekkert að þetta hafi merkingu í sjálfu sér, nei. Trúi því ekki að einhver ytri kraftur sé að reyna að eiga við mig samskipti. Hvorki pardusguð né aðrir.”

Hún dró augabrúnirnar langleiðina upp undir hvirfil.

“Bara að nú sé tilvalið fyrir mig að brenna húsið. Að þetta megi hvetja mig til að gera það loks. Fólk setur áramótaheit, af því að þá eru tímamót og það finnur þar eitthvað að miða við. Upphaf einhvers eða endi. Nú er upp runnin tíð hins bláa mána.”

Drápa kinkaði í fyrstu kolli. Ekki til samþykkis heldur eins og hún væri að meðtaka það sem K hafði sagt, færa tölur inn í kladda. Fljótt hægðist þó á kinkinu, höfuðið dansaði og það sem var hægt ris upp og síðan dýfur tók að breytast í snaggaralegar hreyfingar höfuðsins til hliðanna. Þær jukust uns hún var tekin að hrista höfuðið allkröftuglega.

“Nei, nei, nei, K,”

rumdi í henni,

“áramótaheit eru aumkunarverð. Mögulega það allra smáborgaralegasta sem fólk tekur upp á. Og þú veist eins vel og ég hversu ömurlegt fólk getur verið. Þú getur ekki líkt þessu við þau. Ég samþykki það ekki. Þú ert ekki steisjonbíll, þú ert kona.”

Hún lagði aðra höndina á hné K, sem brosti.

“Elsku Drápa, kannski ekki. En ég er nú samt bara efins og aumur vínbeljubúsi. Ætti ég frekar að finna réttlætingu í einhverjum kreddum? Hjá kirkjunni kannski?”

Nú brosti Drápa eins og eiturnaðra.

“Þú veist vel að það vil ég ekki. Engar skítakreddur. Nema kannski einmitt þá: Engar skítakreddur. Hún sleppur. Hallelúja. En ekki búddisma, íslam, hindúisma, ööö, þetta óskaplega vikka, santería eða ásatrú. Eða neitt frekar kommúnisma, intelligensíu eða póstmóðernisma, gúmmítilbeiðslu eða kattadýrkun eða guðspeki eða krossfitt eða innanhússhönnun. Þetta er allt saman ógeð. Einhvers konar veila og hallæri.”

Hún gerði sér upp líkamlega örmögnun með ýktu látbragði.

“Þú þarft einmitt ekkert að réttlæta. Gerir það sem þér sýnist. Af því að þér sýnist. Þegar þér sýnist. Réttlætingar eru lygar. Mikið vildi ég að þú hefðir brennt húsið í gær, undir litlum, gráum mána. Brennt það af því bara.”

K lagði báðar hendur sínar yfir hendi Drápu á hnéinu.

“Þetta skiptir engu máli. Þarf ekki að skipta neinu máli. Ekki frekar en það skiptir máli að lenda á rauðu ljósi þegar manni finnst allt vinna gegn sér eða missa tönn við að naga af sér höndina. Höfum það bara þannig. Af því bara. Núna langar mig einfaldlega til að brenna húsið. Til að sjá hvernig hús í ljósum logum lítur út undir bláu tungli. Hvað segirðu um það?”

Hún var ekki fullkomlega hreinskilin. En slíkt er alvanalegt í samskiptum fólks. Óþarft að fást um. Dálitlar lygar geta ekki síður verið til marks um þroska en brenglun. Allt á sína stund og sinn stað. Aldrei, alltaf, hvergi og hvarvetna.

“Ókei. Já. Það er fínt,”

svaraði Drápa, hljómaði sátt við það tilbrigði við sannleikann. Hvort hún trúði er önnur saga. Hún sperrtist í öllu falli við á ný og slengdi handlegg utan um herðar K og hnakka.

“Segðu mér nú eitthvað skemmtilegt,”

sagði hún svo og hallaði sér aftur á bekknum,

“eitthvað um aumingja og uppvakninga. Gerpi, drauga og vesalinga. Eða allra, allra helst um algjöra fávita og svín.”

K klappaði skáldinu á lærið.

“Ég veit ekki með fávita og svín. Og ekki var það neitt æðislega skemmtilegt. En við kötturinn sáum dálítið sorglegt áðan,”

sagði K.

“Þeir voru að drösla einhverju vesalings skari inn í löggubíl. Það var áreiðanlega löggubíll. Hjá kránni. Þessari sorglegu, hvað hún heitir, þarna niður frá.”

Drápa leit á K.

“Bleika fílnum?”

spurði hún. K þekkti þá knæpu ekki og hristi hausinn.

“Gimli?”

K kinkaði kolli,

“já, einmitt. Fyrir utan Gimli.”

Drápa hrækti á stéttina fyrir framan sig.

“Nú, þá ertu aldeilis að tala um svín. Svínin - ég geri ráð fyrir að þetta hafi verið þau - eru alltaf að lúskra á aumingjunum.”

Með aumingjunum átti hún við hið svo kallaða ógæfufólk. Þá sem hnjóta um þröskulda um miðja daga og híma drekkandi og hrækjandi á bekkjum við torg og sýta hluti eða gremjast þeir. Þá sem öllu próper fólki þykir ferlegir, þótt það kallaði þá ekki aumingja nema helst fyrir luktum dyrum.

“Hún var eins og þriggja daga gúllaskássa í framan og blóðið streymdi niður á götuna. Þeir báru hana á milli sín. Eða drógu væri eiginlega nær lagi. Eins og hún væri þegar dauð og það verðskuldað. Eins og fullan ruslapoka eða rollu sem hefur orðið fyrir bíl. Hentu henni í aftursætið,”

sagði K.

“Þó ekki í skottið,”

benti Drápa réttilega á.

“Nei,”

ansaði K,

“við vorum of mörg að fylgjast með til þess. Það var hellingur af fólki þarna, krakkar og alla vega. Hver veit hvernig þeir fara með fólk um nætur.”

Drápa hnyppti í stúlku sem sat við hliðina á henni. Sú sat með fætturna í hnút að hætti gúrúa og kembdi annarri stúlku sem var með dökka skeggrót og þykkt, rautt hár.

“Ert þú með tóbakið?”

Stúlkan með kambinn jánkaði og hætti að kemba hárið. Það var afar fallegt. Hin leit um öxl og spurði:

“Hvað?”

Hún sá hví hléið var tilkomið og beið ekki svars heldur fitlaði við síma.

“Það eru engar óeirðir,”

sagði hún og hljómaði hissa. Ef til vill vonsvikin.

“Hvergi. Enginn hasar.”

Stúlkan með kambinn hristi höfuðið á meðan hún rótaði í hyldjúpum jakkavasa með ranghölum og gígum. Hún fann litríkan tóbakspung og rétti Drápu sem þakkaði fyrir sig og tók til við að vefja sígarettu upp úr pungnum.

“Á nóttunni, elsku K, draga þeir það um á hárinu, hrækja, míga og skíta á það. Ríða því í kverkarnar og og og rassgatið. Nota blóð úr ræflunum sjálfum sem sleipiefni og skellihlæja að öllu saman,”

sagði Drápa, sleikt sígarettuna og vatt aftur, stakk henni á milli vara sér og brosti. Hún kveikti í sígarettunni. Saug hana. Lygndi aftur augunum. Taldi upp á þremur í huganum.

“Þetta eru allt saman aumingjar. Bæði svo kölluðu aumingjarnir og svo svínin. Njóti þau hvert annars.”

K horfði á köttinn sem sat á lengdar og virti rauðhærðu stúlkuna fyrir sér. Hún sagði ekkert. Hún var ekki sannfærð um að næturnar væru alveg svo hábölvaðar og foj.

Níundi kafli.

“Eltir þessi köttur þig hvert sem þú ferð?”

Röddin var djúp en viðkvæm. Fjarri flöt og á sinn hátt falleg. Fyrir framan K stóð piltur, eða ungur maður. Hann klæddist dökkbláum jakkafötum, gömlum og þvældum en á sinn hátt virðulegum, og var með bindi. Það var vínrautt og ofið appelsínugulum silkiþræði. Fallegt en of sítt og lafði niður fyrir belti. Á fingrunum hafði hann lengri neglur en þykir smart og þær voru óvanalega gulbrúnar. En hann bar engar sorgarrendur, undir gulum klónum var enginn skítur, enginn sori eða sorti. Þegar K svaraði manningnum engu ræskti Drápa sig, spýtti horslummu aftan úr koki undir bekkinn og sagði með handapati:

“K: Einar, Einar: K. Einar er ofboðslega góður söngvari. Hann er bassi langleiðina neðan úr Tartarusi. K er vinkona mín, Einar. Hún ætlar að brenna húsið sitt. Hún býr með kettinum.”

Hún benti með öllum fingrum annarrar handar í átt að kettinum. Einar, söngvari frá Tartarus, leit á köttinn sem nú var lagstur flatur á stéttina. Svo leit hann á Drápu.

“Eru þau par?”

spurði hann.

“Láttu ekki eins og fáviti. Þau eru sálufélagar,”

svaraði Drápa, hnussaði og virtist ekki skemmt. Þó ekki vegna þess að henni þætti andstyggilegt að köttur og kona gætu ruglað saman reytum, elskast.

“Fávitar mynda pör,”

hélt hún áfram,

“K er ekki fáviti. Og kötturinn áreiðanlega ekki heldur. Hann er ekki með rófu.” Söngvarinn virti köttinn betur fyrir sér. Gekk í átt að honum svo kettinum þótti nóg um, stóð leiftursnöggt á fætur og horfði illilega á söngvarann. Eins og honum þætti mál að hann færi í bað eða að hann þættist vita af einhverjum skammarstrikum sem hann hefði

drýgt. Að líkindum var hvorugt þó raunin. Munum að þessi köttur kom brúnaþungur úr læðunni.

“Hann kærir sig ekki um svona,”

sagði K nú í hreinskilni, eins og umboðsmaður eða talsmaður kattarins sem gerði enda engar athugasemdir við fullyrðinguna. Einar snéri sér að henni.

“Eru kettir með rófur fávitar?”

spurði hann og djúp röddin var blæbrigðarík, eins og lesin af barni inn á líflega teiknimynd en síðan hefði upptakan verið leikin of hægt af bandi.

“Jesús minn,”

dæsti Drápa og hreyfði aðra hendina á tiltekinn máta fyrir framan andlitið á sér, signdi sig ekki en eitthvað í áttina. Hún dró sig mæðulega á fætur og hreif söngvarann til sín, ekki síður þunglamalega. Hún vafði örmunum síðan um hálsinn á honum eins og tveimur kyrkislöngum og svo kyssti hún hann innilega og hann tók samviskusamlega á móti. Á meðan gróf hún neglurnar í hnakkann á honum. Hann rykkist til við það og iðaði eins og trjásvín en komst hvergi. Var fastur í klóm hennar. Maður í skærlitum útivistarjakka sem hafði álpast of nærri þeim rak upp stór augu undan fáránlegum veiðihatti. Hann vissi engan veginn hvernig bregðast skyldi við þessari innilegu og skammarlausu ástúð þar í vegi hans. Snérist á hæl og gekk til baka sömu leið og hann kom. Eitthvert út úr mynd. Klukkur kirkjunnar slógu heila stund. Það glumdi ógurlega á torginu. Dúfurnar sem höfðu virt bláan mánann fyrir sér úr klukkuturninum þyrfluðust í öngþveiti upp til himins. Sumar runnu saman við bláman og hurfu en aðrar dekkri hurfu bara að nokkru leyti. Þær hvítskellóttu sýndu þó glögglega hvar gerið fór áður en það loks splundraðist yfir nærliggjandi húspök í nokkurs konar hápunkti, einmitt í þá mund sem klukkurnar slógu sitt síðasta slag.

Þegar blíðuhótunum linnti settust Drápa og Einar söngvari aftur á bekkinn, hvort sínu megin við K. Einar strauk hnakkann þar sem Drápa hafði krækt í hann klónum en sagði ekkert. Vísast öllum hnútum kunnugur í frumskóginum. Hann sótti sígarettupakka í jakkavasa. Tók eina úr og virti hana fyrir sér. Kveikti í og reykti. Dró því næst rommpela úr jakkanum innanverðum og saup á. Hann bauð Drápu sem þáði

flöskuna með þökkum og tók gúlsopa úr henni. Sleikti út um og þurrkaði sér um munninn með erminni og bauð K síðan pelann að söngvaranum forspurðum. Framan á pelanum var mynd af pálmatrjám og túrkíslitum sjó. Ekkert haf er nándar nærri svo lygilega skærblátt í veruleikanum, eða grynningar svo lausar við skúm og tægjur. K hikaði en þáði samt að lokum og tók við pelanum. Hún saup varlega á. Rommið var ylvolt og sætt og áreiðanlega meinholtt.

“Mikið vildi ég að þetta þýddi heimsendi,”

sagði Drápa. Hún hallaði sér fram, hvíldi olnbogana á hnjónum og horfði til himins. K leit á hana.

“Ekki af því að við eigum það skilið,”

hélt hún áfram,

“eða að við séum svo mikil pest eða misheppnuð tilraun. Bara af því að ég held að það yrði fokking sturlað. Hvað væri merkilegra en að lifa heimsendi-”

“Og deyja,”

skaut K inn í.

“Já, auðvitað. Og fokking drepast. Eða bara það. Ekki að nokkur yrði eftir til að minnast viðburðarins. Þú veist. En samt. Ég held að tilfinningin sé svakaleg. “Nú dey ég. Og allir aðrir líka. Mannkyninu er lokið.” Þú veist. Þegar fólk segir “Nú er mér öllum lokið.” Nei, gamli ógeðs lorturinn þinn, nú er okkur öllum lokið. Öllum. Börnunum þínum, barnabörnunum, hvolpunum þeirra og sænsku konungsfjölskyldunni. Búmm. Búið. Takk fyrir og góða nótt.”

“Hvað svo?”

spurði Einar nú. Drápa skellti upp úr og hló svo hún gekk upp og niður á bekknum eins og bulla. Þegar hún náði tökum á sjálfri sér svaraði hún:

“Ekki neitt. Ekki sjött. Ljósinn slökkt. Allir í háttinn. Búið spil. Ekki trúir þú á framhaldslíf, elsku strákur?”

Hann svaraði engu.

“En er það svo frábært,”

spurði K,

“að vera ekki meir?”

“Það er alla vega ekki ferlegt. Þú hefur ekki hugmynd. Ert ekki til. Getur hvorki óttast né þjáðst. Kommon. Þetta er einfalt mál. Við hættum að vera til. Finnum ekki því við erum ekki. Við erum bara vansæl því við einmitt erum. Ef við erum ekki, tja...”

Kötturinn stökk upp í fangið á K. Hann átti það til að vera glúrin með tímasetningar. Hún strauk honum um hrygginn. Þá lagðist hann í kjöltu hennar. Hann gerði það ekki oft. Var enda ekki gæludýr. En stundum, þegar honum sýndist þannig standa á, var hann með sínu lagi blíður. Átti það þá jafnvel til að mala. Það þótti honum þó alla jafna fremur niðurlægjandi hegðun. Ekki sæmandi ketti eins og honum sjálfum.

“Langar ykkur að koma í messu í kvöld?”

spurði Drápa K og köttinn eftir skamma þögn. Hún reyndi að krefsa í kollinn á kettinum en hann beygði höfuðið undan. Kvaðst ekki spenntur fyrir messu. K sagði dálítið hikandi að mögulega kæmi hún. Hún yrði að fá að sjá til. Að hún þyrfti að sjá hvernig dagurinn þróaðist. Hún gæti ekki sagt af eða á. Út af húsinu og því öllu. Það var ekki rangt, þótt tæpast væri það heldur rétt.

“Ekkert mál,”

sagði Drápa.

“Þú sérð bara til. Eða þið. Ég set köttinn plús einn á lista í dyrunum. Þetta ætti að verða dálítið falleg seremónía. Við þurfum að koma ýmsu frá okkur. Meðtaka annað.”

Hún brosti til K.

“Heldurðu í alvöru að ekkert skipti máli?”

spurði K.

“Já,”

svaraði Drápa.

“Ekkert skiptir máli í sjálfu sér. Þetta er allt saman þykjustuleikur.”

Hún lét þar við sitja. K spurði ekki frekar. Skömmu síðar kvöddu K og kötturinn Drápu og stóðið og héldu ferð sinni áfram. Fram hjá kirkjunni, til gamla mannsins. Öllu heldur

kvaddi K. Kötturinn fylgdi henni orðlaust eftir. Að henni læddist sá grunur að hann væri því dauðfeginn að yfirgefa slímdýrið. Og sjálf var hún reyndar á báðum áttum. Þegar tunglið verður stórt og blátt er ekki sjálfgefið að njóta fullkominnar tómhyggju. Jafnvel þótt maður sé opinn fyrir nýjum hugmyndum. Laus við fordóma. Stundum lærir maður eitthvað sem er manni þvert um geð. Stundum rifjast það líka upp fyrir manni sem maður vissi fyrir en vildi helst ekki hafa glóru um. Hún var ekki viss um það hvers vegna henni var ekkert um tómhyggjuna og tilgangsleysið gefið. Hugmyndir ættu ekki að valda vanlíðan bara sem slíkar. Bara í sjálfum sér. Þá væri andskotinn eins raunverulegur og Kobbi kviðrista var eða hæstiréttur er.

Mögulega var hún á sömu eða líkri skoðun og nornin. En hún vildi síður leiða að því hugann. Því það er fullt eins til að manni sé illa við eigin hugmyndir, eigin skoðanir og trú, og annarra. Ef maður er heiðarlegur, það er að segja. Heiðarlegur við sjálfan sig. Tilteknar hugmyndir ríma við tiltekna hugi. Jafnvel svo að maður telji þær óyggjandi. Sama hve manni er það þvert um geð og finnst bölvað.

Tíundi kafli.

Við gamla barnaskólann með mósaíksólinni sem leit út fyrir að vilja manni illt, skammt austan kirkjunnar eins og nú var ástatt, spurði K köttinn eftir dálitla þögn:

“Heldur þú að þetta þýði eitthvað? Segðu mér alveg satt.”

Kötturinn neitaði. Honum þótti ekki mikið til Drápu og hirðar hennar koma, það var satt. En hann var ekki lygin. Varð því að játa að hann væri ekki fullkomlega ósammála henni um veröldina. Um hina svo kölluðu mekanisma og eðli og gerð. Það að tákngera öll möguleg fyrirbrigði væri arfleifð liðinna tíma. Afsprengi þeirra daga formyrkvunar. Rotinna hugmynda um veröldina og bábilja um sess mannsins í henni. Um æðri eða að minnsta kosti ytri vilja, ásetning og tilgang. Kapólska og kredduþrugl. En, bætti hann við, að sjálfsögðu þýddi breytingin - stækkun mánans og blánun hans - heilmargt í framhaldinu.

Ekkert yrði samt. Samband allra vitiborinna skepna við náttúruna og umhverfi þeirra hlyti að breytast. Hið ómögulega hafði gerst. Um það yrði ekki deilt. Það var ekki kraftaverk, sagði hann. Einfaldlega eitthvað sem var ofar skilningi jafnvel þeirra sem best þekktu til. Heilmikil endurskoðun yrði að fara fram. Róttæk og víðfeðm. En þegar upp væri staðið kæmi það að líkindum bara til með að þýða aukna þekkingu. Alveg nýja þekkingu. Hvort þekking væri nauðsynlega af hinu góða skildi hann ekkert fullyrða um. Í versta falli markaði þessi makalaus breyting upphafið að endalokum lífs á jörðinni. Það væri ómögulegt að segja til um á þessum tímapunkti. Enn sáust þess þó engin merki. Honum þætti það ólíklegt og óþarfa taugaveiklun að gera ráð fyrir, en allt virtist mögulegt. Þetta færi bara eins og það færi. Það tjóði ekki að æðrast yfir því. Hann benti henni á að sem stæði hefði breytingin ekki haft önnur áhrif á einmitt þau tvö, hann sjálfan og hana, en að fegra borgina þeirra dálítið. Eða hann gæti ekki betur séð. Það væri þó gott. K kinkaði kolli.

“Já,”

sagði hún,

“Það er reyndar alveg satt. En kannski var ég frekar að vonast til þess að þetta þýddi eitthvað. Eitthvað magnað. Ólýsanlegt og sem umturnar. Þú veist.”

Kötturinn skildi. Hann sagði henni að gleyma því ekki heldur að breytingin hefði orðið til þess að hún ákvað að brenna húsið. Og hverjar sem ástæður hennar væru fyrir þeirri ákvörðun, hann hafði ekki spurt, myndi hann virða hana og reyna sitt ítrasta til að skilja. Væri K viss í sinni sök tæki hann sem vinur undir ákvörðunina og teldi hana rétta. Og þótt hann væri nú bara lítill, rytjulegur og rófulaus köttur með hor og gigt hefði hann sínar eigin hugmyndir um veröldina og allt hvað er. Húsið mætti brenna. Fyrr en síðar.

Að lokum kvaðst hann svo vera orðinn svangur. Alveg glórhungraður. Að hann hefði átt að þiggja flögurnar í búðinni. En það var til lítils að sýta það úr þessu. Hann sagðist ætla að fara og finna sér eitthvað að éta. Í það minnsta dálítið millimál. Hann myndi hitta hana hjá þeim gamla. Hún spurði hann, vitandi fullvel hvert svarið yrði, hvort hann langaði í sælgæti. Hann benti henni á að súkkulaði væri eitur fyrir honum. Þar að auki þætti honum möndlur vondar. Hún bað hann að gæta sín á bílum. Síðan kvöddust þau og kötturinn stökk yfir götuna. Án þess að líta fyrst til hliðanna. Hann hvarf inn í limgerði. Sisvona.

Ellefti kafli.

Þegar kötturinn var horfinn sjónum K gekk hún áfram niður götuna með marsipanbrauðin í töskunni. Hún staldraði við á íhaldssömu götuhorni. Þar hafði einhver skrifað á rafmagnskassa:

hatur dauði frelsi,

með rauðu. Yfir það hafði verið dregið X, með svörtu, og skrifað undir:

Augu þín eru dúfuaugu.

K dró tússpenna, sem hún hafði hirt upp af gólfinu í húsinu sínu um morguninn, upp úr bakpokanum sínum og bætti við:

hvernig veistu?

Hún skimaði í kringum sig með sínum konuaugum. Enginn var á ferli. Ekki einmitt þar og þá. Ef til vill fylgdist einhver með henni út um glugga. Henni var sama um það. Sjái þeir sem sjá vilja. Hún þóttist sjá glitta í þak öldrunarheimilisins á bakvið hrörlegt en snoturt fjölbýlishús við róluvöll. Heimilið var á sínum stað. Einum þeirra öllu heldur. Það var léttir. Þetta var ljót bygging frá því að máluð steinsteypa þótti hugguleg og hafði bjánalega bratt þak sem var allt útgrafið í kýraugum og gluggum. K stakk tússpennanum sínum aftur ofan í töskuna og tók stefnuna á heimilið. Það myndi tæpast renna henni úr greipum úr því sem komið var en hún gekk engu að síður allrösklega.

Á planinu fyrir framan aðalinnganginn voru tveir ljótir bílar. Armæðulegur grár sendibíll og skínandi bónaður pallbíll. Báðir voru mannlausir, báðir voru í gangi. K gekk inn um sjálfvirka rennihurð með lélegt viðbragð, inn í anddyri. Það var tómt fyrir utan nokkrar gerviplöntur á stangli og tvær rosknar konur á hvítum garðstólum, vísast heimilisfólk. K kannaðist ekki við þær þótt hún kæmi þangað reglulega. Þetta var stórt heimili og margir íbúar. Önnur kvennanna studdi báðum höndum við staf fyrir framan sig. Hún var í síðum kjól og sandölum, með grænlakkaðar tær. Hin var í gallabuxum og gallajakka, og ríghélt sér í armbríkur stólsins. Sú með stafinn hafði orð fyrir þeim báðum

Þegar hún heilsaði K og bauð hana velkomna til helvítis. Þá hló sú sem hélt í stólinn en sagði ekkert.

“Hvað svona ung kona að gera á þessa endastöð?”

spurði sú með stafinn. Það örlaði ekki á kímni. Hún var með rauðbrúna, fremur illa gerða hárkollu. Kannski hafði hún einhvern tímann verið fin. Hún hafði verið klippt til.

“Ég er að heimsækja mann,”

svaraði K.

Báðar konurnar kinkuðu kolli. Ekkert við það að athuga. Sú sem hélt í stólinn hvíslaði einhverju að hinni.

“Nei,”

ansaði hin stundarhátt með nokkru þjósti,

“ég spyr hana ekkert að því, brjálæðingurinn þinn.”

Hélt svo áfram:

“Hún vildi að ég spyrdi hvort þig langaði að sjá hamsturinn.”

“Hamsturinn?”

spurði K.

“Jamm,”

sagði talskonan,

“einhverjum sérfræðingi úti í bæ datt það snjallræði í hug að færa okkur gamlingjunum hamstur. Til að gera biðina örlítið bærilegri. Og viti menn. Þau urðu nokkur alveg sjúk í vesalings rýjuna. Vinkona mín þeirra á meðal.”

Hún tyllti kollinum í átt að sessunautnum.

“Aumingjans dýrið er fullkomlega brjálað. Skiljanlega. Hímandi í þessu ömurlega búi nema þegar þau vilja kreista það.”

Hún leit upp í loft og gapti stundarkorn. Horfði í ljósið.

“Hvert var ég aftur að fara með þessu? Já, og- og það hleypur bara hring eftir hring í plasthjóli. Sem ber það vitanlega ekki neitt. Örmagnast svo. Skríður út úr hjólinu og étur þar til það er að springa. Skítur svo og æti eflaust líka ef það væri ekki svo til fullt enn. Ógeðslegt allt saman ef þú spyrd mig. Dálítið eins og við sum

sem búum hér, utan að við getum lítið hlaupið og ekki skitið nema endrum og eins.”

K varð dálítið vandræðaleg. Tafsaði einhverja markleysu. Brosti mögulega. Á meðan hvíslaði sú sem ríghélt sér í stólinn einhverju fleiru að þeirri bölsýnu með stafinn.

“En nú ætla ég að halda áfram,”

sagði K í þeirri von að sleppa inn úr anddyrinu.

“Hún segir að hamsturinn tali við sig á nóttunni og að hann viti-“

Sú með stafinn hætti að því er virtist í miðjum klíðum. Hreytti einhverju í sessunautinn, annað hvort á tungumáli sem K skildi ekki eða svo fráleitu að það hljómaði eins og hrognamál. K var þá komin á langan gang sem lá inn af anddyrinu. Sú í gallajakkanum virtist svara einhverju. Líka á hrognamáli. K heyrði ekki hvað það var sem þeim fór í milli. Henni var nokk sama. Þótt henni byði ekki við nagdýrum, ekki vitund, var henni ekki heldur neitt sérstaklega um þau gefið. Ekki frekar en kettinum sem var ekki frumlegri en svo þegar allt komum til alls að honum þótti nagdýr yfirleitt ósköp hallærisleg. Og honum þótti samband fólks og nagdýra niðurlægjandi fyrir báða aðila. Byggt á óheilbrigðum tilfinningum. Valdamisvægi og skilningsleysi. Hann hafði útskýrt afstöðu sína fyrir K. Hún virti hana. Bæði þóttust þau vita að nagdýr myndu erfa jörðina, þótt mögulega yrðu það ekki hamstrar, nema þá að litlu leyti, heldur rottur úr kjöllum borganna.

Tólfti kafli.

Gangurinn opnaðis inn í setustofu. Opið og bjart rými með stórum gluggum og mublum á stangli. Heilt á litið heldur vistlegra en anddyrið hrollkalda. Þar var líka hurð sem opnaðist út í lítinn garð. Á henni var dálítil rifa enda dagurinn hlýr. Í garðinum voru langir timburkassar með jarðaberjaplöntum og rifsberjarunnum. Og í stofunni voru ólíkt anddyrinu lifandi plöntur í pottum. Einn fíkusinn var greinilega dauður. Í stofunni voru líka nokkrar manneskjur, ævaforar. Sátu þar eða lágu á hægindastólum með sambyggðum fótsekmlum. Þau sýndust hrumari en stöllumar í anddyrinu. Sum þeirra höfðu teppi yfir fótleggjunum. Það þarf þegar blóðflæðið teppist og alkul tómsins nálgast, æð fyrir æð. Þínulítil karl starði að því er virtist óradjúpt aftur í fortíðina. Hann hafði undanrennugrá augu. Áreiðanlega ónýt.

Nokkrir öldunganna buðu góðan dag þegar K gekk þar um. Hún gerði eins á móti. Ekkert þeirra gerði sig hins vegar líklegt til að ræða frekar við hana. Kannski kærðu þau sig ekki um það. Kannski megnuðu þau það ekki. Hvernig sem á því stóð var K því fegin. Hún brosti til þeirra og hélt áfram göngunni. Inn annan gang sem lá út frá stofunni. Hún bankaði á þriðju hurð til vinstri. Beið ekki svars en opnaði dyrnar og gekk inn.

“Sæll,”

sagði hún úr gættinni. Hún vinkaði. Undir glugganum innst í herberginu sat aldraður maður á þrútnum hægindastól. Hann svaraði kveðjunni með því að blikka augunum hægt. Tvisvar. Bærði annars ekki á sér. Sagði ekkert. Ekki feyskinn heldur tjóðraður ósýnilegum taumum. Hann var klæddur í dökkbláan íþróttagalla með hvítum og gráum röndum niður eftir hliðunum. Hafði hvítt blóm nælt í brjóstið. Rós eða viðlíka. Ef til vill var það nellíka. Hverrar tegundar sem blómið var þá var það ósköp laglegt og fór honum vel. Blóm þurfa fæst at og hasar eða stöðugt mas. Hann gaf frá sér lágt hljóð eins og hann vildi segja eitthvað. Örlitla stunu. Ofurlágan brest. Lyfti hægri höndinni rétt upp af armbrík stólsins. Höndin skalf. Haldið niðri. Þrátt fyrir að hann sæti í hægindastól var

eins og líkaminn væri spenntur til hins ítrasta. Flókainniskórnir sem hann hafði á fótunum snertu ekki gólfið. Hann var í ullarsokkum sem dregnir höfðu verið upp utan yfir buxnaskálmarnar. K gekk til hans. Hún fór niður á hækjur sér fyrir framan hann og tók í hægri höndina á honum.

“Mikið líturðu vel út í dag. Þetta er finnróttagalli. Einsog þú sért geimfari. Eða geimvera. Kominn hingað til okkar úr framtíðinni, en í fortíðinni. Skilurðu?”

Hún brosti og horfði í augun á honum. Dúfuaugun. Maðurinn sagði ekkert. K stóð upp og tók töskuna af bakinu.

“Ég kom með marsipanbrauð,”

sagði hún dálítið hressilega. Opnaði bakpokann síðan varlega og sótti sælgætið ofan í hann. Hún hélt pakkningunni á lofti. Vaggaði sælgætinu líttillega fyrir geimfarann að sjá. Það voru þrjú jafnstór stykki í pakkanum. Hvert um sig vafið í bleikan álpappír.

“Ég fæ kannski eitt. Þá eru enn tvö eftir handa þér. Eitt núna og annað í kvöld.

Eða tvö núna, þú ræður því auðvitað.”

Hún lagði pakkann á lítið skrifborð sem stóð við hliðina á hægindastólnum. Á borðinu var fyrir barmafull skál af litríku sælgæti. Líka svört stílabók, í miðlungsstóru broti, of stór fyrir buxnavasa en hefði sloppið í vasa á stakki. Einnig var þar gamalt stækkunargler með beinskafti. Engin skriffæri voru þó sjáanleg.

“Það er naumast að þú átt sælgæti.”

K rótaði í sælgætisskálinni en tók ekkert úr henni. Á borðinu voru líka barnabolli með glærum vökva og innrömmuð mynd af ungum manni. Hraustlegum manni. Það var gamli maðurinn á yngri árum. Það fór ekki á milli mála, þótt hann hefði horast og gránað og guggnað. Hann stóð í lyngi vaxinni hlíð á björtum degi. K kom því ekki fyrir sig hvar hlíðin var. Ekki nákvæmlega. Maðurinn var í rauðum anórakki, gallabuxum og ljósgráum strigaskóm. Fullur sprenghættar lífsorku. Það var eins og örlaði á brosi. Bara rétt svo. Ef til vill var hann í þá mund að segja eitthvað. Það er ómögulegt að vita fyrir víst. Enn óvissara hvað hann hugðist segja. Tjöldin voru dregin frá glugganum á bak við manninn. Þann sem ekki var lengur á myndinni. Manninn úr framtíðinni í fortíðinni.

Skarið á stólnum. Hann var með þunnt hvítt hár. Það fékk silfurbláan blæ í birtunni að utan. Minnti á silki eða þræði köngulóar.

“Ertu búinn að sjá tunglið? Það kom eitthvað fyrir það í nótt. Eða varð alla vega sýnilegt, á ég við.”

sagði K. Hún gætti þess að sýnast ekki of upprifin. Að sýnast áhugasöm en vera þó mátulega kæruleysisleg. Hugaði að tóninum og áherslum í röddinni. Til að koma mannum ekki úr jafnvægi. Eins og jafnvægi væri hið rétta ástand hans. Hvað þóttist hún vita um það? Ég segi bara svona. Lífið verður æ vandasamari jafnvægislist eftir því sem líður á það, það er reyndar alveg satt, í lífeðlisfræðilegum skilningi það er að segja. Línudans á harla torskildum mærum.

K opnaði sælgaðispakkann sem hún hafði skömmu fyrr lagt á borðið. Tók stykki úr honum og rétti fram, í átt að mannum. Hann hreyfði höfuðið hægt og knappt til hliðanna. Þó nóg. Það var afsvar svo ekki varð um villst. K tók utan af stykkinu og beit í það. Brosti svo til mannsins og sótti flösku af appelsínulíkjör í lítinn skáp gegnt fótagaflirúmsins. Flaskan var rúmlega hálf tóm. Stútur hennar var settur hálfklístruðum sykurkristöllum sem marraði ofurlágt í þegar tappinn var skrúfaður af. K skenkti sér líkjör í kámuft lítið staup sem hvolft hafði verið ofan á tappa flöskunnar. Gekk síðan frá henni aftur inn í skápinn. Hún fékk sér sæti á rúminu andspænis mannum. Með marsipanbrauð og appelsínulíkjör. Eins og helgimynd á basar.

“Það er ofboðslega fallett. Tunglið, á ég við. Stórt. Og blátt. Ertu viss um að þú viljir ekki svona?”

Aftur otaði hún sælgaði að mannum. Hann sýndi engin viðbrögð. Hún brosti.

“Þetta á ekki að geta gerst. Með tunglið meina ég. Enginn skilur neitt. Mörgum er eiginlega alveg sama. Ég veit ekki alveg hvað mér finnst. Þetta er skrítið. Óþekkt. Sem er dálítið hræðilegt. En það er líka ósköp fallett.”

Hún starði á vegginn gegnt sér. Þar hékk lítil vatnslitamynd í útskornum ramma. Hún var af litríkum bárujárnshúsum og gróskulegum gördum. Reynitrjám og birki í blóma. Bæði voru appelsínugul. Sáralítill grænn litur var í myndinni. Strik og skellur hér og

hvar. K þótti hún falleg. Hún átti mynd í líkum dúr. En ekki jafn fallega. Henni þótti vænt um þær báðar.

“Æ, þetta hreyfir einhvern veginn við mér. Vinkona mín sagði, eða ýjaði að því, að ég væri of dramatísk. En mér finnst dramatík engin dauðasök. Skil samt hvað hún á við.”

K stóð á fætur. Hún gekk að glugganum og opnaði hann. Samstundis stökk kötturinn inn og upp í sylluna. Hún strauk honum um kollinn. Hann rak það fram á móti hendinni og undir hana. Þáði eitt klapp, tvö og svo þrjú en þótti þá nóg um. Gekk síðan eftir endilangri syllunni fyrir aftan hægindastólinn. Yfir að veggnum. Þaðan stökk hann letilega yfir á skrifborðið. Lenti á stílabókinni. Engar skepnur eru í senn jafn liprar og latar og kettir eru. Það er einstakur hæfileiki. Yndislegt jafnvægi. Kötturinn þefaði af sælgætisskálinni á borði. Síðan af stækkunarglerinu. Staldraði við handfangið. Hnusaði nægju sína. Steig að því loknu af borðinu og yfir á hægindastólinn, í kjöltuna á manninum. Settist þar. Lagðist ekki. Hann nuddaði kollinum í aðra hendi mannsins sem líkt og fyrr hvíldi á armbrík stólsins.

“Jæja, ertu mettur?”

spurði K köttinn sem jánkaði því en hafði svo ekki um það fleiri orð. Fyrir kom að þau skötu hjú greindi ofurlítið á um það sem kötturinn lét ofan í sig eða hvernig hann varð sér úti um það. Þó höfðu þau með sér eins konar samkomulag um að lofa því að liggja á milli hluta. Gera ekki úlfalda úr hundaskít eða hálfétinni rækjusamlöku. Ofurhægt lyfti maðurinn nú annarri hendinni. Lagði hana á ofanverðan hrygg kattarins sem færðist ekki undan heldur malaði af yfirvegum og töluverðum þroska.

“Sko,”

sagði K og settist aftur á rúmið,

“kötturinn var með mér áðan. Hann skrápp bara aðeins til að fá sér eitthvað í svanginn,”

útskýrði hún þótt enginn hefði spurt. Maðurinn hvíldi höndina á kettinum sem gerði sig ekki líklegan til að hreyfa sig spönn. Minnti á þessa guðdómlegu hefðarketti á

grafhúsamyndum Egyptanna. Var þó heldur feitari en þeir og lyktaði áreiðanlega verr, hvorki af lofnarblómum né myrru.

“Hann verður ómögulegur þegar hann er svangur,”
hélt K áfram.

“En hann vildi koma og hitta þig. Auðvitað.”
Það var alveg satt.

“Ertu viss um að þig langi ekki í marsipanbrauð, hm? Jæja, ókei. Mig langaði að segja þér dálítið,”
hélt hún enn áfram.

“Ég ákvað að brenna brenna húsið í kvöld. Þér finnst það áreiðanlega brjálæði. En ég verð að gera það. Og það var eitthvað við tunglið-”
Hún hætti í miðjum klíðum þegar skarkali barst framan af ganginum. Hróp heyrðust og fólk hljóp um. Smellirnir glumdu um ganginn. Það skrölti í einhvers konar kerru eða vagni, miðlungsfingerðu málmdrasli og leirtaui eða gleri af fremur lélegum gæðum. Kötturinn sperrti eyrun og K stóð á fætur. Hún opnaði dyrnar og leit fram á ganginn. Sá aftan á svartklædda starfsmenn á hlaupum. Einn þeirra ýtti á undan sér kerru og þeir kölluðust á. Æptu hreinlega. Greinilega í talsverðu uppnámi, hreint ekki léttir eða kátir. Hún heyrði ekki orðaskil. Það var því líkast sem þeir væru alls ekki að hrópa orð eða setningar hver til annars. Bara öskra. Góla eða gagga. Kötturinn var kominn niður á gólf og læddist fram herbergið til hennar. Hann gægðist fram á milli fóta K og upp eftir ganginum. Sagði ekkert.

“Þetta var skrítið,”
sagði K. Kötturinn var sammála. Hún gætti þess að hann væri kominn inn úr gættinni, sem hann var, og lokaði dyrunum síðan á nýjan leik. Kötturinn var kominn aftur að hægindastólnum undir glugganum. Hann fór ekki aftur upp í kjöltu mannsins heldur lagðist á gólfið við fæturna í flókaskónum. Þó hafði kötturinn höfuðið uppi og eyrun sperrt fram, var vökull og var um sig enda enginn bjáni. Enn heyrðist ómur af gaggi starfsmannanna með vagninn sem líka skrölti í. Þó fjarlægur og fölnandi. K gekk að glugganum og gægðist út. Leit upp og út og suður. Niður að rennihurðinni tregu og

skyggndist yfir planið þar fyrir framan. Utan hina bláu slikju mánans var ekki að sjá að neitt óvanalegt væri á seyði. Engir sjúkrabílar stóðu þar blikkandi. Eða fólk í kös eins og þegar það veit ekki hvernig bregðast skal við óvæntum eða framandi aðstæðum. Hættu eða öðru álíka. Úti fyrir var bara blár dagur. K dró fram stól sem staðið hafði við hliðina á skrifborðinu og settist á hann andspænis manninum. Klappaði honum á hné.

Þrettánda kafli.

“Er þér ekki alveg sama um húsið? Það er bara hús. Bara hrúga af drasli.”

K brosti. Hún beið ekki svars heldur hélt áfram.

“Ég veit ekki hvað ég get sagt. Mér finnst ég bara þurfa að brenna það. Þótt ég kynni að láta það hverfa, bara sisvona, efast ég um að ég vildi það frekar. Mig langar nefnilega að sjá það brenna. Helst til kaldra kola. Sem ég gæti svo sparkað um koll. Ekkert væri eftir nema öskuhraukur og sviðin jörð. Ekki af því að ég hati það. Ég geri það ekki. Ég vil bara ekki að það sé til lengur. Skilurðu?”

Hún horfði í augu mannsins. Hann gaf frá sér lágt hljóð sem með góðum vilja mátti bæði túlka sem samþykki og andmæli eða afsvor. Kötturinn nuddaði kámugum kollinum í sköflung mannsins. Enn svifu flókainniskórnir rétt yfir gólfinu.

“Þér þykir áreiðanlega vænt um húsið. Á vissan hátt. En þér getur áfram þótt vænt um það þótt ég brenni það niður. Húsið þitt er áfram hið sama. Er það ekki?”

Maðurinn lyfti vinstri hendi lítillega upp af armbríkinni. K tók um hana með báðum höndum. Strauk handarbakið blíðlega með þumlungum. Hálfstóð svo á fætur, hallaði sér fram og kyssti hann á ennið. Hún settist aftur, sótti annað marsipanbrauð úr pakkanum á borðinu og tók bréfið utan af því. Í þetta skiptið bauð hún manninum ekki. Hann hafði greinilega enga lyst á sælgæti. Þótt hann væri sem áður segir mjög hrifinn af þessu tiltekna sælgæti. Sumir vilja steik. Aðrir fisk eða salat. Sumir gúmmíbangsa, aðrir saltlakkrís. Maðurinn vildi marsipanbrauð. En þótt manni finnist gúmmíbangsar mjög góðir, ljúffengir jafnvel, þýðir það ekki endilega að maður vilji borða þá öllum stundum. Og stundir eru margbreytilegar. Einhver kynni að kalla þeir albreytilegar - hverja stund einstaka. En þó maður taki ekki svo djúpt í árinna hljóta allir að sjá að gúmmíbangsar hæfa tilteknum stundum betur en öðrum. Rétt eins og marsipanbrauð eiga sína staði og

stundir. K þótti marsipanbrauð eiga vel við núna. Manninum ekki og slíkt er alvanalegt. Óþarft að fárast yfir. Þarf ekki að þýða neitt. Kannski var hann bara ekki svangur.

“Þetta hefur áreiðanlega haft ógurlegan aðdraganda. Tunglið, á ég við.

Svona lagað gerist ekki sisvona. En það lítur þannig út. Eins og bara, plúpp.

Tútnað út og blánað.”

K kyngdi restinni af marsipanbrauðinu. Marsipanið hafði hlaupið í þéttan klump sem fór treglega niður. Hún saup í kjölfarið líkjör. Hann hjálpaði henni að kyngja.

Fjórtándi kafli.

K sat á rúmi gamla mannsins sem svaf í stólnum undir glugganum. Rófulausi kötturinn lá í kjöltu mannsins. Hann var með augun lokuð en K þóttist vita að hann væri vakandi. Það var líkt og bláminn utan gluggans hefði ágerst. Eins og veröldin hefði blánað enn frekar. Af og til mátti heyra í bílaumferð og samræður fólks á planinu fyrir utan. Þó sást aldrei neinn. Það skröltaði í bílunum en þeir sögðu ekkert.

K blaðaði í bók sem hún hafði meðferðis. Sem hún hafði stungið í pokann þegar hún stökk til fyrr um daginn. Það var brokkgeng skáldsaga um mann sem í fullkominni örvæntingu flýr skugga sinn. Um hrakningar hans á flóttanum. Hortugheit skuggans. Ágreining þeirra tveggja. Hún las ekki frá síðu til síðu. Greip niður í söguna hér og hvar. Rifjaði upp og velti fyrir sér. Henni þótti vænt um þessa bók. Þótt hún væri ekki viss um að henni fyndist hún beinlínis góð. Stundum var eins og höfundurinn vissi ekki hvað hann hygðist fyrir með orðin. Vissi ekki hvert hann stefndi. Eða hreinlega missti tök á hugmyndunum og orðunum síðan í framhaldinu. Eins og þau rynnu út á milli fingra hans. Slíkt getur bæði verið til marks um lakan höfund og magnaðar hugmyndir. Þó var merkjanlegur í bókinni einhver andi sem höfðaði mjög til K. Einhver beygur. Logandi óvissa um hið sjálfgefna, sem orkaði undarlega á hana. Svipað húsi án inngangs. Eða gólemi úr lifandi vefjum.

Inn í megintexta bókarinnar var ljóðum skuggans skotið. Skugginn hafði þann tilgang einan með tilvist sinni, þegar hér var komið, að ná á nýjan leik í skott maka síns og foreldris. Stýra lífi þeirra beggja. Ljóðin voru myrk en hæðin. Eins og við er að búast frá skáldi sem á tilvist sína undir því að eitthvað standi í vegi fyrir ljósi. K átti ekki eitt upphaldsljóð. En fáein úr lokaköflum bókarinnar höfðuðu öðrum fremur til hennar. Framan af ganginum barst aftur skarkali af fólki á hlaupum. Enn með vagn sem glamraði í. Hjól vagnsins þörfnuðust smurningar. Það var eins og ískraði áberandi hátt í einu þeirra. Sargaði. Það öskraði gremjulega í hvert sinn sem það gekk heilan hring.

Fólkið öskraði líka. Spangólaði eins og múldýr tjóðruð föst inni í skemmu sem aldrei er opnuð. Ósköpin hrifu K upp úr sonnettu skuggans um húmið og fallvaltleikann. Vöktu forvitni hennar þó ekki nægjanlega í þetta skipti til að hún gægðist fram á gang. Eftir fyrra skiptið dró hún þá ályktun að fyrirgangurinn væri regla fremur en undantekning. Og því óþarfi að velta fyrir sér. En væri það kannski umhugsunarvert ef gangurinn var reglulega undirlagður þessum djöfulgangi? Og kannski enn frekar að K þætti það sjálfsagt. Í þriðja lagi hitt, að óþarft sé að velta reglum fyrir sér. Allar þessar hugleiðingar okkar máttu bíða betri tíma. K lagði bókina aftur og stakk henni í bakpokann sem lá á rúminu. Lokaði honum síðan. Gerði krossmark yfir honum og brosti. Síðan öfugt krossmark og flissaði. Hún stóð á fætur. Teygði úr sér og klappaði kettinum. Hann opnaði augun án þess að bæra á sér. Spurði hvort þau væru að fara.

“Já, ætli það ekki bara,”

svaraði K.

“Við sögðum honum hvað við ætlumst fyrir. Hvað við þurfum að gera. Viljum gera. Er það ekki? Nú langar mig á bókasafnið. Að snerta bækur. Eða í bókabúð. Þefa af bókum. Já, gerum það. Föllum í bókabúð.”

Kötturinn reis hægt á fætur. Hann sleikti hægri framloppu sína af yfirvegum. Steig sig síðan varlega úr kjöltu mannsins og yfir á skrifborðið. K laut niður að honum. Hún tók laust um hausinn á honum. Nuddaði sínu nefi í hans. Hann tjáði henni ánægju sína, bæði með nuddið og þá ákvörðun að heimsækja bókabúð. Án þess þó að mala. Hann kunni sitthvað fyrir sér. Honum þótti eins og K vænt um bækur. Hann las þær ekki en var hrifinn af lyktinni. Endrum og eins fékk hann K til að opna fyrir sig bók og lofa sér að þefa af. Stundum hnerraði hann. Vildi þó ávallt meira.

Maðurinn svaf í stólnum sínum, andadráttur hann var grunnur og þurr. Þó ekki meira svo en venja var. K greip bakpokann af rúminu. Kyssti síðan manninn á ennið og strauk honum um aðra kinnina. Hún var mjúk. Og viðkvæm. Minnti á iðravef, maga eða gollurshús. Ekki blóðug. Ekki heit. Maðurinn rumskaði ekki. K strauk honum um hina kinnina. Sú var líka mjúk og viðkvæm og gollurshússleg. Blóðlaus en volg. Kötturinn nuddaði síðunni við fætur mannsins og lopasokkana. Svo yfirgáfu þau hann.

Gangurinn var tómur. Dyrnar að herberginu við hliðina á stóðu opnar upp á gátt. Þau röltu þangað og litu inn í herbergið. Kötturinn gægðist á milli fóta K. Herbergið var mannlaust. Nær tomt. Þar var aðeins uppábúið rúm og hvítur garðstóll. Og reyndar innrammað plakat. Mynd af gamalli hreyfilflugvél yfir stórri borg. Það hafði ekki verið hengt upp. Stóð á gólfinu, upp við vegg. En þarna var enginn skápur. Engar myndir á veggjum eða bækur á borði. Engin skál með sælgæti. Ekki lampi. Engir smágripir. Né nokkuð annað sem kynni að fylgja íbúa. Í það minnsta ekki íbúa með persónuleika. Kannski var það skýringin. Þau snéru við og gengu sömu leið og þau höfðu komið. Staðráðin í að láta þessa ráðgátu ekki hafa áhrif á fyrirætlanir sínar. Ekki frekar en þá um bláan mána. Enda þótt erfitt væri að hundska hina síðarnefndu hugðust þau ekki elta ólar við skýringar eða álíka smáatriði. Það var eins og það var, rétt eins og allt annað. Óþarfi að fást um. Rétt eins og flest annað.

Fimmtándi kafli.

Anddyrið var mannlaust. Stólarnir sem stöllurnar tvær höfðu setið á voru horfnir en þar sem annar þeirra hafði staðið, með þeirri fáorðu, lá eftir ofurlítill salli. Skrælnað hýði eða flasa eða þviumlíkt. Út í gegnum lokaðar dyr barst glamur frá kerru á fleygiferð og æfum fótatökum. Ógerningur var að segja hvort skarkalinn nálgast eða fjarlægðist eða hvort tveggja í senn. Gerviplönturnar voru enn á sínum stað. Gróskulegar sem fyrr. Grænni en slý. K ímyndaði sé að þær lyktuðu eins og ævaforð regnskógur. Eða eins og sælgætisverksmiðja, mun yngri, en líka í hitabeltinu. Þefaði þó ekki af þeim. Á það var ekki hættandi. Úti hafði veröldin enn blánað.

“Eða kannski finnst okkur það bara. Eftir að hafa verið inni undir flúorljósum,” sagði K við köttinn. Hann svaraði engu. Skimaði í kringum sig og upp í loft. Þefaði líka. Önnur breyting sem orðið hafði á meðan þau voru hjá gamla manninum var sú að elliheimilið hafði flust um set. Slíkt hendir, eins og við vitum, og var eins viðbúið og það var ónauðsynlegt. Þegar þau gengu út af planinu fyrir framan heimilið komu þau út á götu sem var talsvert austar í borginni en þegar þau komu á heimilið fyrr um daginn. Hún var snyrtileg. Þrengri en sú sem var þar áður og aðeins með gangstétt öðru megin. Kantar hennar voru háir og klunnalegir. Þar var fallett hús með flekkótta klæðningu og flúraðan brunastiga. En gatan var samt fremur óspennandi. Garðarnir hornréttir og blómin gul eða bleik. Máninn breytti engu þar um.

“Fjandinn,”

andvarpaði K gremjulega. Kötturinn benti henni á að raunar stytti sviptingin leiðina í eftirlætis bókabúðina hennar um nokkur hundruð metra. Og eina götu upp í móti. Frekar leiðinlega götu að ganga.

“Reyndar,”

viðurkenndi hún með semingi.

“En stundum verð ég þreytt á þessum endalausum hræringum. Vildi stundum óska þess að allar götur ættu sér sinn tiltekna stað. Að maður gæti alltaf gengið að þeim sem vísu. Að þetta hús væri hér. Þessi gata þar. Þetta horn, þessi ljós, þessi kofi. Að torg sætu föst og stytur stæðu kyrrar. Finnst þér þetta aldrei þreytandi?”

spurði hún köttinn. Hann svaraði því neitandi. Hún hváði. Hann sagði þetta ekki angra sig. Að þvert á móti kynni hann dálítið vel við þessa lausung. Við það að til væru fleira en eitt tilbrigði við þessa litlu, ófríðu borg. Sagði líka að hann væri ekki viss um að óvissan væri slæm. Alls ekki í sjálfri sér.

“Stundum kemurðu mér fullkomlega á óvart, elsku vinur. Þegar ég þykist vita hvar ég hef þig segirðu eitthvað ótrúlegt. En gott. Ekki misskilja mig. Ég hefði bara haldið að þú vildir hafa hlutina tiltölulega fasta í reipunum.”

Kötturinn sagði að reyndar vildi hann einmitt það. Að tilveran væri tiltölulega föst í reipunum. En fullkomlega föst? Nei. Það væri fullmikið af því góða. Með þessu móti gæti hún komið honum mátulega á óvart, endrum og eins. Og að vel mætti líta svo á sem að nokkur tilbrigði við litla borg yrðu að öllu samanlögðu til þess að hún væri talsvert stærri en ef hún væri niðurnjörvuð og óhagganleg - án þess þó að lengja vegalengdir svo nokkru næmi. Já, sannarlega vildi hann að tilveran væri rétt mátulega föst í reipunum. Hvorki meira né minna. K hló.

“Æ, hvað þú getur verið fyndinn.”

Og þau röltu af stað hlið við hlið eftir kenjóttri götu. Í átt að lítilli bókabúð sem nefndist Kompan.

Sextándi kafli.

Þegar K og kötturinn rófulausi höfðu gengið götuna á enda beygðu þau inn á breiðgötu sem lá svo til beint að bókabúðinni Kompunni, hvar svo sem hún stóð þá stundina. Við það gátu þau huggað sig. Téð breiðgata hafði verið hugarfóstur og gæluverkefni vel meinandi draumóramanns. Hann hafði séð fyrir sér glæsilega borgarbraut. Með fallegum fjölbýlishúsum og verslunum á jarðhæð. En eins og títt er höfðu fögur eða að minnsta kosti snoppufríð áform orðið að lúta í lægra haldi fyrir groddalegum veruleika. Gatan varð þekkt að eiturryfjagrenjum og sóðabúllum. Svona eins og gengur um misskildar götur. Varð vígi fólks sem annað og öðruvísi fólk kallar vafasamt og fitjar upp á nefið eða kurrar í átt til. Fólks sem stundum er nefnt ógæfufólk og við kynntumst dálítið að ofan. Það truflaði K og köttinn þó harla lítið. Alls konar var ókei.

Á daginn voru yfirleitt fáir á ferli þarna. Og allur sá vandræðagangur sem oft fylgir óreglu og nauðveisluhalda beið að mestu nátta. Húms og myrkurs. Það var auðvitað ekki einhlítt. En alla jafna létu íbúar við götuna lítið fyrir sér fara á daginn. Höfðu lágt og fóru fátt. Nema helst til að læðast í sjoppur. Eftir sígarettum eða blandi, báðu eða hvorugu. Hvað þeir gerðu inni í óhrjáleghúsum var ómögulegt að segja án þess að ráðast þangað inn. En það skipti K, köttinn og flesta sem áttu þar leið um ekki máli. Vesaldómur þarf ekki að vera ókunnugum sérlega íþyngjandi. Ef fólk heldur honum bara út af fyrir sig. Flíkar honum ekki nema hæfilega. Allt á jú sinn stað og stund eins og við vitum.

Hitt var svo að hingað niður eftir voru trúboðarnir og sálnabjargvættirnir sem iðulega herjuðu á fólk í finni hluta miðborgarinnar löngu hættir að álpast. Þeir höfðu litlar grillur um að vinna svo langt afvegaleiddar sálir á sitt band. Eða sinna guða. Fyrir K vó það þyngra en hitt. Henni þótti á vissan hátt vænt um vandræðabörninn sem bægsluðust á skjön við allt próper og pent. Enda þótt myrkrið iðaði á svona stöðum var líka eins og þar væru færri skuggar. Að þar lýsti fólk út í hornin og undir rúmin, þótt

ljósin væru dauf. Lýsti inn í skápana og ofan í skúffurnar. Þótt ekki væri nema til að leita að klinki eða kartöflupípunni eða vodkadreitli á pela. Hverju því sem týnist í skápum og skúffum og undir mublum. Sem týnist í myrkrinu.

Blá birta hins nýstækkaða mána megnaði ekki að fegra bárujárnsklædd húsin við götuna að nokkru ráði. Þau létu mörg hver á sjá. Fæstum var haldið við að heitið gæti. En gatan sjálf, malbikuð og reyndar margístöguð akbrautin, fékk sama mjúkbláa blæ og aðrar götur. Það eitt og sér fegraði hana dálítið. Fríkkaði og mýkti. Blágrátt malbik var strax skárri á að líta en haustgrátt. K naut þess um sinn. Þá skipti engu hvort það kæmi til með að endast. Kötturinn staldraði við rafmagnskassa til að þefa af honum. Kannski til að míga. K var gengin dágóðan spotta fram úr honum þegar hún veitti því athygli. Þá staldraði hún við og fylgdist með honum.

“Einhver sem þú þekkir?”

kallaði hún til hans. Hann leit upp frá kassanum og á hana. Kvaðst halda að lyktin væri hans sjálfs. En að hann myndi ekki eftir að hafa migið þar fyrr. Gæti þó ekki verið viss. Hann var farinn að reskjast og nefið ekki jafn næmt og fyrr. Minnið brigðulla. En hann minntist ekki á það.

“Kannski er einhver á ferð sem lyktar nákvæmlega eins og þú.”

Hún glotti. Kötturinn trítlaði af stað til hennar. Hann bað hana að hætta þessari endemisvitleysu. Sagði að þótt hún þekkti hann ágætlega væri hún enginn sérfræðingur í atferli, eðli og gerð katta. Það væru aðeins kettir. Og vel að merkja aðeins þeir kettir sem voru það að upplagi. Ekki þeir sem fæddust af annarri tegund en ákvæðu síðar á ævinni að gerast kettir. Þannig væri þetta. Óháð skoðunum á sjálfsákvörðunarrétti sálarinnar. Því væri nú ver og miður og alls ekki nauðsynlega hans skoðun að það væri rétt eða gott. Einföld staðreynd frá náttúrunnar hendi. Lífeðlisfræði. Punktur og basta. Þá hló hún og gekk aftur af stað.

Sautjándi kafli.

Á krossgötum mættu K og kötturinn söngvaranum frá því á torginu. Einari með röddina frá Tartaros.

“Hæ,”

heilsaði hann að fyrri bragði, dálítið aulalegur.

“Sæll,”

svaraði K en kötturinn sinnti kveðjunni engu.

K hugðist láta þau snaggaralegu viðskipti duga. En þegar söngvarinn stansaði og gerði sig líklegan til frekara skrafs gerði hún kurteislega eins. Kötturinn rölti áfram. Lýsti með því skoðun sinni á mótinu.

“Hvert eruð þið að fara?”

spurði Einar.

“Ég er ekki viss um að það komi þér við,”

svaraði K brosandi.

“Nú, fyrirgefðu,”

afsakaði hann sig.

“Ég veit stundum ekki hvað á að segja. Hvað ég á að segja,”

bætti hann við.

“Um hvað?”

spurði K.

“Bara yfirhöfuð. Veit ekki hvernig á að tala.”

Kötturinn stansaði á gangstéttinni og leit um öxl. Bað K að drífa sig.

“Svona, svona,”

sagði hún móðurlega og stjakaði við Einari. Þótt orðunum væri í raun beint til kattarins.

“Það er allt í lagi. Ég var bara að bulla. Stríða þér. Við erum á leið í Kompuna.

Viltu koma með?”

Söngvarinn virtist hissa.

“Bókabúðina?”

K kinkaði kolli. Kötturinn var aftur staðinn á fætur. Hann gerði sig líklegan til að trítla til þeirra á krossgötunum. Vísast til að að reyna að fá K ofan af boðinu.

“Já já. Ókei.”

Söngvarinn sperrtist dálítið upp.

“Varstu ekki að fara eitthvað sjálfur?”

spurði K hann þegar þau röltu af stað. Kötturinn hélt sig í mátulegri fjarlægð. Þefaði af fíflum sem uxu í kanti gangstéttarinnar. Það er ekki sterk lykt af þeim en hún er áhugaverð. Það fannst kettinum alla vega.

“Reyndar ekki. Ég var að leita að götu þar sem mig minnti að væri frekar huggulegur garður. En bara af því að ég nennti ekki að hanga uppi við kirkju. Einhverjir vitleysingar voru farnir að biðja. Aðrir hlógu og hrópuðu að þeim. Það var niðurdrepandi.”

Kötturinn muldraði eitthvað um að söngvarinn sjálfur væri niðurdrepandi. K bað hann að hætta. Hann maldaði dálítið í móinn en varð samt við því. Hafði að þessu leyti mildast með árunum. Var enn þver en öðruvísi en á yngri árum.

“Syngur þú í kvöld?”

spurði K söngvarann.

“Það er góð spurning. Eða svona. Ég veit það eiginlega ekki. Drápa er óútreiknanleg. Við mætum öll í messur. Allir til. En svo fer það bara eftir því hvernig hún er stemmd hvort við tökum einhvern þátt. Stundum er maður bara eins og draugur.”

Hann sparkaði í áldós á gangstéttinni. Hún valt skröltandi í átt að kettinum. Honum brá við það og hann geiflaði sig. Kurraði í átt að söngvaranum. Hann var eins tregur til að hvæsa og hann var að mala. Hann var sérvitur. Jafnvel af ketti að vera. Húskettir eru með kenjóttari skepnum. Villtir og siðfágaðir í senn. Stundum minnti rófulausi kötturinn helst á gamlan karl. Þusandi meinhorn. En feldurinn kom auðvitað alltaf upp um hann. Líka þegar hann kurraði eins og dúfa.

Horaður og beyglaður karl á vönduðum skóm skakklappaðist fyrir horn og gekk rösklega á móti þríeykinu. Næstum eins og hann ætti brýnt erindi við þau eða eitthvað æðra vald. Það gat naumast verið. Þessi maður gat eins verið brjálæðingur og skáld. Hann hélt á bunka af pappír. Færði hann úr einum armkrika yfir í hinn. Hristi hann með báðum höndum eins og óslægða bleikju. Sveiflaði honum upp yfir höfuð sér og þusaði eitthvað sem erfitt var að greina. Mögulega var það tungumál en ekki nauðsynleg. Göldrótt. K og söngvarinn viku hvort í sína átt. Þess viðbúin að hleypa honum á milli sín. En í stað þess að skunda á milli þeirra hægði hann á ganginum, þegar hann gaf þeim gaum. Stansaði loks og tók sér stöðu fyrir framan þau. Hann var því sem næst sköllóttur en fitugir lokkar héngu í sigð frá eyrum aftur um hnakkann. Út úr nösunum stóðu gróskulegir hárbúskar. Andlitið var vínrautt og þrútið. En mógræn augun eins björt og á kálfi sem er grunlaus um hverslags líf hann á í vændum.

“Drullaðu þér burt,”

sagði söngvarinn í einlægni en án minnsta myndugleiks.

Karlinn glotti og datt greinilega ekki í hug að hlýða þessum þakki. Hann hhristi blaðabunkann hróðugur. Þetta var bunki af hvítum ljósritunarpappír. Hann var snjáður um hornin en sýndist annars ónotaður.

“Ég var búinn að segja þeim þetta!”

“Segja þeim hvað?”

spurði K.

“Hverjum?”

spurði söngvarinn í fátí. Hann var gramur. Það var ólíklegt að hann hefði minnsta áhuga á því hverjum karlinn hefði sagt eitthvað. Hvað sem er.

“Fíflunum, ég var búinn að segja þeim að þær væru að koma. Svei mér, ég var búinn að segja það. Búinn að segja. Að systurnar væru að koma.”

Karlinn var upprifinn og kvikur.

“Hvaða systur?”

spurði K.

“Ares og Kókó,”

svaraði karlinn eins og spurningin væri hlægileg.

“Guðinum Ares?”

spurði K sem þoldi fremur vel að talað væri niður til hennar.

“Gyðjunni!”

frussaði karlinn hneykslaður. Hann leit upp í loftið. Eins og til að finna upptök hljóðs.

“Hann er karl, þú ert ruglaður,”

sagði söngvarinn, sem í raun hafði ekki hugmynd um neinn eða neina Ares. Mögulega gleymdi hann sér í hita leiksins. Lét slag standa.

“Hún er hrikaleg og yndisleg. Algjör og fullgerð kona, auli. Apinn þinn, mannapi, fiskur í sjó,”

frussaði karlinn jafnvel hneykslaðri en áður. Hann hristi höfuðið. Fullur eindreginnar vanþóknunar og yfirburða.

“Og ég er rugluð,”

bætti hann við.

“Fyrirgefðu,”

afsakaði söngvarinn,

“þú ert fokking rugluð.”

Með því hneigði karlinn sig og henti frá sér blöðunum. Arkaði svo aftur af stað eftir gangstéttinni, án þess að eyða í þau frekari orðum. K hóf að tína blöðin upp af gangstéttinni og grasflötinni þar hjá og þegar söngvarinn kom að gerði hann eins. Hann rétti K sinn hluta samtíningsins og hún stakk öllum bunkanum ofan í bakpokann sinn.

“Hún var skemmtileg,”

sagði K eftir að þau höfðu gengið skamman spöl.

“Sækó,”

lagði söngvarinn til.

“Er það? Var hún kannski ekkert skemmtileg?”

spurði K söngvarann. Stundum er snúið að gera greinarmun á því sem er skrítið og því sem er skemmtilegt. Því þótt það fari gjarnan saman er það fjarri algilt.

“Mér fannst það ekki,”

svaraði hann,

“en ég skil að þér hafi þótt hún áhugaverð.”

K kinkaði kolli.

“Já, ætli það sé ekki betra orð. Áhugaverð.”

Söngvarinn virtist vera í talsverðu uppnámi. Babblaði einhverja þvælu. Sagði svo:

“Það var svo ógeðsleg lykt af henni. Skítafýla.”

K svaraði því engu. Hún hafði enga lykt fundið. Gat þó ekki svarið fyrir það að karlinn hefði lyktað. Að hún hefði lyktað af skít. Stundum fara þvílík smáatriði fram hjá manni. Sér í lagi þegar aðalatriðin eru virkilega heillandi. Kannski var það lóðið.

Átjándi kafli.

Kötturinn hafði gengið spölkorn á undan þeim K og söngfuglinum. Var nú sestur niður á götuhorni. Fram hjá honum gengu nokkrir unglingar í herklæðum. Þeir beygðu hlæjandi niður í hliðargötu. Hann horfði á eftir þeim. Varla hissa, en að því er virtist hugsí.

“Fjandinn,”

sagði K þegar þau söngvarinn komu á hornið til kattarins.

“Hún er ekki hérna.”

Hún horfði upp götuna. Upp í átt að göngugötunni.

“Venjulega er Kompan hér á milli gamla kvikmyndahússins og hússins sem hrundi. Þessa þarna.”

Hún leit upp og niður hálfhrunið bárujárnshús á horninu hinum megin götunnar.

Kötturinn var lagstur á gangstéttina. Hann velti sér um á bakinu. Þetta gerði hann reglulega, til að hreinsa laus hár úr feldinum. Samt þótti K hún alltaf vera að þrífa hár úr húsinu sem mátti brenna. Stutt og fín kattarhár. Hún hafði svo sem enga vissu fyrir því að þau væru af honum. Gerði ráð fyrir því. Slík tilætlunarsemi við venju og hið auðsæja getur verið varasöm þótt hún sé kósí.

“Kettinum virðist vera nákvæmlega sama,”

sagði söngvarinn, að því er virtist bara til að segja eitthvað og þegja ekki. Hann átti dálítið bágð með að þegja. Það er ekki sérstaklega bundið við söngvara, að geta ekki þagað á meðal fólks. Sumir söngvarar tala þvert á móti helst aldrei. Syngja ef þeir eru á sviði eða í hljóðveri en tala ekki nema þeir neyðist til. Það átti ekki við um þennan tiltekna söngvara. K hugsaði með sér að hún þyrfti vísast að sækja messuna um kvöldið. Ef vera kynni að hann myndi syngja. Hana langaði orðið að heyra hann syngja. Hún var farin að hallast að því að hún kynni ágætlega við hann. Þótt hann ætti það til að segja óþarfa. Það angraði hana ekki í sjálfu sér. Hún elskaðist ekki á við þögn eða frið eða tómnið endilega. Fremur leiddist henni hitt, ef fólk sagði óþarfa hluti sem henni

grömdust. En oftast gremst manni eitthvað sem þarft er að segja. Eðli málsins samkvæmt. Nema auðvitað að maður sé eindreginn naumhyggjusinni í töluðum samskiptum. Vilji ekkert sagt nema það sem brýnt er. Eins og einmitt margir söngvarar ólíkir þessum frá Víti.

“Hvað gerum við þá?”

spurði söngvarinn. Hann fylgdist með makindalegum kettinum á gangstéttinni. Nú talaði söngvarinn ekki af fullkomnu tilgangsleysi. Og K hugsaði um spurninguna.

Hvað nú?

Stundum varð hún þreytt á því að elta við dyntóttar götur þessarar litlu borgar. Stundum varð hún svo þreytt að hún gaf áform upp á bátinn. Hætti við að fara á einn stað eða annan. En þá varð hún jafnframt að gera ný áform. Marka nýja stefnu. Nema hún ákvæði að gefast upp og leggjast niður þar sem hún var stödd. Hætta að taka þátt í þessari borg. En það var ekki háttur K. Ekki alla jafna. Ekki fram til þessa.

“Við skulum fá okkur kaffi og velta þessu fyrir okkur. Skulum taka þessum hræringum eins og gjöf,”

sagði hún. Og það vildi einmitt svo til að í litlu götunni sem leiddi upp í göngugötuna í þetta skiptið var prýðilegt kaffihús. Það voru ef til vill eins ásættanleg skipti fyrir góða bókabúð og hægt var að biðja um. Sumar bókabúðir eru um margt líkar sumum kaffihúsum. En þar á er engin regla. K og söngvarinn gengu upp götuna. Kötturinn skammt á eftir.

“Má hann koma inn?”

spurði söngvarinn. Hann nikkaði höfðinu í átt að kettinum sem ranglaði fyrir framan opnar dyr kaffihússins.

“Það hlýtur að vera,”

svaraði K hlæjandi og steig inn á kaffihúsið, sem vel að merkja hét Flái kötturinn. K og söngvarinn fundu sér borð við glugga. Eina borð staðarins sem var við glugga. Þau komu sér þar fyrir. Frá gömlum hljómfletningstækjum í einu horni staðarins bárust handahófskennd rafhljóð. Þau ljáðu honum dálítinn ólífrænan blæ. Mynduðu fallegt mótvægi við viðarinnréttingar og groddalega bitana í loftinu. Hér voru að líkindum lesin

upp ljóð um kvöld, skrifuð án minnsta tillits til greinarmerkjasetningar og samvitundar. Eldri kona með grágrýtishálsfesti sem gekk beina kom að borðinu og spurði kumpánalega hvað mætti færa þeim.

“Kaffi. Takk,”

sagði söngvarinn. Með því átti hann vísast við uppáhellingu, tildurslausa og aðkallandi. Gengilbeinan tók því alltént sem svo,

“vessgú,”

sagði hún og benti honum á lítið borð þar sem sátu máður mötuneytiskaffibrúsi með frussustút og ósamstæðir bollar í stæðu. Sú sýndist vera við það að hrynja um sjálfa sig, sem var synd því hún var lagleg og minnti á viktoríanska tótemstöng. Á litla borðinu var líka sitthvað fleira sem sumt fólk vill hafa með eða út í kaffi og te. Sætuefni, skeiðar, íhrærur og þvíumlíkt.

“Mig langar í ameríkanó. Og appelsínulíkjör.”

K sagði þetta alvarleg í bragði. Hún hafði líkjöra ekki í flimtingum. Konan kinkaði kolli. Sagði ekkert. Hörfaði að afgreiðsluborðinu og svo aftur fyrir það.

“Fyrirgefðu,”

sagði K stundarhátt og beindi orðum sínum til konunnar á bak við afgreiðsluborðið,

“gæti ég líka fengið mjólk fyrir köttinn?”

Konan kinkaði svipbrigðalaust kolli svo það glamraði huggulega í grjótinu á bringunni. Tuldraði eitthvað í líkingu við humm, amm eða jamm. Ekki fýlulega en hugsí.

“Kötturinn er ekkert fyrir mjólk. En mér finnst sjálfsagt að biðja um hana handa honum,”

sagði K söngvaranum að fyrri bragði. Hún hallaði sér fram á borðið og talaði fremur lágt. Hvíslaði þó ekki. Og svo:

“Þá geta staðir rukkað mig fyrir hann líka ef þeim sýnist. Þá er hann líka viðskiptavinur. Offísjal. Honum líður betur með það. Hann er svo skritinn anarkisti.”

Söngvarinn stóð upp og sótti sér kaffi. Hann lagði bolla á borðið og settist á móti K.

“Ég hélt að allir kettir væru óðir í mjólk,”

sagði hann.

“Já,”

sagði K,

“Það halda það margir. Og kannski eru flestir kettir það, ég skal ekki segja. En ekki hann. Hann er með mjólkuróþol.”

Söngvarinn leit upp úr bollarinum og í augun á K.

“Er hann með mjólkuróþol? Hvernig lýsir það sér eiginlega?”

K leit á köttinn sem lá undir borðinu.

“Ég veit það ekki. Hann hefur aldrei bragðað mjólk með mér.”

“Vá,”

sagði söngvarinn,

“ég vissi ekki að kettir fengju mjólkuróþol. Hef svo sem aldrei velt því neitt fyrir mér.”

“Einmitt,”

tók K við,

“fæstir gera það.”

Söngvarinn saup af bollarinum sínum, brenndi sig og bölvaði lágt.

Nítjándi kafli.

Gengilbeinan kom með bakka að borðinu. Á honum voru kaffið og líkjörinn fyrir K. Og að auki málamyndamjólkin handa kettinum. Mjólkin var í handmálaðri skál með fuglamyndum. Sumir fuglarnir virtust vera á leið upp úr mjólkinni og skálinni sjálfri. Einn teygði sig yfir brúnina og út á skálina utanverða. Hann var afmyndaður og ógeðslegur. Aðrir stefndu í gagnstæða átt. Utan að og ofan í hana. Enginn fór þó um brúnina eins og þessi eini ógeðslegi.

“En hvað þetta er falleg skál,”

sagði K og renndi fingri eftir brún skálarinnar, yfir háls fuglsins eina.

“Veistu hvers konar fuglar þetta eru?”

spurði K.

“Já,”

svaraði gengilbeinan. Hún færði drykkina sem K bað um af bakkanum og yfir á borðið. Litla staupið með líkjörnum var svo barmafullt að dálítið af honum sullaðist út fyrir. Það lak ofurhægt niður fótinn.

“Þetta eru bókfinkur. Ég fletti því upp. Þær koma stundum til Íslands. Verpa hér líka einstaka sinnum.”

“Ósköp eru þær vitlausar að vera að álpast hingað. Hann verður ánægður með þetta, takk.”

K lagði fuglaskálina með mjólkinni á gólfíð við hlið kattarins sem sýndi engin viðbrögð. Hann tók þátt í þessum helgileik K en þó ekki nema rétt svo. Nær væri kannski að segja hann hafa umborið athöfnina. En hann lét K alfarið um leikaramennskuna. Gerði það einatt. Honum fór illa að sýnast, hann var þannig til augnanna.

“Hvernig veistu að hann er með óþol?”

spurði söngvarinn þegar gengilbeinan var farin frá borðinu.

“Ég meina fyrst hann hefur aldrei smakkað mjólk með þér.”

Þá hló K.

“Nú, hann sagði mér það!”

“Og ertu viss um að honum finnist hún ekki bara vond?”

“Já, nei nei. Honum finnst hún góð,”

sagði K.

“En getur bara ekki drukkið hana,”

hvíslaði söngvarinn,

“sagði hann þér það kannski líka?”

K kinkaði kolli. Þau þögðu um hríð og skiptust á að virða staðinn fyrir sér og góna út um gluggann. K saup á líkjörnum. Þegar þögnin hafði varað nógu lengi spurði hún söngvarann:

“Hvað gerirðu annað en að syngja?”

Hann rjåtlaði við bollann sinn.

“Áttu við hvar ég vinn?”

spurði hann á móti. K jánkadi,

“til dæmis.”

“Ég afgreiði í búð,”

sagði hann.

“Hvaða búð?”

Söngvarinn tók um andlitið með annarri hendi. Strauk flötum lófa frá kinnbeinum og miðnesi niður hökuna.

“Þú þarft ekki að segja mér það ef þú kærir þig ekki um. Mér kemur það svo sem ekkert við hvað þú vinnur.“

K reisti sig við í sætinu og reigði sig aftur og lést ósköp fróm.

“Hún heitir Leður og...”

“Og hvað?”

spurði K.

“Ekkert meira, bara Leður og... . Með þremur punktum á eftir. Restin er svona gefin í skyn. Þetta er kynlífstækjabúð. Klámbúlla.”

Hann brosti eins og í uppgjöf. Var glögglega lítt skemmt. Leiða má að því líkum að hann hafi skamast sín fyrir að segja frá eðli starfseminnar. Fólk á svo oft bágð með allt það sem sem snýr að kynlífi. Nema helst rétt á meðan á því stendur. Þess utan, um leið og athöfnin sjálf og kannski örstuttur eftirleikur eru afstaðin, er mál að pakka henni inn í plast eða loftþétt ílát. Steypa hana ofan í grunn. Grafa undir fjall. Halda öllum stundum aðskilinni frá hinum snyrtilegri sviðum veruleikans. Og að versla með nokkuð sem snýr að kynlífi er hið subbulegasta af öllu subbulegu. Enda slíkt eðlisólíkt frummannlegum og ómengduðum ástarleikjum Adams og Evu í aldingarðinum og allra hinna prúðu síðan þá.

“En fallett,”

sagði K og saup kaffi.

“Ekki svo,”

svaraði söngvarinn,

“Þetta eru aðallega fáránlegir búningar og gervitittlingar. Eða dildóar. Keðjur, ólar og belti. Klemmur og alls konar tappar. Mér finnst ekkert af þessu sérstaklega fallett.”

“Ef fólk nýtur þess, er það þá ekki fallett?”

spurði K.

“Kannski. Ég skil hvað þú átt við. Samt, það er alls ekki allt sem notið er fallett eða gott. Alls konar siðblinda og eittraður kvalalosti. Perversjónir og höfuðbjaganir. Eða er það ekki? En þetta drasl er bara mikið til svo ljótt. Ljótt í sjálfu sér. Svo bjánalegt. Eins og skrípamyndir af líkamshlutum og fötum og svoleiðis. Allt ýkt og yfirdrifið og vandræðalegt.”

K kinkaði enn eina ferðina kollinum og sagði:

“Eins og óperur og ballett.”

Söngvarinn svaraði því engu. Kláraði úr bollarinnum sínum og stóð upp til að sækja sér ábót. Standi manni ábót til boða er um að gera að nýta sér það. Ef mann á annað borð þyrstir í meira kaffi. En stundum á fólk það til að barmafylla bolla af ábótum sem það hefur enga lyst á. Það er bjánalegt. Mannlegt kannski, en bjánalegt. Það er nær fullvíst að söngvarinn og klámkóngurinn Einar var ekki að fylla bollann sinn af því bara að hann

mátti það. Hann bar sig um flest eins og sá sem langar í meira kaffi. Og sem hefur líkamlega lyst á því. Þetta tvennt fer ekki alltaf saman, hvort sem er þegar lýtur að kaffi eða marsipani eða kynlífi.

Tuttugasti kafli.

Á meðan söngvarinn sótti ábótina sem hann ef til vill þyrsti ekkert í horfði K út um rúðuna. Hún var hvítmóðug af saltskán. Þó sást vel í gegn. K fylgdist með þremur rauðklæddum mönnum strunsa fram hjá kaffihúsinu. Mögulega voru þeir lögregluþjónar. Tveir þeirra leiddu í öllu falli á milli sín þann fjórða. Það var ungur maður með sítt ljóst skegg. Fangaverðirnir voru súrir á svip. Ungi maðurinn klæddist fremur illa sniðnum, gráum jakkafötum. Framan á honum sveiflaðist demantsgrænt bindi. Oftar fylgir ákveðinn virðuleiki samstæðum jakka og buxum. En sá skeggjaði var fremur aumkunarverður á að líta þar sem hann skakklappaðist á milli hinna rauðklæddu. Með stórt gat á annarri buxnaskálminni og að því er virtist illa hruflað hné þar undir. Sárið kom þó ekki í veg fyrir að hann talaði nokkuð háum rómi, orðin voru illgreinanleg en það hljómaði eins og hann væri að halda eintölu eða ræðu fyrir áheyrendur sem engir voru. Líkast til voru efnistökin þess skeggjaða ekki ýkja eldfim því lögregluþjónarnir sinntu ræðuhöldunum engu en héldu sínu striki. Kannski var hann að þylja upp ljóð frekar en halda samfélagslega tölu og fyrir slíku eru laganna verðir yfirleitt ónæmir.

Skömmu eftir að hersingin gekk hjá fór ung kona í sumarkjól í loftköstum fram hjá kaffihúsinu. Eins og til að reyna að ná í skottið á stóðinu. Það gæti ekki verið komið ýkja langt. Ofan úr götunni hrópaði einhver á eftir konunni. Svo hátt að K heyrði greinileg orðaskil:

Það þýðir ekkert. Komdu frekar með.

K hristi hausinn. Hún leit á köttinn sem lá enn á gólfinu en nú með augun opin.

“Hvað er eiginlega að gerast?”

spurði hún hann. Hann svaraði engu.

“Hvað áttu við?”

spurði söngvarinn og settist með ábótina niður við borðið. Bollinn var rétt hálffullur.

“Ekkert,”

sagði K og gerði sér upp kæti,

“ég var bara að tala við köttinn.”

Þau sögðu fátt um hrið. Kláruðu úr bollum og glösum. Teygðu úr sér, geispuðu og ræsktu sig. Skömmu síðar sögðu þau jæja og jamm og stóðu á fætur. Þau gengu yfir að afgreiðsluborðinu til að gera upp. Gengilbeinuna var hvergi að sjá. Né raunar nokkurn annan. Þau voru einu gestirnir á kaffihúsinu og enginn annar hafði komið þangað inn á meðan þau sátu þar, eftir því sem þau best vissu. Þau töluðu dálítið hátt saman um í von um að gengilbeinan eða annar starfsmaður heyrði í þeim og kæmi fram. En það dugði ekki heldur til. Þá bankaði K í afgreiðsluborðið. Fyrst kurteislega en síðan fast. Og hún kallaði halló inn í eldhúsið sem lá inn af króknum á bak við afgreiðsluborðið. Rak þá augun í bjöllu á borðinu. Bölvaði bankinu. Hringdi henni án þess að bíða svars við kveðjunni. Bjallan glumdi eins og dyrasími í aumingjablokk. Enginn lét sjá sig.

“Skrítið,”

sagði söngvarinn móðgaður. Hringdi síðan bjöllumni. Þurfti að prufa sjálfur, slíkt er alls ekki óvenjulegt. K yppti öxlum,

“kannski þurfti hún á klósettið.”

Þau biðu í dálitla stund. Söngvarinn virtist óþreyjufullur. Mögulega tengdist það ekki biðinni heldur réðst af almennri taugaveiklun. Loks tók K sig til. Hún gekk aftur fyrir afgreiðsluborðið og gægðist inn í eldhúsið.

“Halló?”

spurði hún. Gætti þess mjög að hljóma afsakandi. Ekki vitund grunsamleg eða vafasöm að minnsta leyti.

“Gætum við fengið að borga?”

Fáránleg spurning, sprenghlægileg undir flestum kringumstæðum. En hún fékk ekkert svar.

“Halló,”

kallaði hún einu sinni til viðbótar áður en hún gekk inn í eldhúsið. Þar var enginn. Við vinnuborð á hjólum var hár kollur. Eins og fyrir bar. Of hár fyrir borðið. Á borðinu lá

fallegt en snjád sögurit í stóru broti. Inn í það hafði servíettu verið stungið eins og bókamerki. Þar við hliðina hafði rauðgult epli verið sneitt á disk, ekki í báta eins og venja er heldur flatar sneiðar, giska sentimetra þykkar. Innst í eldhúsinu stóðu opnar útidyr. Hurðin var heljarinnar hlammur. K gekk í gegnum eldhúsið að dyrunum og steig út fyrir.

“Halló?”

Dyrnar opnuðust út í lítið port. Þar voru nokkrar yfirfullar ruslatunnur og brunastigi sem hringaði sig þrjár hæðir upp eftir húsvegg. Ísúr lykt en líka dálítið sæt og velgjuleg. Sjálfsagt voru rottur í skuggunum. En ekki sálu að sjá.

“Það er enginn hérna,”

kallaði K til söngvarans í þá mund sem hún steig inn um dyrnar. Hann var þá líka kominn í eldhúsið og hrökk við þegar hún hrópaði svo til í andlitið á honum.

“Fyrirgefðu,”

sagði hún,

“það er enginn hérna. Hún er farin.”

Söngvaranum féllust hendur.

“Hvaða rugl er þetta, farin? En hérna?”

Söngvarinn gekk að lokuðum dyrum sem voru hálfaldar á bakvið kæliskáp. Skápurinn var ekki í sambandi. Söngvarinn tók í handfangið en dyrnar voru læstar.

“Afsakið,”

sagði hann við hurðina,

“er einhver hér?”

Hann fékk ekkert svar. Sló létt með flötum lófa á hurðina. Við það opnaðist kæliskápurinn sem reyndist vera fullur af nýjum bílavarahlutum. K gekk aftur fram að afgreiðsluborðinu og skimaði yfir staðinn. Hægra megin við afgreiðsluborðið voru snyrtingar. Inn af litlu holi þar sem voru spegill og fatahengi. Skáhallt niður spegilinn, sem var sporöskjulaga og í gullmáluðum tréramma, var hárfín sprunga. Hún dugði samt til að skera andlit K furðulega í sundur. Hún leit því undan. Bankaði þrisvar sinnum á hurðina að kvennaklósettinu. Fékk ekki svar frekar en fyrr. Hún opnaði dyrnar en ljósin

voru slökkt. Enginn þar inni. Gerði svo eins við karlklósettið þar við hliðina. Reyndar bankaði hún þar fjórum sinnum. Það var sama sagan. Utan að ljósin voru kveikt. Gólfíð í kringum klósettið var matt af hlandi og heit þækilgufa í loftinu. Það rann heitt vatn úr krana. K skrúfaði fyrir kranann, slökkti ljósin og lokaði dyrunum aftur. Söngvarinn kom nú fram úr eldhúsinu. Hann bruddi gulrót og spurði hvort hún hefði fundið einhvern.

“Nei,”

svaraði hún,

“hún er ekki hér. Það er enginn hér.”

Kötturinn fylgdist með þeim undan borðinu við gluggann. Hann lá þar eins og sfínx með loppurnar fyrir framan sig.

“Ég nenni þessu ekki,”

sagði K við söngvarann. Hún gretti sig. Ullaði. Hann rótaði í vösunum. Það skjáfaði í buxunum. Eins og hann væri með vasana fulla af sælgætisbréfum.

“Eigum við að skilja eftir pening?”

lagði hann til. Efins eða smeykur. Sjálfsagt var hann bæði, og þó það nú væri.

“Neeei,”

sagði K,

“kettinum finnst það fáránleg hugmynd.”

Kötturinn jánkaði því hvorki né neitaði en lá áfram eins og sfínx, fullur vanþóknunar og visku.

“Ef enginn er hér til að taka við greiðslu þá ber okkur hreint engin skylda til að borga, segir hann,”

túlkaði K,

“og ég er alveg sammála.”

Það varð úr. Þau yfirgáfu kaffihúsið án þess að greiða fyrir veitingarnar. Kötturinn tiplaði fremstur í flokki. Hann hafði ekki svo mikið sem þefað af mjólkinni. Hafði ekki sýnt henni minnsta áhuga, þótt honum þætti hún ljúffeng. Hann var jú víst alveg áreiðanlega með mjólkuróþol og skynsamari en svo að hundsdynti líkamans. Flest önnur dýr eru betri í því en mannfólk, önnur spendýr alveg sérstaklega, ef frá eru taldar

fáeinar tegundir spendýra og fugla sem eins og menn eru sólgðnar í áfengi og síðan mannapar sem hlaupa í spik ef þeir geta.

Tuttugasti og fyrsti kafli

“En hvað - umm, vinnur, eða sem sagt, gerir þú?”

spurði söngvarinn fyrir utan kaffihúsið. Þau stóðu þar dálítið bláleit og falleg en ringluð og villt. K svaraði honum ekki. Hún rýndi upp götuna. Ekkert fólk var þar á ferli. Heldur engir kettir. Það þurfti ekki að koma á óvart. Þetta var lítil og þröng gata og ekki ýkja fjölfarin. Þar voru einkum fremur lág og þröng íbúðarhús, þar sem hvorki bjuggu embættismenn né dómarar, auk kaffihússins og reiðhjólaverkstæðis sem alltaf virtist vera lokað. Gatnamótin við göngugötuna þar fyrir ofan voru líka mannlaus. Hver sem kallaði á eftir konunni skömmu fyrr hafði látið sig hverfa í gagnstæða átt og nú sást hvorki tangur né tetur af honum.

“Förum upp í göngugötu,”

lagði K til,

“við getum rölt hana niður eftir. Séð hvort við finnum Kompuna ekki þannig.” Mögulega var verslunin í næstu götu, það var ekki óalgengt. En að auki komu nokkrir fleiri staðir til greina, allir þar niður af. Næsta gata eftir næstu götu, önnur gata út frá næstu götu eftir næstu, og svo framvegis. Söngvarinn féllst á tillöguna og þau röltu af stað. Óþarft var að fá samþykki kattarins. Hann fylgdi K. Og ef hann kærði sig ekki um að fara sömu leið og hún, sem var fremur sjaldan, þá einfaldlega sleppti hann því. Lét sig hverfa. Birtist aftur við hlið K þegar honum sýndist eða þess þurfti, að honum þótti. Hún var fyrir löngu hætt að kippa sér upp við dyntina. Kötturinn tiplaði fram hjá þeim. Hann fór út á götuna og gekk af stað upp eftir henni miðri. Þau gerðu eins.

Hvað gerir þú?”

reyndi söngvarinn aftur.

“Stundum teikna ég myndir,”

svaraði K með semingi. Hún var ósjaldan spurð að þessu. Fólk hefur undarlega þörf fyrir að vita þvíumlíkt. Jafnvel þótt því komi það ekki vitund við. Og þótt það segi yfirleitt

meira um þann sem spyr en þann sem situr fyrir svörum. K þótti alltaf erfitt að svara. Jafnvel þótt það kæmi viðkomandi við. Þó ekki af viðkvæmni eða dul. Ekki beinlínis. Þetta er stór spurning. Stærri en marga grunar.

“Ertu myndlistarkona?”

“Nei. Alls ekki.”

Þau voru í þá mund að koma upp í göngugötuna þegar rauður bíll kom akandi niður hana á lítilli ferð. Inni í bílnum voru tveir rauðklæddir menn. Sá farþegamegin kom fyrir auga á K og söngvarann. Snéri sér þá að ökumanninum sem stöðvaði bílinn. Sá farþegamegin skrúfaði niður bílrúðuna.

“Daginn,”

sagði hann alvarlega. K og söngvarinn svöruðu í sömu mynt.

“Voruð þið ekki búin að heyra af útgöngubanninu?”

K hló við en söngvarinn svaraði neitandi. Þau hefðu ekki heyrt af því.

“Það varð slys. Niðri við tjörn. Tímabundið útgöngubann. Þið hljótið að hafa heyrt það.”

“Nei, við heyrðum ekkert. Vorum á fundi,”

sagði K.

“Hverslags fundi?”

spurði sá sá farþegamegin. Snéri sér svo að bílstjóranum sem drap í kjölfarið á bílnum. Því næst stigu þeir út úr honum.

“Bara fundi,”

svaraði K, sem var hætt að hlæja. Hún brosti ekki.

“Vinnufundi,”

laug söngvarinn.

“Það varð slys. Það er útgöngubann í miðborginni sem stendur. Eða tilmæli.

Banntilmæli. Útgöngutilmæli. Útferðartilmæli. Það varð slys niðri við tjörn.”

Það var bílstjórinn sem nú hafði orð fyrir þeim. Sá með samvöxnu augabrúnirnar, frá því fyrir um daginn, ofar í götunni. En þetta var annar bíll. Hann hafði skipt um bíl og féлага. Þeir virtust nærri því fjólubláir í nýstárlegri dagsbirtunni. Hún virtist enn vera að blána.

Og auðséð hvernig stóð á því. Tunglið hafði stækkað og fyllti nú á að giska þrjátíu og fimm til fjörutíu prósent himinsins alls yfir borginni.

“Ég varð vitni að slysi hér ofar í götunni fyrr í dag,”

K beindi orðunum til bílstjórans. Farþeginn svaraði:

“Nei nei nei nei, niðri við tjörn. Slysið varð niðri við tjörnina. Niður frá. Það er útferðarbann. Útferðartilmæli það er að segja. Uppákoma við tjörnina.”

“Já, uppáferð. Koma. Hvaða fundi voruð þið á?”

spurði bílstjórinn.

“Það voru tveir rauðklæddir menn að misþyrma konu. Ofar í götunni.”

K starði á bílstjóran. Hann sýndi engin svipbrigði. Augabrúnirnar voru hnausþykkar. Svona augabrúnir eru alltaf þungar. Aldrei blíðar. Það er ekki hægt að beygja þær til blíðu, af og frá.

“Við vorum bara að ræða um launamál,”

hélt söngvarinn áfram. Staðfastur í furðulegri lyginni:

“Í fyrirtækinu okkar. Það er verslun. Við eigum bókabúð. Bara smá.”

Bílstjórinn tók sér stöðu við bílinn. Krosslagði hendurnar á brjóstinu. Sá farþegamegin gekk rösklega í átt að þeim.

“Eruð þið með skilríki?”

sagði hann með þjósti.

“Það er útgöngubann. Útgöngutilmæli. Hvar eru skilríkin. Útgerðartilmæli.”

ítrekaði bílstjórinn frá bílnum. Söngvarinn svaraði. Því sem næst hrópaði:

“Þetta er bara lítil bókabúð. Hún er hérna rétt hjá. Við vorum bara á fundi.

Vorum þar. Ýmis mál. Þurfum mögulega að ráða annan starfsmann. Vöxtur.

Hægur-

“Eruð þið með skilríki? Það eru útferðartilmæli,”

endurtók sá farþegamegin,

“Skilríki, takk. Lofið mér að sjá skilríki. Einn, tveir og koma svo.”

Hann var nú kominn upp að þeim. Stakk fram hendi eins og efrimiðstéttarborn, sem er óvant því að vera neitað um nokkurn hlut. Kroppaði út í loftið með fingrunum. Neglurnar voru nýklypptar en undir þeim voru svartar rendur.

“Nei,”

sagði K. Ekkert meira. Hún einfaldlega neitaði. Eins og ábyrgur uppalandi myndi neita freku barni. Hik kom á þann farþegamegin. Enn þá eins og búast mætti við af téðu barni. Hann blikkaði augunum nokkrum sinnum. Þá orgaði bílstjórinn óþolinmóður ofan frá bílnum:

“Halló, halló! Skilríki! Einn, tveir og bingó. Það er ástand niður frá.”

Heyra mátti á andadrætti söngvarans að honum leið illa. Hann var farinn að mása. Röddin hafði hækkað um að giska tvær áttundir.

“Þriggja prósentu vöxtur. Svo er það náttúrulega gengið. Og ólíkt því sem margir halda er reksturinn sveiflukenndur. Listrænt gildi og fleira, alla vega misklíð og ágreiningur. Þessi bransi. Trúið mér-”

fnæsti hann andstuttur. Sá farþegamegin virtist ná áttum. Hann gretti sig. Mögulega þuldi hann í höfðinu einhverja galdrapulu sem upprennandi lögregluþjónum er tamin. Um að sýna stillingu en ákveðni. Að vera fastur fyrir. Röggsamur. En líka um að muna ávallt að anda rétt. Neðan úr kviðnum. Með þindinni. Halda yfirvegun. Alltént hljómaði hann þannig þegar hann sagði:

“Ég þarf að fá að sjá skilríki. Ef þið neitið að sýna þau verðið þið að koma með okkur. Þarf að fá að sjá þau. Það eru útferðartilmæli. Stórslys, stórmerkislys. Útgöngu-, þið verðið að sýna mér skilríki. Svona nú, hipp hipp.”

Svo, eins og til að sýna fram á mennsku, kannski í viðleitni til að framleiða einhvers konar samsemdartengsl, hélt hann áfram í undarlegum tóni:

“Þetta þarf ekki að vera neitt vesen, ha. Tilmæli. Ef þið bara sýnið okkur skilríki. Takk. Skilríki, takk. Út af stórmerkjum, -slysi, meina ég.”

“Ég er ekki með veskið mitt,”

rumdi mæðulega í söngvaranum. Hann var með hendurnar á bólakafi í buxnavösunum. Rótaði í þeim. Þeir hljómuðu eins og fyrr líkt og þeir væru fullir af sælgætisbréfum. Sá farþegamegin og K horfðust í augu. Hvorugt þeirra sagði neitt. Þá gall í bílstjóranum:

“Þau voru að kalla af stöðinni. Við þurfum að rjúka. Trjónan bara hækkar og fíflin streyma niðurettir. Láttu þessa vitleysinga eiga sig. Hundskisti bara heim og læsið að ykkur. Það er útigangstilskipun. Stórmerki.”

Hann settist inn í bílinn og ræsti hann. Bílinn hrökk til áður en drapst aftur á honum. Bílstjóranum tókst betur til í annarri tilraun.

“Heim,”

kallaði sá farþegamegin um öxl, á leið upp að bílnum,

“tilvísunin!”

Hann var nú kominn að bílnum og tróðst inn í hann. Áður en hann hafði skellt aftur hurðinni voru þeir roknir af stað. Á miklum hraða niður göngugötuna miðja.

Mannlausa. Óvanaleg þessi traffík rauðra bíla þar um. Söngvarinn dró hendurnar upp úr vösunum. Lét þær falla niður með síðunum. Þeim fylgdu nokkur marglit bréfsnifsi sem dugguðu niður á stéttina. Hann andvarpaði:

“Vorum á fundi. Vorum á andskotans helvítis vinnufundi.”

Tuttugasti og annar kafli.

Göngugatan var blá og mannlaus. Verslanirnar og veitingahúsin blá og tóm. Ruslatunnurnar bláar og fullar. Stöku dyr göptu opnar og aulalegar. Fyrir utan sum veitingahúsin voru stólar og borð með matseðlum og sígarettubökkum og -pökkum. Tómunum eða hálfátómunum glösum og hálfétnum eða ósnertum mat eða eintómunum beinum og vemmilegu slefi. En engir fuglar voru samt komnir niður að kroppa í diskana. Engir gerðu sig líklega, engir flögruðu yfir. Engar mannaferðir voru heldur greinanlegar í gluggum á efri hæðum húsanna. Enginn sást vökva pottablóm né draga gardínur til eða frá. Enginn að gægjast eða fela sig. Heldur ekki gera neitt sniðugt eða dónalegt eins og stundum mátti sjá. Enginn að sýna sig og glenna. Ekki einu sinni frelsingjarnir voru sýnilegir, ekki einn einasti, og þó létu þeir yfirleitt ekkert stöðva sig og sinn bisset. Engin veður, ekki snjóstorma eða hauslægðir, og enga hátíðis- eða frídaga eða annan opinberan vitleysisgang. Héðan og hvaðan barst tónlist úr hátölurum. Frískleg og ósvífin dansmúsík. Eins og sérvalin til að hvetja til vondra kaupa og þöguls undanhalds.

Kötturinn rófulausi, K og söngvarinn Einar röltu niður mann- og fuglalaus götuna. Söngvarinn var sýnilega í uppnámi eftir samskiptin við fjólubláu lögregluþjónana. Hann malaði út í eitt með hendur í vösum. Kötturinn gekk framan af í broddi fylkingar en virtist þykja nóg um kjaftaganginn. Tildurslaust dró hann sig aftur fyrir förunauta sína. Stansaði endrum og eins til að þefa stuttlega af gangstéttarhellunum. Eða til að skima upp í loftið. Eftir uppsprettu hljóðs sem manneskja myndi tæpast gefa gaum. Rödd söngvarans lækkaði hægt og bítandi. Náði að endingu sinni vanalegu tónhæð á nýjan leik. K hlustaði, jáaði og neiaði. Kinkaði kolli eða hristi hausinn. Yppti öxlum, hummaði og svo framvegis eftir því sem við átti. Sagði annars fátt. Hugsaði þeim mun fleira.

“Er það ekki hér?”

spurði söngvarinn. Átti þar við götuna þar sem Kompan stóð. K leit upp á götuskilti á skökkum ljósastaur. Svo niður hliðargötu sem lá þvert á göngugötuna, eins og hún hefði aldrei verið annars staðar. Þarna voru hryllileg skartgripaverslun og bókabúðin Kompan. K jánkaði.

“En ætlum við enn þá í bókabúð?”

spurði hún síðan. Og var það nema von? Kringumstæður höfðu óneitanlega breyst. Vindar, eins og allt loft, fallið niður dauðir. Vissulega er lítil þörf fyrir mannmergð allt um kring þegar farið er í bókabúð. En skyndilegt og algjört mannleysi getur sett þannig strik í alla reikninga að lestur verði að bíða. Að ekki einu sinni er forsvaranlegt að blaða lauslega í bókum og lesa á kápur eða einu sinni kili. Þetta sér hver mannssál. Flestir kettir líka. Snýst um forgangs röðun. Um mátulega virðingu fyrir firringu og mistri. Sá sem ekki virðir firringu er vís til að hylla lágkúru og guð. Guð forði því. Hik kom á söngvarann. Hann hafði vísast verið því of feginn hvernig klípan á gatnamótunum skömmu fyrr varð að engu til að hugsa lengra en sem nam vegalengdinni að þessum þriðju gatnamótum þar fyrir neðan. Lái honum hver sem vill. Hann dró augabrúnirnar lengst aftur á enni. Eins og einhver sem er í þá mund að segja “tja”. En hann sagði ekkert. Horfði bara á víxl niður að bókabúðinni og niður göngugötuna.

“Það sakar svo sem ekki að gá hvort hún er yfirleitt opin. Hvort þar er

einhver. En væri það ekki skrítið? Að hvergi væri sála nema einmitt þar?”

velti K upp. Hún gekk engu að síður af stað niður að Kompunni. Söngvarinn fylgdi orðlaust á eftir með fulla vasa af rusli.

Tuttugasti og þriðji kafli.

Verslunin var opin. Í hurðinni hékk lítið spjald sem á stóð:

OPI Ð.

mán-fös: ?

lau: ?

sun: Lokað

Ljósinn voru kveikt. Hvítar perur. Ekki var að sjá að nokkur væri í búðinni. Slíkt er alvanalegt um litlar bókabúðir svo K og svo söngvarinn gengu inn. Kötturinn settist hins vegar niður fyrir utan búðina. Hann snéri að götunni til að fylgjast með. Til að fylgjast með því sem ekki var. Honum þótti mannleysið síst ómerkilegra en förunautum hans tveimur þótt hann væri að líkamsgerð og nafninu til af annarri tegund. Á hurðinni hékk auk spjaldsins lítil eirbjalla sem klingdi í þegar gengið var um. Annars var nær alger þögn í búðinni, aðeins heyrðist ofurlágt suð frá lömpunum í loftinu. Engin tónlist var þar í gangi frekar en endranær. Allur hávaði og truflun er til baka þar sem fólk þarf að geta einbeitt sér að því að lesa smátt letur aftan á bókum með áhugaverðum kápumyndum.

“Ég sé engan,”

sagði söngvarinn óþarflega hátt. Þrumaði það raunar. Líkast til gerði hann þetta í þeirri von að einhver heyrði til þeirra og gerði vart við sig. K leit um öxl. Hún setti í brýnnar. Óttalegur brussugangur, hugsaði hún ef til vill og henni var lítið um þannig hegðun gefið. Gekk svo til málamynda dálitinn hring um búðina. Það var ekki lengi gert því hún var lítil. Raunar hefði dugað að skima yfir rýmið frá útidyrnum. Hún snerti á bókum á borðum án þess að gefa þeim frekari gaum. Fæstar voru í plasti. Kápurar missleipar. Hringnum lauk K á því að stika fram hjá afgreiðsluborðinu fremst í versluninni og í gegnum hurðarlausu dyragætt þar við hliðina. Hún lá inn að lítilli kaffistofu.

Gluggalausri kytru. Inn af kaffistofunni var lager, líka gluggalaus. Ljósinn þar voru kveikt.

K kallaði:

Halló,

og:

Er einhver hér?

og:

Er opið?

og loks:

Er þetta heimsendir?

Hún fékk engin svör. Þar var enginn, frekar en við var að búast. Ekki sála. Samt var þar kaffivél í gangi. Ein þessara gömlu sem sjóða pott í senn. Enn draup samviskusamlega niður úr henni. Senn yrði kannan full. Á litlu eldhúsbörði sat kaffibolli með langri skeið eins og fyrir sultu og opin bók með hekluðu bókamerki. Merkið var appelsínugult og brúnt. Í það var heklaður stafurinn O. Kannski fyrir Olgu eða Orm eða Oj. K slökkti á kaffivélinni. Leit á kápuna á bókinni sem var óspennandi. Eitthvað þvarg um námsmenn í evrópskri borg á síðustu öld. K lagði bókina aftur og gekk fram í búðina. Hún lét vera að gá inn á lagerinn. Hana grunaði að þar fyndist aldrei neitt. Þó slökkti hún ljósin. Þegar hún kom fram stóð söngvarinn við hillustæðu innarlega í búðinni. Blaðaði í þykkri bók um talnaspeki og velgengi í viðskiptum. Þegar hann sá K stakk hann bókinni í ranga hillu og gekk til hennar.

“Hvað teiknarðu?”

spurði hann. Hún hváði.

“Þú sagðist áðan teikna myndir. Hvað teiknarðu?”

K hundsaði spurninguna til að byrja með og sagði:

“Það er enginn á bak við.”

“Nei, auðvitað ekki,”

sagði söngvarinn,

“Það er enginn neins staðar. Af hverju ætti einhver að vera hér? Frekar en bara í

draslbúðinni þarna á horninu eða pítsustaðnum þar á móti. Þar er reyndar aldrei neinn, en, þú veist. Hmm. Hvað teiknarðu?”

Hvað teikna ég? hugsaði K. Hvað teikna ég eiginlega? Hún tók í hurðina og litla bjallan klingdi. Söngvarinn elti K og bjölluna. Þegar þau komu út á gangstéttina fyrir framan búðina sat kötturinn ekki lengur þar. Hann var staðinn á fætur og stiginn út á götuna. Út á gróft malbikið. Blátt malbikið. Stóð þar stilltur og horfði til himins. Góndi upp, ekki á innanverða hvelfingu heldur utanvert hvolf. Himinninn var blár og hann var að langmestu leyti bara tungl. Á að giska sjötíu prósent hans voru nú orðin að tunglinu. Því var líkast sem tunglið, flennistört og gígum grafið, væri rétt í þá mund að leggjast niður á borgina. Síga ofan í hana. Lágt suð var í loftinu á milli tunglsins og borgarinnar. Eins og í feykistórri viftu einhvers staðar fjarskalannt í burtu. Eða eins og í agnarsmárri viftu djúpt inni í hlustunum. Mögulega ofan á heilaberkinum, undir hvirflinum. Það var ekki svo ólíkt því frá hvítu ljósunum í bókabúðinni en ágengara. Ísmeygilegra, óumflýjanlegt.

Söngvarinn boraði með vísifingrum í eyrun. Fyrst sitt á hvað en síðan í bæði eyru í einu. Hann lét smella í gómnum og snérist um sjálfan sig. K gerði eins og kötturinn og starði upp á himinninn. Það er óhjálpsmæla heljarinnar sjónarspil þegar himinhnettir mætast, sama þótt aðeins sé um að ræða fremur smáa plánetu og lítið tungl, ef yfirleitt einhver er til að sjá slík mót. Það er sjaldnast. Og það var nýlunda að geta talið gígana á þeirri hlið tunglsins sem sneri að jörðu. Tilkomumikið að heyra söng þess svo skýrt og greinilega, án nokkurra mælitækja eða magnara. En K taldi ekki gígana, frekar en kötturinn. Nú var ekki tíminn til þess. Hvorugt þeirra hreifst heldur af söngnum. Þau heyrðu hann, skynjuðu og fundu. Utan og innan. En þau hrifust ekki með. Söngvarinn iðaði. Dansaði. En hann hreifst tæpast með heldur. Hann virtist klæja óskaplega í eyrun. Það er gerólíkt að heyra hnetti syngja eða fólk. Ósambærilegt. Þótt sumt fólk virðist aðeins snúast um sjálft sig og fiska eftir fylgihnöttum eins og því hentar hefur það aldrei aðdráttarafl, seiðmagn eða offors himinhnattar á stími um tómið. Og þessi tiltekni maður, söngvarinn, var ekki eitt þessara manntungla. Hann gekk af stað upp götuna. Sömu leið og þau höfðu komið. Án þess að segja neitt.

“Hvert ertu að fara?”

kallaði K á eftir honum. Hann svaraði því engu. Veifaði þeirri hendi sem hann var ekki með á kafi í eyranu aftur fyrir sig. Stefndi niður göngugötuna. Kötturinn sleit loks augun af himninum og leit örstutt á K. Trítlaði svo hljóðlaust í humátt á eftir söngvaranum. Upp götuna og svo niður. Loks gekk svo K sjálf af stað. Mögulega hafði hún ekki um neitt að velja.

Tuttugasti og fjórði kafli.

Suðið var að sönnu ekki hátt en það var þungt. Ekki sársaukafullt en óumdeilanlegt. Seyðingur í heiminum. Það fundu þau öll þrjú. Söngvarinn með rusl í vösum. Konan K með óljós áform. Og kötturinn rófulausi. Þau gengu þögul niður göngugötuna. Í átt að tjörninni, þar sem að sögn hafði orðið slys.

Þau töluðu ekki saman eða einu sinni hvert við sig sjálft. Ræddu ekki slysið eða fabúleruðu um tunglið. Gengu bara. Án þess að vita lengur hví þau gengu. Án þess að vita hví þau stefndu þangað sem þau stefndu. Það virtist liggja beint við. Eitthvað togaði þau niður eftir. Eitthvað annað en jörðin sjálf eða tunglið sem þó vomaði yfir höfðum þeirra. Eitthvað í heilunum eða taugunum. Eða sálunum. Hvað sem þær eru. K og kötturinn voru ekki þannig manneskja og köttur, sem læsa sig inni þegar þeim er skipað að gera það. Reyndar eru engir kettir þannig að mér vitandi. Söngvarinn átti það vafalaust til að læsa sig inni. En hann gerði það ekki í þetta sinn. Kannski átti hann einskis völ. Látum það liggja á milli hluta. Kannski áttu K og kötturinn ekki völinu heldur. Hefðu hvort sem er ekki gert það. Það skiptir ekki heldur máli. Þau einfaldlega gengu. Þau gengu sem fyrr fram hjá opnum dyrum og lokuðum. Fram hjá þöglum húsum og háværum. Yfirleitt öllu því sem finnst við verslunargötur um hábjartan - ef óvanalega heiðbláan - dag. Nema auðvitað fólki. Enn var ekkert fólk. Enn voru þau ein. Þrjú ein.

Þríeykið var statt við skóbúð með uppstoppaða tófu í sýningarglugganum, þar sem áður hafði verið pylsusjoppa sem líka prangaði með sterk verkjalyf, þegar þau komu auga á nálina yfir þökum húsanna við sunnanverða götuna. Þráðbein skar hún skarpa, ljósa rák í bláan mánann. Söngvarinn sá hana fyrstur. Stoppaði svo til í skrefinu. Hann var álkulegur, enn með vísifingur í öðru eyranu. Suðið hafði farið hækkandi eftir því sem þau gengu lengra niður götuna. Það er auðskýrt. Jafnframt því að þau nálguðust torgið

sem yfirleitt markar vesturenda götunnar, nálgudust þau upptök suðsins. Athugið þó að því ræður einskær tilviljun. Þessi tiltekna gata hafði ekkert með suðið að gera. Það er brýnt að búa ekki til tengingar þar sem engar eru. Sama hversu þungbær óreiðan kann að vera. Falskur tilgangur er enginn tilgangur. Bara harmleikur heimskunnar. Kötturinn læddist áfram. K nam staðar skammt fyrir aftan söngvarann.

“Hvað?”

spurði hún. Hann ansaði henni ekki. Sagði ekki orð en dró vísifingur út úr eyranu og benti á nálaroddinn. Mögulega voru það ósjálfráð viðbrögð við lygilegri sjón. Síðan leit hann um öxl, á K. Hún sá nálina. Gekk til hans og tók sér stöðu við hliðina á honum. Þau horfðu á nálina. Hún var ljósblá. Ljósari en mánahiminn. Oddur hennar var svo hárhvass að þaðan sem þau stóðu var ómögulegt að sjá hvar hann eiginlega endaði. Hann bara smá rann saman við litlu dekkri bakgrunninn. Og hvað nálin var glansandi blá. Að líkindum myndi hún sýnast hvít eins og nýþrifin klósettskál á sólbjörtum degi. En þetta var hennar rétti litur. Sumir hlutir eru eins í öllu ljósi. Þetta var hennar ljós. Blámánaskin var hennar rétta birta. Það sást glögglega. Hún gat ekki verið neitt annað en fölblá eins og tunglið, þessi himinháa nál yfir borginni.

“Ég teikna hús,”

sagði K án þess að blikka augunum, og bætti við:

“ég er ekki arkitekt.”

Og:

“Ég teikna brennandi hús. Með blýanti eða penna. Tússpenna. Strik og pár. Krass.

Ég teikna brennandi hús. Hús sem eru brennd. Og stundum hús sem munu

brenna. Tíminn er aukaatriði. Mig dreymir brennandi hús. Brunnin hús.”

Hví hún sagði þetta á þessum tímapunkti er erfitt að segja. Tímasetningin sýnist úr takti við ytri kringumstæður. En þannig er það stundum. Kannski kom hún þá fyrst að því orðum. Ef til vill fannst henni þá fyrst sem hún hefði rétt á því að segja það. Sem hún hefði til þess leyfi. Stundum þarf ákveðnar breytingar á hinum ytri veruleika til að við skiljum þann innri. Eða til þess að við megnum að fullyrða nokkuð um hann. Vitanlega teiknaði K margt fleira en brennandi hús. Oft teiknaði hún myndir af talandi fólki.

Nokkurs konar skrítlur. Í gegnum tíðina hafði hún raunar teiknað mun fleiri slíkar myndir en af brennandi húsum. Það væri hægt að færa rök fyrir því að hún hafi haft þær að atvinnu. En henni þótti það ekki skipta máli. Óþarft að nefna. Frekar en verkfræðingur nefnir í starfslýsingu klósettferðir sínar á vinnutíma. Eða sundlaugarvörður það að hann tíni alla morgna dauðar flugur úr glugganum gegnt skógrindunum í anddyri sundlaugarinnar. Margir reyna alla ævi að festa fingur á því hvað þeir í raun gera. Sumum tekst það og það er mikið fagnaðarefni. Öðrum tekst það aldrei. Það er fjarri sjálfgefið. Og vel er mögulegt að lifa ágætislífi án þess. Tilveran er full af myndlíkingum sem vefjast fyrir fólki. Sem bæði tálma því sýn og hjálpa því að glöggva sig á tilvist sinni. Eins þótt það hafi ekki minnstu þörf fyrir eða áhuga á að skilja hana betur. Þær eru svo magnaðar að því leyti myndlíkingarnar. Eiga það fullt eins til að grugga lífið og glöggva sýn. Kannski lærum við einhvern tímann að skilja þær svo vel sé. En það er í besta falli djúpt inni í þoku framtíðar. Móðu gagnólíkra möguleika. Afsakið myndlíkingarnar.

Tuttugasti og fimmti kafli.

Þrjú gengu niður göngugötuna. Síðasta spölinn að tjörninni. Allt var blátt. Tunglið þakti himinninn. Nálina bar við tunglið. Úti um allt stóð fólk. Fullorðið fólk og börn.

Ungmennir og gamalmennir. Líka kettir og hundar. Smáfuglar sátu á herðum fólks og höfðum. Þau horfðu á nálina. Það er að segja allir nema frelsingjarnir sem hér og hvar lágu flatir á jörðinni. Þeir hirtu ekki um að á skærlita skóna þeirra klíndist götuskítur og rusl. Flatmöguðu niðri á milli fólks sem horfði upp og út. Andlit þeirra vissu niður. Þeir sáu ekki nálina. Ekki heldur þegar þeir reigðu höfuðin aftur og upp til að draga skarpt að sér andann. Það var því líkast sem þessi ógurlega trjóna með allt sitt aðdráttarafl talaði ekki til þeirra eins og annars fólks og dýra. Og þó voru þeir hingað komnir, frómir og fallega mótaðir, með nefin ofan í stéttinni. Aldrei því vant héldu þeir líka kjafti, og hvað sem öðru leið voru það allnokkur undur.

Nálin geislaði upp úr glersléttum vatnsfletinum og teygði sig ógnarhátt til himins. Ef vel var að gáð mátti sjá örlítið blik nákvæmlega þar sem oddur hennar varð að engu. Blikið bar við leirblátt yfirborð tunglsins. Umhverfis nálina hvirfluðust smáfuglar hring eftir hring eftir hring. Fuglar eins og á mjólkurskálinni á kaffihúsinu. Þöglar bókfinkur frá Evrópu. Þær hnituðu um sívala trjónuna. Flestar upp á við en aðrar niður. Úr varð strókur sem frá stafaði jafnþungu suði. Uns að upp úr tjörninni, eftir gljásléttu yfirborði nálarinnar, tóku að rísa mannverur. Mannlíki. Sólbrúnir og flekkóttir skrokkar, sinaberir og skornir. Húðin líkust velbrúkuðu sófaleðri. Ekki aðeins mátti sjá æðanetin bunga upp í gegnum húðirnar heldur líka þræði vöðvanna undir þeim. Enn fremur spennu og slaka sina og áferð beinaskaga og vöðvafestinga. Allar hreyfingar þessara líkneskja voru hárnákvæmar og skarpar. Jafnvel kvikari en þær fuglanna.

Fugasveimurinn víkkaði hringflug sitt um nálina þegar fyrsta fólkið bar að neðri mærum sveimsins. Við það trosaði gerið lítið eitt og suðið þá líka sem því nam. Mannlíkingarnir liðu þangað undir. Svo áfram upp innan gersins. Þeir klifu eða liðu upp

eftir nálinni á fingurgómunum og tánum. Það sýndist algerlega fyrirhafnarlaust og fagað. Konulíki eftir karllíki eftir konulíki eftir karllíki. Alltumkring og án minnsta hiks eða árekstra. Áfram, upp, hvert á fætur öðru. Tjörnin hafði verið full af mannlíkingum. Full af sinaberu hálfþólki. Hvasstálguðu. Hálfþólki með sítt hár og skegg og sinar. Með ör og flekki og síða punga, lafandi brjóst, dinglandi tittlinga og gapandi píkur. En engin augu. Þau höfðu engin augu. Ekkert þeirra. Þar sem augu ættu að vera var ekki neitt. Aðeins göp. Gin. Tóm. Tjörnin hafði verið barmafull af augnalausum hálfþólki. Kannski alltaf. Legið í borginni.

Vatnið rann og lak og draup af ósköpunum. Mest úr hári þess og skeggjum. Myndaði því sem næst foss við nálina neðanverða. Hann minnkaði eftir því sem ofar dró. Kraðakið varð samfara því lítið eitt mattara. Og af fallandi vatninu varð til gjálfur sem rann saman við suðið frá fljúgandi stróknum. Frá finkunum sem ekkert höfðu að segja. Úr því varð seigþykkur niður sem fyllti öll vit nærstaddra. Konulíkin og karllíkin klifu og klifu. Þau liðu og þau svifu. Senn sýndist nálin öll leika á iði. Frá yfirborði tjarnarinnar og upp í blámann. Sinaberir og glitrandi skrokkarnir með seigar húðir og flapandi sepa og hár runnu saman við hvínandi smáfuglagerið. Þau mynduðu móðuhjúp um nálina. Í senn ægifagran og andstyggilegan og framandi. Hann var ekki eins og neitt. Ekki næstum eins og neitt. Ekki líkur eða svipaður eða áþekkur einu eða neinu. Hann var eitthvað nýtt. Eitthvað djöfullegt og dásamlegt. Framandi. Hann var virkni. Gagnvirkni. Gangvirkni. Gangverk. Óskiljanlega stórt og flókið og taktfast í óreiðu sinni.

Niðurinn frá nálinni gáraði vatnið. Hljóð varð gnauð sem varð gustur. Hringirnir liðu blásindrandi út frá trjónunni. Bárust jafnhratt í átt að bökkum tjarnarinnar. Dóu út í þá mund sem þeir virtust ætla að ná landi. Kannski var þetta ekki hálfþólk sem leið upp eftir nálinni. Þessi nál var ekki ziggúrat, hof eða viðlíka. Kannski var fólk, við, hálfkaraðir tjarnfrummenn. Bjagaðar eftirmyndir. Mjúkar og veikar og vonlausar. Sjáandi til einskis nema óvissu og hjóms. Kannski voru þetta ekki fuglar sem þyrldust í kringum nálina. Þeir sögðu ekkert. Kannski var þetta ekkert. Það er ómögulegt að segja.

K tók af sér bakpokann og opnaði hann. Hún dró upp úr honum bunka af blöðum. Þau voru auð. Snjáð. Einkum voru það hornin sem létu á sjá. Sum voru dálítið

krumpuð. K olnbogaði sig í gegnum grafkyrra þvöguna með bunkann í höndunum. Í átt að tjörninni. Fólkið sem hún ýtti við sagði ekkert. Leit ekki á hana. Gaf henni ekki minnsta gaum. Þegar hún kom að tjarnarbakkanum lagði hún bakpokann á jörðina. Skimaði einu sinni upp eftir nálinni og síðan niður aftur. Tók svo til við að fleyta blöðunum á vatnsflötinn. Hún lagði þau niður eitt að öðru. Senn tók þau að bera hægt í átt að nálinni. Inn að miðju tjarnarinnar. Þau flutu í röð. Þegar blöðunum fjölgaði margfaldaðist röðin. Fikraðist í átt að nálinni. Hvítuna bar að miðjunni. Hvíta brautina. Hvíta brú. K lagði síðasta blaðið á vatnið. Það færðist ekki. Hún brosti. Steig út á blaðið. Það skvampaði ofurlítið í grunnri vantshulunni yfir blöðunum. K stóð þar um hríð. Söngvarinn kom að bakkanum. Kötturinn litlu síðar. K leit um öxl.

“Hvar voruð þið eiginlega?”

Hvorugur svaraði henni. Hún kippti sér ekki upp við það. Kannski var henni sama.

Tuttugasti og sjötti kafli.

K gekk af stað út á brúna. Í átt að nálinni. Kötturinn fylgdi þegar í stað á eftir. Söngvarinn skömmu síðar. Enginn annar. Fólkið stóð kyrrt eins og áður. Hin dýrin stóðu kyrr. Þögn. Góndu. Þrjú gengu rólega eftir brúnni. Vatnið var enn fullt af fólki. Sinaberu. Síðhærðu. Augnalaus. Það spriklaði fimlega um í vatninu. Skaust þar um. Eins og fiskar í kví en þó alls ekki. Alls ekki eins og fiskar í kví. Alls ekki eins og eldislaxar. Það kom aldrei upp á yfirborðið. Skaut aldrei upp nefjunum. Gáraði aldrei undirflötinn. Eins og vatnsflöturinn væri ófær. Gler sem bylgjaðist lítillaga. Hvinurinn frá nálinni hækkaði eftir því sem nær dró.

Söngvarinn var hættur að klóra sér í eyrunum. Hann var farinn niður á fjóra fætur, bægslaðist í fyrstu en fann takt og gekk þannig eftir brúnni. Það var eins og gangur á fjórum fótum væri honum eðlislægur. Hann hefði bara þurft að finna taktinn inni í sér. Fljótlega var gangur hans á fjórum fótum orðinn eðlilegri heldur en uppréttur gangur var honum nokkurn tímann. Hann trítlaði léttfættur eftir brúnni. Kötturinn á hinn bóginn sveif yfir brúnni. Eins og sfinxar gera og kettir eiga til í snjó. Honum var ekkert um vatn gefið. Vildi sjálfsagt ekki bleyta þófana. Þessi ferðamáti sýndist honum ekki síður tamur en söngvaranum hans. Senn fór að gæta halla. Þau voru á leið niður. Ofan í tjörnina. Án þess þó að borgarmyndin til hliðanna skekkist. Hún var líka á niðurleið, hreyfingarlaus. Vatnsflöturinn var tekinn að síga niður að miðjunni þaðan sem nálin stóð. Þó var afstaðan til borgarinnar í kring söm. Þetta var, eins og við munum, kenjött borg. Söngvarinn hafði nú endaskipti og bakkaði niður brúnna, til að detta ekki fram fyrir sig. Reygði höfuðið sitt á hvað út á axlir með tunguna lafandi í munnvikinu. Sfínxinn rófulausi sveif áfram og K gekk. Hún stóð áfram giska hornrétt upp af brúnni og vatnsfletinum, í níutíu gráður. Rétt eins og borgin, þrátt fyrir að þau væru á niðurleið.

Fuglarnir höfðu enn víkkað hringflug sitt og þeim fjölgaði líka. Ógerlegt var að sjá hvaðan þeir komu. Sveimurinn nálgast þríeykið á brúnni hægt og bítandi og svo, sisvona þutu bókfinkur allt í kringum þau. Þöglar en það hvein í loftinu. Þau gengu í gegnum strókinn, niður í trektina. Söngvarinn fór aftur á bak. K og kötturinn hvort í sinn bága við þyngdaraflið. Þau gengu hljóð um hríð. Djúpt niður í borgina. Í gegnum sveiminn sindruðu spegilbláar vatnshlíðarnar. Kötturinn stansaði fyrstur. Hvinurinn var slíkur að K spurði einskis, það var ekki til neins. Leit bara á köttinn og síðan fram veginn, eins og hann. Þar skammt fyrir framan, inni í fuglagerinu, stóðu tvær manneskjur. Ekki langt að baki þeim iðaði nálin. Söngvarinn leit um öxl og geiflaði sig. Gólaði eitthvað. Gelti mögulega, spangólaði eða hrein. Það var engin leið að vita. K benti förunautum sínum á að halda áfram, sem þeir og gerðu.

Þau mættu manneskjunum tveimur. Þær stóðu ekki á pappírsbrúnni heldur stórum framreiðslubakka, afar smekklefum, sem sveif lágt yfir henni. Svo lágt að naumast sást á milli. Þau horfðust á um hríð. Slatti af augum. Önnur manneskjan, hún stóð hægra megin frá þríeykinu séð, klæddist bláu frá toppi til táar svo hvergi sáust nein skil eða fellingar, fyrir utan svört stígvél. Hún hafði rjúpuhöfuð. Skjannahvít, í vetrarham þótt væri sumar. Augun blikandi svört, lifandi og skröklaus. Hún kinkaði til þeirra kolli. Virðulega, eins og býzanskur embættismaður með erindi frá keisara eða frillu. Hin var hávaxin og kraftaleg með breiðar axlir. Mjúk eins og hægkólnandi járnkvika. Hún klæddist frumlega sniðnum tískufatnaði. Mjaðmasíðri herðaslá úr fínofinni ull og víðum buxum sem blöktu fyrir vindinum. Auk þess hélt hún fyrir framan sig hrikalegu spjóti. Það leit út fyrir að vera smíðað úr tveimur haglabyssum sem var splæst snurðulaust saman um skeptin. Annað hlaupið, það sem vísaði upp, hafði verið skerpt í egg og oddurinn fægður svo gljáði á og stirndi.

“Ætlið þið bara að standa þarna?”
spurði rjúpukonan. Röddin var fremur há en þýð og hvinurinn hreif ekki á hana. Söngvarinn orgaði eitthvað um öxl sem ekki heyrðist en K hristi höfuðið. Það væri fráleitt að hætta úr þessu. Hún hafði ekki hugmynd um hvað það væri sem hún gæti

hætt. Kannski var stjórnin ekki hennar, aldrei. En það skipti ekki máli. Sú með spjótið sagði ekkert en bauð þeim að stíga upp á bakkann. Þau gerðu það.

“Aresi er illa við að blotna í fætuna,”
sagði rjúpukonan kímín.

“Hún hefur smekk fyrir fínum skóm.”
K leit niður á fætur þeirrar með spjótið. Það var alveg rétt, hún var á fallegum skóm. Virkilega fallegum. Þegar K leit aftur upp horfði sú með spjótið á hana. Hún var alvarleg í bragði. Hafði andlit sem erfitt var að ímynda sér brosandi. Þau eru sum hver þannig. Fátt er ánægjulegra en að sjá bros á þannig andlitum. En þríeykinu bar ekki gæfu til þess í þetta skipti.

Tuttugasti og sjöundi kafli.

Þau liðu á framreiðslubakkanum í átt að nálinni, sem nú tróndi hrikaleg yfir þeim. Augnlaust tjarnarfólk með tittlinga og píkur og sigin rassgöt leið enn upp eftir henni. Hvar þau enduðu var ómögulegt að segja. Eitt var þó víst. Enginn kom niður aftur. Þau streymdu bara upp. Öll upp. Ótölulegur fjöldi. Kötturinn spurði K hvort hún væri hrædd. Hún neitaði því. Var ekki sannfærandi. Ef til vill var hún dálítið smeyk. Núorðið talar fólk um óöryggi til að lýsa þeirri tilfinningu sem hún fann til. Það er eins konar uggur. Óvissa. Enginn vill vera hræddur. Það er auðveldara að gangast við hinu. Hvernig sem á því stendur. Rjúpukonan sagði kettinum, og K um leið, að þau hefðu ekkert að óttast. Að rjúpur gerðu engum mein. Væru fullkomlega meinlausar. Alls engir ránfuglar. Svo glotti hún með augunum. Ekki illyrmislega. K féll vel við hana. Var óviss um Ares.

“Við ætlum að hitta vin,”

sagði hún svo. Sjálfsagt til að róa þau. K og kötturinn spurðu einskis. Skárri væri það nú. Þau voru komin fast upp að turninum. Hann var eins rennisléttur að sjá í nálægð og ofan úr göngugötunni. Ares sló spjótsoddinum í nálina. Ekkert gerðist. Engin svör. Og samt, sisvona, voru þau stödd í algeru myrkri. Söngvarinn hrein upp við fætur K svo hún strauk honum um bakið. Hún fann að hann skalf. Klappið stöðvaði ekki skjálftann en dugði til þess að þagga niður í honum. Ræfillinn var dauðhræddur. Og skyldi engan undra. Eða hvað? Myrkrið var hvorki heitt né kalt. Það var eins og algert myrkur er undantekningarlaust, bæði endalaust og alltumlykjandi. En ekki þrúgandi. Alls ekki þrúgandi. Bara algert myrkur. Heima.

“Gjöriði svo vel,”

sagði rjúpukonan og bentu þeim í átt að rauðum kúpli. Hún sagði það vingjarnlega. Eins og hún væri að bjóða hreppsnefndarmönnum í erfidrykkju. Þau voru stödd á breiðum palli, hringlóttum eða sporöskjulaga. Hann var flennistór. Og ógnarhátt uppi. Rétt undir tunglinu. Svo nærri að K velti því fyrir sér hvort hún gæti snert það. Hvort hún gæti

mögulega sleikt gíg. Hún prufaði samt ekki. Rak ekki einu sinni út tunguna. Fannst það óviðeigandi. Hallærislegt. Eitthvað sem sögupersóna myndi gera í barnabók eða vögguvísu. Þetta er eins og við vitum hvorugt. Svo í stað þess að láta á það reyna gekk hún bara þrúð af stað eins og rjúpukonan bauð. Kötturinn rann af stað í kjölfar hennar og söngvarinn læddist þétt við hlið hans. Hann leit flóttalega í kringum sig þótt engin augljós ástæða væri til. Það þýðir ekki að hann hafi ekki haft neina ástæðu. Alls ekki.

Þegar nær dró mátti sjá að kúpullinn var alls ekki kúpull heldur blómavasi. Lygilega stór blómavasi á hvolfi. Áreiðanlega af fínustu sort. Fallegur gripur, því var ekki að neita. Handgerður á Englandi eða í Lúxemborg eða Jena einhvern tímann á árnýöld eða jafnvel framar. Ofan á vasanum sat svo maður án augna. Hann var úr húðlitu dufti eða púðri. Klæddist rauðu og bláu og hélt á stórri samloku með báðum höndum. Hreðjum einhvers dýrs á milli tveggja snyrtilega afhöggvinna handa. Önnur höndin bar einfaldan giftingarhring. Það var kvenhönd. Hin var grófari. Þó ekki óvanalega gróf. Þessi samloka var ekki úr brauði. Hún var úr höndum. Maðurinn beit í samlokuna og veifaði. Upp af veifandi höndinni bylguðust svipmyndir og tilfinningar úr lífi eða lífum. K hugsaði með sér hve sniðugt það væri en rjúpukonan greip andann á lofti. Sumu venst maður vísast aldrei. K fannst nærri eins og hún kannaðist við manninn. Eins og hún ætti að þekkja hann eða þekkja til hans eða vita á honum einhver deili. En hún kom honum ekki fyrir sig. Sá hann ekki í móðu heldur mistri. Eins og á heiði um sumarnótt, þegar rakt er og reimt og stillt. Það var marglitt.

Ef undan var skilið augnaleysið var þetta myndarlegur maður. Hreint ekki ófríður. Einhver sem hún hefði munað eftir, hefði hún hitt hann áður. Kannski er ljótt að segja svona, eða að ýja að því að hann hafi ekki verið myndarlegur vegna þess að hann hafði engin augu. Kannski er það grunnhyggið. Jafnvel heimskulegt. En þetta fannst K svo ég segi það bara. Augun eru okkur svo mikilvæg. Ekki bara okkar eigin. Öll augu. Augu barns. Augu elskhuga. Augu viðrinnis og aula og fábjárna. Augu óvinnar. Þau eru meira að segja mjög mikilvæg oft á tíðum. Augu hlébarðans sem er í þá mund að bíta þig á háls. Hann hefur auðvitað enga sál, segir fíflíð, en það er eitthvað í augunum. Eitthvað fleira en sjáöldur og slíkt. Líka snákar. Það er alveg satt. Augu hákarlsins eru sögð dauð,

Það er firra. Kýr eru góðlegar til augnanna. Líka hestar. Þeir hafa löng augnhár, alveg sérstaka prýði, og asnar og múldýr vitanlega líka. Augun eru mikilvæg að sjá. Kannski var K á þennan hátt heimsk en við erum það fleiri.

“Halló,”
kallaði maðurinn.

Tuttugasti og áttundi kafli.

Duftmaðurinn sat á öfugri skúringarfötu ofan á vasanum og var hinn glaðasti. Skúringarfatan var falleg. Sú fallegasta sem K hafði nokkurn tímann séð. Hún var fullkomin skúringarfata. Næstum því óraunveruleg en þó var henni ekki að neita. Maðurinn iðaði í skinninu. Öllu heldur ósaði hann um jaðrana. Þau voru komin fast upp að vasanum. Þvílíkt handverk. Hvinurinn frá því niðri við rætur nálarinnar var þagnaður. Þar uppi var dúnalogn og dauðapögn utan að einhvers staðar var útvarp í gangi. Greina mátti óljóst tal. Ofurlágt og yfirvegað. Söngvarinn hringaði sig aumur um fætur K en kötturinn sat flötum beinum eins og fyrr, rétt eins og ái hans í sandinum. Hann horfði upp eftir vasanum. Ekki á manninn heldur á munstrið á vasanum. Það var greinilega handmálað, af miklu listfengi. Eins og málað af milljón agnarsmáum höndum eftir fyrimælum eins hugar sem þó var á við milljón. Maðurinn ofan á fötunni á vasanum nartaði í óvanalega samlokuna. Beið þess að því er virtist að þau þrjú kæmu sér fyrir. Biðin minnti á einhvers konar athöfn. Líkt og fylgja þyrfti ákveðnum siðareglum. En maðurinn var þó ekki ábúðarfullur. Síður en svo. Minnti alls ekki á trúarleiðtoga eða andlegan meistara eins og við eigum að venjast þeim. Gúrú eða heimspekiprins. Kannski örlítið á brosandí búdda eins og þann sem skrítnir ættingjar geyma í hillum. En það er vísast staðalmynd og bábilja. Slíku er þúkalegt að viðhalda. Enda var hann alls ekki bústinn. Síður en svo. Raunar var líkami hans þvert á móti skorinn svipað og líkamar þeirra í tjörninni. Og það þótt hann æti eins og raun bar vitni. Svona ferlega samloku. Kannski var það alger undantekning að hann borðaði samlokur sem þessa. Vöxtur hans var þó ekki jafn sláandi á að líta og þeirra í tjörninni. Bæði vegna þess að hann var fullklæddur og vegna þess hvernig ósaði af jöðrum hans.

Maðurinn spratt skyndilega á fætur og rjúpukonan bað hann vinsamlegast um að passa sig. Erfitt er að ímynda sér mann úr ryki meiða sig við fall. Rykið blússaði upp af honum við atganginn. Hann snéri höfðinu til hliðar og saug dálítið af rykinu upp í sig.

Smjattaði á. Beit svo af samlokunni og smjattaði meira á. Hann tuggði með opinn munninn. Virtist ekki kunna neina mannasiði. Eða vera sama um þá. Ekki eins og til að sýnast frjáls eða til að tjá vanþóknun sína á samkvæmisleikjum manna. Heldur eins og að hann vissi sem væri, að handan við næsta skref eða það þar næsta eru engir mannasiðir og enginn dónaskapur. Bara hylur í fljóti sem á hvorki uppsprettu né ósa og gjálfrar ekki í. Að svo búnu virtist hann hafa fengið nóg af samlokunni því hann lét hana detta niður á neðanverðan vasann. Við það breyttist vasinn blíðlega í eins konar í stöpul líkt og undir styttu en með þrepum alla leið niður. Stiginn var úr marsipani. K áttaði sig þá fyrst á því að vasinn sjálfur hafði verið úr marsipani. Og hið fallega mynstur úr æðum. Maðurinn gekk niður tröppurnar til móts við K, köttinn, söngvarann og konurnar tvær sem höfðu fylgt þeim til hans. Engin spor sáust í marsipanstiganum. Bara daufur ilmur af sykrudum möndlum sem fylgdi manninum þegar hann breiddi út faðminn.

“K!”

gól hann innilega. Og svo, af ívið minni þrótti:

“Elsku, besta K. Mikið hef ég hlakkað til að hitta þig. Takk fyrir sælgætið. Þó ég brenni svo sem engu finnst mér gott að hafa einhvern hjartfólginn eldmat, það meina ég myndhverft, þó ekki sé nema í vasanum, þegar ég tekst veruleg verk á hendur. Ég meina það auðvitað í tilfærðri merkingu, þú skilur. Já, bara þakka þér alveg innilega fyrir, mín kæra. Þetta er nú búin að vera meiri sýningin hjá okkur í dag, finnst þér ekki?”

K kinkaði kolli rétt í þá mund sem maðurinn tók utan um hana. Hún fékk þó lítið sem ekkert tóm til að leggja raunverulegt mat á það sem hann sagði. Bæði talaði hann sérlega hratt og kom askvaðandi að henni. En hann ruddist ekki á hana. Ó nei. Snerting hans var því sem næst ómerkjanlega. K fann hvorki þrýsting né yl eða annað sem við mörg hver tengjum faðmlögum. Ekkert nema ógreinilega tilfinningu sem helst minnti á slitrótta minningu og það þegar dálítill gustur leikur um húðina. Eyðimerkurvindur, blandaður örfínkorna sandi. Þótt, leyfi ég mér að fullyrða, við fæst þekkjum eyðimerkurvind nema af hugarreynslu. Það blífur fínt. Og svo fann hún reyndar ilmvatnslykt. Fremur þunga og moskusríka, í hrópandi mótsögn við ofurlétta

snertinguna. En ekki misskilja, henni þótti lyktin góð. Virkilega góð. Eins og hægeldaður matur eða dansleikur um haust. Flauel og ósandi austurlensk reykersi undir lokuðum glugga settlegs timburhúss. Hússins hennar. Og hússins hans.

Fjúkandi maðurinn klappaði söngvaranum á kollinn og brosti vinalega við honum, ekki síst með rjúkandi augunum. Sá síðarnefndi þakkaði honum fyrir með hvellu galti og því að klóra sér á upphandleggnum með fætinum. Virtist við svo búið algerlega úrvinda og bugaður og hlammaði sér niður á aðra síðuna. Því næst hneigði maðurinn sig glottandi fyrir kettinum sem á móti tyllti sposkur höfði. Það voru virðuleg og fögur samskipti og til mikillar eftirbreytni. Einkum því skopskyni og hógværð var þar líka fyrir að fara, sem oft vantar í metafýsísk tímamót og sálvirðulegar athafnir. Að því loknu snérist maðurinn á hæl og benti hinum þremur óðfús á að fylgja sér. Sem þau og gerðu. Hann klappaði saman höndunum sem var mikið sjónarspil.

Þar sem blómavasinn hafði staðið á hvolfi skömmu fyrr var nú lítið garðborð og við það fjórir stólar. Borðið var úr hvítmáluðu jární og við mót fóta og plötu var járníð mótað í fuglamynstur, afar finlegt. Platan var úr gleri eða annarri glærri steind og engu var líkara en að hún væri kýrauga niður í verksmiðju þar sem skrokkar voru hlutaðir í sundur og samviskusamlega flokkaðir á færibönd sem hurfu út fyrir sjónsvið borðsins. Fæturnir hins vegar enduðu niðri á iðagrænu grashjarta þar sem vasinn hafði verið, og voru í laginu eins og fætur einhvers smáfugls. En stærri, auðvitað. Ekkert far var þó í grasinu sem greinilega var nýtt og ilmaði eins og smásaga frá aldamótunum 1900. Yfir herlegheitunum var ekki blár ljómi heldur hlý óransbirta síðsumarskvölds, þótt hvergi væri sunnu að sjá. Heilt á lítið var þessi mynd öll hin elskulegasta.

“Fáið ykkur sæti,”

söng maðurinn og benti þeim með tilþrifum á þrjá stólanna við borðið en stóð sjálfur fyrir aftan þann fjórða. Sá var um flest líkur hinum stólunum þremur utan að hann var finfiðraður eins og fuglsungi. K dró tvo stóla frá borðinu og það var nógu skýrt fyrir köttinn sem stökk upp á annan stólinn og settist þar niður eins og diplómati á hádegisverðarfund. Því næst klóraði K söngvaranum á bak við eyrun og stýrði honum lymskulega að hinum stólnum. Söngvarinn leit upp til K eftir samþykki fyrir hverju

skrefi. Virtist óviss um stólinn. Hræddur jafnvel. K kjáði þolinmóð við hann og klappaði honum í bak og fyrir uns hann hafði sest dálítið á lappalegur á stólinn. Þá loks dró hún þriðja stólinn út undan borðinu, þann sem var andspænis manningnum. Hún fékk sér sæti. Bar sig hægt og örugglega að. Rjúpukonan sem hafði um hríð haft hægt um sig bar fyrir þau svaladrykki og snarl. Hanni fylgdi lágur kliður af garðveislu og strengjakvartett sem ekki var. Hún lagði ávexti og annað smálegt á borðið og skenkti þeim drykki úr fíniskorinni köflóttri karöflu. Tók sér síðan stöðu skammt fyrir aftan söngvarann, utan grassins, og kveikti sér í sígarettu. Hin vel skædda Ares stóð sperrt við hlið hennar og hélt um spjótið. Hún sýndi engin svipbrigði en kippir fóru um andlit hennar þegar rjúpukonan saug fyrst af sígarettunni.

K varð hissa þegar maðurinn teygði sig rjúkandi eftir hunangsmelónusneið, verandi nýbúinn að háma í sig matarmikla samlokuna. Kötturinn sýndi veitingunum engan áhuga en söngvarinn sýndist þyrstur svo K ýtti í til hans einu glasanna sem rjúpukonan hafði fyllt. Hann skyldi, greip tveimur fótumum um glasið og teygði úr því en lyfti því of hátt svo líka lak niður kinnar hans og yfir jakkafötin. Þau voru þegar orðin grútskítug, hann hafði jú paufast um á fjórum fótum niðri við jörð. Hann sleikti út um og skellti glasinu aftur á borðið svo klingdi í. Maðurinn gaf því engan gaum þar sem hann kjammsaði á melónunni gegnt K.

“Ég er ekki svöng,”

sagði K. Eins og bara vegna þess að henni hefði ekki dottið önnur leið í hug til að byrja samtal við manninn. Hann varð að gjöra svo vel og hafa frumkvæði. Sem virðist í ljósi kringumstæðnanna fullkomlega sanngjörn krafa.

“En þyrst?”

spurði maðurinn og brosti svo fuðraði upp af vörum hans og nefbroddi. Hann bar sig síst snyrtilegar að en söngvarinn. Rykið í kinnum hans var tekið að hlaupa í eins konar leðju eða for með safanum úr melónunni. Hann varð æ drullugri eftir því sem hann vann á ávextinum. Andlitið varð forarvilpa. K svaraði honum með því að svara engu og það var öllum skiljanlegt sem skilja vildu. Kötturinn geispaði vandræðalega. Það var ólíkt honum. Maðurinn hins vegar brosti enn og lauk við melónubitann. Sleikti út um og

fleygði leifunum aftur á diskinn á miðju borðinu. Hann þurrkaði sér um munninn með annarri erminni og nuddaði svo saman höndunum. Það ósaði ekki af þeim heldur skvampaði í þeim. Kinnar hans þornuðu ofurfljótt á nýjan leik og sléttist úr leðjuklumpunum. Í öðru auga hans duddaði fiskifluga eitthvað en það virtist ekki trufla hann hið minnsta. Hún stóð um hríð á auganum miðju. Þegar hún hafði lokið sér af tók hann aftur til máls:

“Sko, kæra K. Það er ekkert hús. Bara tungl og þú. Og sama hve heitt þú þráir að mega brenna þig mun ég aldrei veita þér mína blessun. Ég held að þú vitir þetta alveg.”

K gerði sig líklega til að grípa orðið þegar hér var komið en maðurinn hélt uppi rjúkandi vísifingri vinstri handar. Hún kom ekki upp orði. Kærði sig öllu heldur ekki um það. Seig aftur í sætið og klóraði sér í öðru hnénu. Skyldi að það var ekki tímabært að hún svaraði fyrir sig. Hún var hvorki lydda né trunta. Maðurinn hélt áfram.

“Ég skil að þá láir mér á einhvern hátt fyrir það sem gerðist. Skil það ósköp vel. Ég geri það líka sjálfur á einhvern hátt. Óneitanlega á ég þó erfiðara með að tjá það. Ég er ekki óskeikull, merkilegt nokk.”

Hann veifaði sama vísifingri og fyrr í stóra hringi í loftinu eins og til að benda á tunglið yfir öllu og himinpallinn sem þau voru staðsett á þá stundina.

“Ég skil ekki hvað þú ert að þvæla,”

sagði K höstuglega. Það fauk í hana. Hún skildi manninn í raun og sannir ekki. Ekki þetta handapat og ekki þessar játningar. Ekki hvort tveggja í senn.

“Ef þú vilt ekki að ég brenni húsið segðu það þá bara. Þú þarft ekki að bulla. Eða ljúga væri nær að segja.”

Hún tók ofurlítinn sopa af svaladrykknum sem rjúpan hafði skenkt henni en kom bragðinu ekki fyrir sig. Það var sætt og rammt. Henni hitnaði í kinnum og leið hreint ekki svo illa. Efi er alls konar.

Tuttugasti og níundi kafli.

K strauk söngvaranum um höfuðið og klóraði honum á bak við eyra. Hann sat á hækjum sér á stólnum, hélt sér í sessuna og hallaði að henni höfðinu. Hún bar sig dálítið brussulega að, var ekki harðhent en ákveðnari en þegar granatepli eru tilreidd, eins og maður er ævinlega við hunda en alls ekki við ketti. Hún tók eftir því að hann var með pínulítinn lokk ofarlega í eyranu. Hann leyndist undir brjóskeðlinu þar efst. Svo smár að hún sá hann ekki einu sinni þegar hún leit á eyrað, fann bara fyrir honum þegar hún togaði létt í það eins og til að binda endahnút á klórið. Söngvarinn lét sér atlotin vel líka. Jafnt þótt K hefði líkast til fremur veitt honum þau til að róa sjálfa sig en hans vegna. En hver segir að slíkt megi ekki gagnast báðum? Það er gott að losa um spennu með því að klappa gæfri skepnu sem horfir til þín um samþykki og blíðuhót og öryggi. Bæði þína spennu og skepnunnar sem um ræðir, hvort sem er hvutta eða söngvara. K strauk á söngvaranum kollinn, hvirfilinn og aftur á hnakka. Svo leit hún á manninn með hendurnar.

“Þú veist eins vel og ég að þetta er ekkert bull,”

sagði maðurinn,

“veist það fullvel, K. Þú býrð í lítilli íbúð í stóru húsi. Átt ekkert með að brenna þetta hús. Hreint ekki neitt,”

og nú var allur leikur og mesta kersknin horfin úr röddinni. Þó var hann enn blíður, ekki síður en alvöruþrunginn, og K fannst hún þekkja tóninn. Lengst aftan úr fornæsku og óminni. Hann var fullkomlega einlægur. Rjúkandi augu mannsins voru nú jafn raunveruleg og þau voru vot og næm. Hann lagði báða lófa flata á borðið. Hendurnar voru fallegar. Sterklegar en smærri en oft er á mönnum á hans reki - hvert sem það rek var. Það rauk ekki af þeim eins og það hafði gert skömmu áður. Fauk ekkert mjöl. En þær titruðu lítillga og þá borðið með. Þetta var vel smíðað borð en það var smátt. Neglurnar voru hreinar en helst til langar. Eins og rykið og skíturinn hefði verið

skrapaður undan þeim en því slegið á frest að klippa þær og sagt, nja, látum það bíða þar til himinninn verður aftur bara himinn. Þangað til tunglið man sinn sess. Eins og eitthvað brýnna hefði gengið fyrir. Á handarbökunum hafði maðurinn fín hvít hár, áður voru þau dökk. Þau stóðu á stangli. Maðurinn var lasinn. Hann var áreiðanlega veikur. Hann leit niður í gaupnir sér og sagði:

“Þú átt ekkert í þessu húsi. Ekki frekar en ég. Þú ert eina húsið. Kötturinn veit þetta eins vel og ég, þótt hann hafi ekki lengur rófu.”

Hann sló með einni helst til löngu en hreinu nöglinni á borðplötuna svo glumdi í, klingdi eitthvert ofan í hyldýpið undir tjörninni og upp í kringum tunglið og ógnarlangt handan þess um leið. Glamrið var tært eins og ofsabirta, fleytifullt af efa og suði og hvini frá finkunum í loftinu. Starfsemin niðri í nálinni stöðvaðist. Færiböndin biðu átekta. K hélt niðri í sér andanum. Hún leit á köttinn sem blikkaði öðru auga til hennar. Augað var gult. Ólygið. Glettið. Hann vissi eins vel og maðurinn. Vissi fyrir víst. K vissi líka, fyrir víst, þótt henni væri það þvert um geð. Sumt er óþolandi að vita. Fullkomlega andskotans óbærilegt.

Maðurinn, sem var búinn að klæða sig úr rauða staknum sem nú var hvergi sjáanlegur, rótaði í vösum dökkblárrar íþróttatreyju með skínandi ljósröndum á ermum. Hann fiskaði snjád leðurveski upp úr öðrum vasanum, bleikt sælgætisbréf, rauðan vasahníf með krossmarki á og loks kveikjara úr glæru plasti.

“Aha,”

sagði hann og hélt honum uppi fyrir augunum. Hampaði eins og mikilli gersemi. Kveikjarinn var tæplega hálffullur af gasi. Maðurinn kastaði honum yfir borðið, í átt að K sem setti hendurnar fyrir sig. Kveikjarinn small á borðinu, svo klingdi í eins og fyrr, og skoppaði áfram í flasið á K sem greip um hann með báðum höndum. Hún hélt höndunum saman lokuðum, svo hann flygi ekki á brott. Söngvarinn teygði fram trýnið og þefaði af höndunum. K sýndi honum inn í lófana. Hann missti áhugann og dró sig aftur til baka.

“Vessgú,”

sagði maðurinn lágt. Röddin var þurr. Kerskin. K svaraði honum engu. Gægðist sjálf inn í lófana. Þar glóði svo sem ekkert, eins og í próper ævintýri, en þar lá alveg áreiðanlega ágætiskveikjari.

Þrítugasti kafli.

Rjúpan var byrjuð að taka af borðinu. Hún lagði borðbúnaðinn á framreiðslubakkann sem vokaði við hlið hennar og þegar hún hafði hreinsað af borðinu leið bakkinn á brott með allt heila klabbið og hvarf eitthvert úr sjónmáli. Við svo búið galdraði hún fram sígarettupakka, stakk einni upp í sig og bauð K sem afþakkaði og síðan Aresi sem ansaði því engu svo rjúpan skríkti, ropaði og lét pakkann hverfa. Hún bauð manninum ekki sígarettu. Þegar hún hafði kveikt sér í flögraði hún upp á aðra öxli Aesar og fékk sér þar sæti.

“Við eigum það til að lesa í ólæsilega hluti,” sagði maðurinn lágt.

“Í merkingarleysu, stafarunur, hendingar og ljóð. Við gerum það ekki sökum heimsku heldur af því að stundum þurfum við þess með. Og það er allt gott og blessað. En að láta slíkan lestur stjórna lífum okkar, nei andskotinn. Þá erum við að hneppa okkur sjálf í þrældóm. Þegar við þykjumst skilja.”

Röddin var orðin þreytuleg og veik, þurr en rám, og hann ræskti sig reglulega sem virtist þó ekki hafa tilætluð áhrif.

“Heldurðu að ég sé að þykjast?” spurði K. Maðurinn þurrkaði sér með dálitlum erfiðleikum um nefið með krumpaðri rýju.

“Nei, ekki að þykjast. Vona.

Hann stakk rýjunni hægt í vasann. K sagði ekkert. Hún opnaði lófana, tók kveikjarann úr lófanum þar sem hann hafði legið og kveikti á honum. Það þurfti tvo smelli til. Fyrst gneistaði ræfilslega. Þegar svo loginn loks kviknaði var hann lítill og daufur, blár og gulur. Í dúnalogninu þarna uppi á pallinum, í skjóli tunglsins, stóð loginn beint upp í loft. Hann dansaði ekki. K blés á hann en hann slokknaði ekki. Maðurinn glotti.

Kötturinn hummaði eins og hann vildi segja eitthvað en sæti á sér. K leit á hann og hann

kinkaði kolli. Þá grýtti hún kveikjaranum fram af brúninni á pallinum. Söngvarinn sperrtist upp og væri nærri stokkinn af stað á eftir kveikjaranum en kötturinn sagði honum snarlega að hafa sig hægan. Blíðlegar en hann átti vana til. Hann vorkenndi söngvaranum að líkindum, að vera svoddan auli, svoddan óhemja með hor, svona rakki og lúði. Söngvarinn horfði biðjandi til hans og iðaði dálítið í sætinu en lét þó segjast og gafst upp með lágu ýlfri. Hann lyppaðist niður í sætið. K togaði elskulega í eyrað með lokkinum sem virtist friða hann. Þau höfðu ekki þekkt harla lengi en honum þótti greinilega vænt um hana. Stundum þarf ekki langan tíma til. Stundum engan, eða því sem næst. Eitthvað bara verður, sisvona. Blánar, bara sisvona. Stækkar. Brennur og hrynur og fýkur út í buskann. Út í eitthvert iðnaðarhverfi sem hefur mátt muna sinn fífil fegri. Og út í eitthvert íbúðarhverfi sem sprottið hefur upp úr engu og blásið út í einni svipan eins og gorkúla úr hundaskít. Einhver mislæg gatnamót sem tengja enga byggð við aðra og liggja ekki neitt. Sameina ekki neitt. Sundra og milda. Eitthvað sem birtist og hverfur, birtist aftur og hverfur aftur. Birtist. Hverfur. Hist og her. Stundum er það hvergi. Er alls ekki. Öðrum stundum er það mjög áreiðanlega. Hvarvetna. Það mætti næstum halda að þetta væri gangverk, of stórt til að hægt sé að gera grein fyrir fúnksjón þess. Það mætti næstum halda. Mætti næstum. Þetta hugsaði K. Eitthvað í þessa vera. Ég veit það því hún hefur sagt mér það. Sagði mér það. Hún reis á fætur. Ares með spjótið, sem staðið hafði hreyfingarlaus á lengdar, virtist vakna af dróma. Hún tók spjótið í báðar hendur, tilbúin að stinga og slá. En hún beindi því ekki að K. Beindi því svo sem ekki að neinum tilteknum en bar sig einhvern veginn þannig að því var líkast sem hún beindi því um leið að öllum.

“Róleg,”

ávítti rjúpan og flögraði eins kauðalega og hennar kyni er tamt niður af öxlinni. Það drundi dálítið í Aresi, hún tvíhenti spjótið áfram fyrir framan sig en mögulega slaknaði ofurlítið á gripinu. Slíkt er ekki svo þýðingarlítið fyrir gyðjur stríðs og offors. Rjúpan lenti á armbríkinni við hlið gamla mannsins, teygði hálsinn eins og hann var langur til fast upp að höfðinu á manninum og hvíslaði einhverju að honum. Hann sýndi engin svipbrigði eða önnur merkjanleg viðbrögð. Blikkaði reyndar augum einu sinni, en

áreiðanlega bara til að bleyta þau. K stóð áfram hreyfingarlaus fyrir framan sætið sitt, gegnt manninum og rjúpunni. Rjúpan beið stundarkorn með gogginn þétt við eyra mannsins, nartaði ofurlítið í það og hárið þar í kring og kinkaði síðan kolli. Ropaði dálítið. Maðurinn þagði áfram. Starði beint af augum, fullum af mistri. Rjúpan kinkaði aftur kolli. Ropaði einu sinni til og afsakaði sig, hélt vængbroddi upp að gogginum, gaggjaði eins og til að losa um eitthvað í kverkunum og tók síðan á loft með óðum vængjaslætti. Hún flaug út að brún pallsins og fram af henni, hrundi eitthvert niður í óðmöguleikann. K horfði á eftir henni. Kötturinn líka, og Ares með spjótið. Söngvarinn kjökraði í sætinu sínu. Gamli maðurinn var umlukinn þoku.

“Hafðu ekki áhyggjur,”

hvíslaði hann innan úr móðunni.

“Hún fór ekki á eftir kveikjaranum,”

hvíslaði hann.

“Við eigum nóg af þeim,”

innan úr móðunni. Skraufaburrt. Það hrygldi innan úr móðunni og máninn máðist eða gránaði. Misdökkir tónar í grámanum minntu á mannvirki og byggð, eins og borg úr ryki og flösu.

“Tónlist!”

gnauðaði í þokunni. Og það var eins og við manninn mælt, upphófst ægilegur óminnistaktur:

Paromm-pomm-úmf-úmf-tikka-tomm
paromm-pomm-Pomm-úmf-tikka-úmf-tomm
ikka-úmf-tikka-úmf-tomm-Tomm
omm-tomm-úmf-úmf-Tikka-úmf-tomm.

Söngvaranum varð bylt við en K sagði honum að allt væri í lagi. Hann sýndist í fyrstu efins en tók hana síðan trúanlega og lagðist niður, því hvað gat hann svo sem annað?

Þrítugasti og fyrsti kafli.

Paromm-pomm-úmf-úmf-tikka-tomm
paromm-pomm-Pomm-úmf-tikka-úmf-tomm
ikka-úmf-tikka-úmf-tomm-Tomm
omm-tomm-úmf-úmf-Tikka-úmf-tomm
paromm-pomm-úmf-úmf-tikka-tomm
paromm-pomm-Pomm-úmf-tikka-úmf-tomm
ikka-úmf-tikka-úmf-tomm-Tomm
omm-tomm-úmf-úmf-Tikka-úmf-tomm.

Móðan breiddist út frá manninum, sem fyrir vikið hvarf sjónum, og náði inn á mitt borðið þegar K spurði Aresi eftir hverju þau væru að bíða.

“Kötturinn nennir þessu ekki,”

spangólaði K, án þess að hafa hugmynd um það, og benti á móðuna í kringum manninn. Hún gerði hring í loftið með vísifingri eins og sá sem eitthvað veit.

“Hann er farinn þangað inn.”

Það var satt, kötturinn var farinn inn í móðuna. Það þurfti ekki að hafa mikla þýðingu. Að líkindum hafði hann bara lagst við fætur mannsins. Ef til vill hafði hann klöngrast upp í kjöltuna á honum. Hann átti þannig lagað til. En láí hver sem vill K fyrir að hafa það á orði. Þetta var sérstakur dagur. Þetta voru sérstakar aðstæður. Þegar svo háttar dugir engin siðprýði eða prinsipp. Þessi pallur var framandi og ljótur þótt ágætlega hefði verið tekið á móti þeim. Maðurinn sem rauk var alls ekki hversdagslegur. Bæði skrípó að innri gerð og ytri. Fólkið í tjörninni var framandi, skrítið og dálítið ógeðslegt með alla sína dinglandi belli, brjóst og sköp en engin augu. Konan sem líka var rjúpa, eða rjúpan sem minnti um sitthvað á konu, var í meira lagi kynleg þótt hún væri ekki óviðfelldin. Og að einhver mundaði spjót, það var alveg einstakt. Vissulega var vopnið einkum eins

konar leikmunur en það var ansi tilkomumikið fyrir því, svona ofboðslegt og hvasst og hart á að líta.

Máninn fyllti enn svo til út í himininn en var heldur tekinn að fölna. Hann var enn þá blár, eða bláleitur, en ekki síður grár. Og fór gulnandi. Gígarnir voru ekki lengur greinilegir með berum augum þótt merkja mætti nokkur litbrigði. K sá þá alltént ekki lengur. Kannski voru þarna borgir og höf, grænleit og syfjuð. Niðri við sjónarrönd, rétt yfir flóanum, sást glitta í himininn sjálfan. Þennan sem vanalega er yfir öllu, þessari borg og öðrum. Hann var bláleitur, ekki eins og tunglið heldur einmitt eins og himinn.

Ares svaraði K engu þegar hún þusaði um köttinn og móðuna heldur stóð sína plikt, svo skínandi fín og smekkleg en alvörugefin og hvöss og með hrikalegt spjótíð á fæti svo oddinn bar hárfínan við grænkandi yfirborð tunglsins. Eins og við munum átti kötturinn rófulausi það til að láta sig hverfa og K var því alvön, en hún vissi líka að honum gremdist það ekki vitund að hún beitti honum fyrir sig af eins konar kurteisísástæðum og í mælskufræðilegum tilgangi. Sérstaklega þegar aðrir hlutaðeigandi en K sjálf voru ókunnugt fólk eða skepnur, bara einhver ókunnugur fjári. Eitt er að köttur sé eirðarlaus, annað að manneskju leiðist. Sama hvað okkur kann að þykja um það þá er þar eðlismunur á. Kettinum var nákvæmlega sama hvað öðrum þótti á þann hátt sem aðeins kettir kunna. K var yfirleitt sama, eiginlega og næstum, en ekki jafn innilega og kisa. Þau höfðu um þetta hljóða sátt og höfðu lengi haft. Næstum jafn lengi og þau höfðu þekkt, hversu lengi svo sem það eiginlega var. Annars hefði K ekki látið sér detta svona lagað í hug, það vitum við öll. Hún er ekki þannig. Alls enginn sérgæðingur eða performer. Þó var eins og hún sæi hálfpartinn að sér þegar hún æpti skömmu síðar:

“Og sjálf skil ég eiginlega ekki hvað við erum að gera hérna lengur. Hvers vegna er maðurinn eiginlega horfinn inn í ský?”

Hún gekk varlega í átt að Aresi.

“Og hvar er rjúpan?”

Sú stóra ansaði K engu. Kannski hafði hún svörin ekki á reiðum höndum. Kannski hafði hún alls engin svör, hvorki við þessu né öðru. Kannski vissi hún ekki neitt. Kannski var

hún þarna bara sem eins konar handrukkari, sem lífvörður eða ófreskja eða hvort tveggja í einu. Ógurleg og alvarleg en hol að innan eins og súkkulaðikanína á dýrum skóm. Smekklegt gólem. Hún leit ekki einu sinni niður á K, þótt K sæi í augum hennar að hún heyrði vel til hennar. Sá að hún meðtók spurningarnar, sá eitthvað blik sem sagði, æi láttu mig í friði, titla. Eða annað í þá veru.

Romm-tikka-hviss-hvass

úmf-úmf-lydda-fleggs

eggs-Tomm-tikka-viss.

Úr móðunni við borðið heyrðust nokkrir hvellir eða högg og K leit um öxl til að sjá köttinn stjálka út úr móðunni. Hann hristi hana af sér eins og blómduft, teygði ærlega úr sér og lagði síðan viðhafnarlaust til við hana sjálfa að hún léti Aresi í friði, hún hefði svo sem ekkert um neitt að segja en hefði sínar skyldur. Kötturinn skipaði K ekki fyrir eða ýjaði að neinu eða þrýsti á um, en þegar hann stakk upp á þessu virtist það rétt og satt og gott. K æpti að Aresi afsökunarbeiðni áður en hún gekk til kattarins, beygði sig niður og strauk honum um kollinn. Hann malaði ekki en rumdi dálítið eins og mun stærri skepna en hann var, K heyrði það ekki heldur fann í gegnum lófann.

Sviss-miss

romm-Tomm-tviggs

úmf-ikka-fressi-hryggs,

brakaði skýið orðlaust. Af þeim öllum þremur í föruneypinu átti kötturinn best með að mæta hinu óvænta og fella sig við undur. Við það sem K þótti torkennilegt og rammt að kyngja, óþægilegt og bjagað. Þetta hafði bæði með eðli hans að gera og persónugerð. Sitt lítið af hvoru. Hann var heimsköttur á sinn hátt, kosmópófelís. Hafði bæði lagst út um langa hríð og elt á sér trýnið um allar koppagrundir og lengra. K hafði flækst eitt og annað, vissulega, en kannski ekki upplifað þar ýkja margt eða merkingarbært - hugsaði hún. Kannski ekki. Kötturinn hefði áreiðanlega aldrei tekið undir þetta, þótti reyndar meira til K koma en henni sjálfri. Svo mætti áreiðanlega snúa þessum kapli við, honum þótti þetta um hana en henni þótti það líka um hann. Svei mér þá. Kötturinn sagði K að hann væri aftur orðinn svangur sem þurfti ekki að koma á óvart. Nú var langt liðið á

daginn. Sólin hímndi reyndar hljóð á bak við tunglið en tíminn tifaði með sínu lagi í frumunum.

“Ég er viss um að þau geta fundið eitthvað handa þér hérna, eitthvað annað en melónubita.”

K beindi orðum sínum miðja vegu milli Aresar og skýsins. Kötturinn sagði ekkert en stangaði aðra löppina á K kumpánalega.

“Viltu frekar fara sjálfur?”

æpti K. Hann jánkaði því. Stakk sér á milli fóta hennar, skaut hausnum skarpt til vinstri og sveigði aftur fram fyrir annan sköflunginn. Þau fundu yl hvort af öðru. Fundu þrýsting og efni og form. Vænt efni og vinsamlegt form. Kötturinn gaggaði dálítið því til staðfestingar. Við svo búíð var hann horfinn.

Paromm-pomm-úmf-úmf-tikka-tomm
paromm-pomm-Pomm-úmf-tikka-úmf-tomm
ikka-úmf-tikka-úmf-tomm-Tomm
omm-tomm-úmf-úmf-Tikka-úmf-tomm.

Söngvararæfillinn lá enn beyglaður á stólnum sínum og virtist sofa undir þungum taktinum. K þakkaði fyrir það. Hann hafði átt bág. Dagurinn hafði á köflum reynst honum ansi strembin. Hann var viðkvæmt blóm, þessi vesalings rófa með svona laglega rödd. Hún hafði enn ekki heyrt hann syngja. Það hafði auðvitað ekki verið mikið tóm eða tækifæri til slíks. K langaði skyndilega mjög mikið að heyra hann syngja. Heyra þessa djúpu rödd, neðan úr Tartarusi eða hvaðan það var. Hún myndi heyra hana. En nú svaf hann, boginn og rýr.

“Ég er hér enn,”
hnuss-faggs-iggs
“mín kæra,”

heyrðist skyndilega kvakað með fnæsi innan úr þokuhnoðranum við borðið. K fékk sér þá aftur sæti, sem fyrr gegnt móðunni. Hún tók töskuna sína í fangið og rótaði dálítið í henni. Þar ofan í var eitt og annað vitangangslaust. Hún fann þó marsipanstykki eftir skamma stund. Hóf það svo á loft og kastaði því inn í mistrið með tilþrifum. Góðgætið

hvarf bleiksindrandi inn í mistrið, sveif í gegnum það og lenti loks á gólfinu á bak við það með lágum dynki. Þá hló skýið svo brakaði og gnast. K hló líka þótt hún væri ráðvillt svo söngvarinn rumskaði í sætinu sínu, reis upp við dogg og skimaði í kringum sig. K potaði fingri létt í nefbroddinn á honum sem var rakur.

“Eigum við að fara að haska okkur?”

hrópaði hún og hann kinkaði kolli. Ekki ýkja ákaft en án fölskva. Hann var lítill lygari, svona alla jafna.

“Já, við skulum gera það,”

samsinnti K og lokaði töskunni sinni.

“Ekki alveg straggs,”

hrygldi í skýinu sem farið var að leka móðu. Ekki alveg strax, fnæsti það biðjandi með dálitlum þokutægjum..

“Ég er, ahemm, hér ennnnnn.”

nidds-loss.

Það var hreinasatt. Heilagur sannleikur - eða vanhelgur, þyrnóttur, undinn og súr.

Þrítugasti og annar kafli.

Kötturinn var ekki lengi í burtu. Rétt eins og hann hafði ótal sinnum fyrr horfið og skotið upp kollinum aftur, birtist hann sisvona óforvarendis. Kannski á dálítið dularfullan hátt, kannski ekki, en hvort heldur sem var þá var hann í öllu falli löðrandi fitugur um trýnið og dálítið um hnakkann líka. Kjúklingaleifar, sagði hann söngvaranum eins og ekkert væri eðlilegra. Fann sér síðan mátulegan stað þar sem var lítil gufa, minni en víða, og lagðist þar niður. Rétt í þá mund sem hann lagðist fyrir húrraði rjúpan upp úr djúpinu og inn yfir brún pallsins. Á eftir henni fylgdi slæðingur af bókfinkum sem voru mun fimari á flugi en hún. Þær þyrfluðust hingað og þangað yfir pallinum. Hún flaug orðlaust en með nokkrum bægsлагangi inn í gufuskýið sem hélt áfram að leka eða þenjast út frá miðju pallsins og hafði nær alveg gleypst borðið. Kötturinn, sem lá um það bil miðja vegu milli skýsins og Aresar, hummaði og settist upp. Innan úr móðunni heyrðist dálítið glamur, nokkur ógnarhá rop og síðan flögraði rjúpan upp úr skýinu miðju og hnitaði nokkra hringi yfir því eins og til að ná andanum. Í kringum hana skutust bókfinkur um.

“Er,”

ess-uggs-loggs

“hér,”

buldi í skýinu, eins og orðin væru leikin með hrafntinnuregni á skjalamöppur og próteinsjeiksdollur,

“e-he-e-e-hennnnn,”

tiss-hass.

Hjartahreina söngvaranum brá óskaplega við hina mögnuðu ropa innan úr skýinu. Þeir voru óneitanlega ferlega hvellir, klikk klokk klakk, svo hann valt ræfilslega niður af stólnum þar sem hann hafði sofið og æmti síðan eins og gúmmíhanski þegar hann rak snoppuna eða loppu í einn borðfótinn inni í þokunni svo glumdi í. K stóð þunglega á fætur, dró hann út úr móðunni og reisti hann við, og hnussaði og fussaði og sveiaði upp

að rjúpunni. Hún sinnti því engu heldur flaug yfir til Aresar sem enn stóð á sínum stað, fámál með spjótið. Stælt í há-fassjón, alltof stór til að fá nokkuð viðlíka af rekka. Rjúpan lenti á öxl gyðjunnar, tók á sig dálítið mannlegra sköpulag í sérkennilegum prósessi, renndi sér af öxlinni niður í fangið á henni og ræskti sig þar duglega svo hráki spýttist upp á gogginn. Hún þurrkaði það af með beyglaðri fjöður.

“Settu mig niður,”

gólaði hún og Ares gerði eins og henni var sagt.

“E-he-ehe-ennnn,”

tónaði skýið. Rjúpendið slétti úr fötunum sínum og fjöðrunum og setti upp haganlegt bros. Hún var bæði maður og fugl, og fullkomin sem bæði.

“Komið hér,

galaði hún og blakaði höndum eins og hún væri að sópa að sér sem mestu sælgæti úr pínötu. Finkunum fjölgaði enn. Fleiri komu upp yfir brúnina. Rjúpukonan steig upp á framreiðslubakkann frá því fyrr sem enn vofaði við hlið Aresar. Hvorki K né förunautar hennar hreyfðu sig spönn og þá spurði rjúpukonan:

“Ekki á þessu? Gott og vel. Eltið mig þá.”

Hún leið því næst af stað fram að brún pallsins en K, kötturinn og söngvarinn eltu hana gangandi. Það var ekki ýkja löng leið að fara. Enn, rumdi skýið samviskusamlega.

“Sko,”

hló þokan. Rjúpukonan rann á bakkanum góða skamman spöl fram af brúninni og benti stimamjúk niður fyrir sig og til hliðar eins og sjónvarpssölufulltrúi með bæði væng og hendi.

“Vessgú.”

Kötturinn og K gægðust fram af brúninni og sáu niður á vinalegan skýjabakka skömmu neðar og fjöldann allan af finkum á flugi. Þær flugu frjálsglega og tvist og bast ólíkt því sem þær höfðu áður gert. Nú heyrðist enginn hvinur, aðeins hinn grái taktur

paromm-pomm-úmf-úmf-tikka-tomm

paromm-pomm-Pomm-úmf-tikka-úmf-tomm

ikka-úmf-tikka-úmf-tomm-Tomm

omm-tomm-úmf-úmf-Tikka-úmf-tomm.

Það voru þó hvorki finkurnar né skýjabreiðan sem rjúpukonan benti á heldur stigi sem lá frá brúninni og hvarf niður á meðal fuglanna og ofan í skýin. Þrepin voru stæltir kroppar frelsingja með kúlurassa og kúpta hnakka og kálfa eins og flugskeyti; þeir lágu samsíða og með andlitin og tærnar vísandi niður, einn, tveir og þrír; og síðan þrír og þrír og þrír niður eftir, höfuð þeirra efstu næst pallinum og síðan vörðuðu hælir þeirra næsta þrep, á mótum taa þeirra og þriggja nýrra hausa voru vaktskipti frelsingja; og svo framvegis og svo framvegis og framvegis, væntanlega alla leið niður í tjörn.

“Eigum við að traðka á þeim?”

spurði K hneyksluð, með hendurnar eins og gjallarhorn um munninn, en kötturinn var sem fyrr svo frjálsgur að hann deildi ekki með henni minnstu efasemdum heldur skrönglaðist svo til hiklaust út á vellyktandi stigann og ranglaði lítið eitt um á efsta þrepinu. Hann hnusaði af hnökkum og síðum og hegðaði sér um allt eins og þetta væri hver annar steypustigi í gamla bænum, en kannski síður út miginn því hann missti fljótt áhugann og fékk sér sæti á álitlegri rasskinn í joggingbuxum.

“Auðvitað,”

söng rjúpukonan.

“Auðvitað,”

söng hún.

“Ef þið viljið komast niður.”

Hún brosti. Benti niður fyrir sig með fingrum eða vængbroddi eða dálitlu af báðu.

“Hvað um lyftuna?”

spurði K, enn með hendurnar fyrir gjallarhorn.

“Hvaða lyftu?”

spurði rjúpukonan dónalega á móti. Það er yfirleitt ferlegur dónaskapur að ansa spurningu með spurningu, nema eitthvað sérstakt beri til. Það átti ekki við hér.

Söngvarinn var farinn að síga saman á nýjan leik, draga höfuð og hnakka fram og niður og gretti sig að dónanum.

“Þeirri sem við komum upp í.”

“Af-ah-sakið,” fnæsti þokan.

“Við komum alls ekkert upp í neinni lyftu,
sagði rjúpan og síðan,

“Það er enginn lyfta í nálinni. Þetta er ekki háhýsi. Fáránleg hugmynd.”

“Hvernig komumst við þá eiginlega hingað upp?”

spurði K með dálitlu þjósti og var farið að gremjast þvargið. Hún gjóaði út undan sér, á söngvarann sem var farinn að urra, þó lágt. K sussaði á hann og tók síðan þétt í hnakkann á honum, greip hár og skinn svo hann æmti, og teygði úr honum eins og spænskri harmóníku, upp fyrir sjálfa sig, uns hann stóð eftir bísperrtur og geiflaði sig að rjúpunni. Þokan frá miðjum pallinum, sú með manninum í, var nú komin fast upp að bökum K og söngvarans þar sem þau stóðu þar á brúninni. Hún var full af hinum þunga, þunga, himinþunga takti og það brakaði og gnast í ferlega þurri rödd,

ikka-kriggs-kriss-gaggs-

úmf-tikka-úmf-higgs-tomm-

Tomm-kaggs-pakks

omm-tomm-krigga-kraggs-

úmf-úmf-biggs-braggs-

Tikka-úmf-tomm-seggs-uggs-

huggs-hass-úmf-hæs-hvæs-úmf-Tomm

higgs-hreggs-vaggssssss

úmf-baks-gadds.

K steig út á miðja hryggjarsúlu frelsingja með tvö lítil ör í hnakkanum, ef til vill eftir aumkunarverð slagsmál, og benti söngvaranum með útréttri hönd á að fylgja sér. Hann stóð enn á brúninni, hristi hausinn og lék á agnarsmátt ósýnilegt píanó með fingrunum. Hún sagði honum að koma til sín. Sagði honum að fylgja sér. Sagði honum að allt væri í lagi, þótt hún væri hreint ekki viss um það. Sagði honum að, svona svona, bara koma hingað, svona já. Hún reyndi að hljóma yfirveguð og mild en ákveðin og viss. Að endingu gerði hann eins og honum var sagt. Nú stóð hann á baki tveggja ræfla sem skömmu fyrr

voru heilagir og handvissir um eitthvað allt annað en að fyrir æðri máttaröflum væru þeir ekkert nema þrep í stiga til tunglsins.

Þrítugasti og þriðji kafli.

Næst gerðist nokkuð ansi tilkomumikið. Upp eftir súlunni, undan skýjabreiðunni, fór að vella einhver dökkleit slikja. Í fyrstu var hún eins og seigfljótandi skán um ytra byrðið allt en fljótt mátti greina í henni einstök form og bil og glufur og sjá að þar voru komin mannlíkin úr tjörninni. Ekkert hik eða refjar. Enginn ótti eða múður. Þau nálgðust pallinn, sem ekki var broddur nálarinnar en var það nú samt. Þau liðu og þau skriðu og þau bifuðust rykkust. Og sjá, þau liðu og klifu í takt við trommusláttinn í skýinu sem var maðurinn. Þau dönsuðu. Dönsuðu svona.

Paromm-pomm-úmf-úmf-tikka-tomm
paromm-pomm-Pomm-úmf-tikka-úmf-tomm
ikka-úmf-tikka-úmf-tomm-Tomm
omm-tomm-úmf-úmf-Tikka-úmf-tomm
paromm-pomm-úmf-úmf-tikka-tomm
paromm-pomm-Pomm-úmf-tikka-úmf-tomm
ikka-úmf-tikka-úmf-tomm-Tomm
omm-tomm-úmf-úmf-Tikka-úmf-tomm;

og svo með skýsgnístinu í ofanálág:

paromm-kriggs-pomm
geggs-klaggs-úmf-gidds-úmf-tikka-tomm
paromm-ribbs-hoggs-pomm-Pomm-úmf-úggs-tikka-
úmf-tomm-seggs-seggs-ikka-veggsa-úmf--heggsa-tikka-úmf
tomm-rikks-dekks-Tomm-
praggs-omm-tomm-poggs-úmf-úmf-Tikka-tviggs-siggs-úmf-diss-miss
tommpeggs-biddssssss-skrí-úmf-paromm
laggs-pomm-hrekks-kloggs-úmf-krass
krass-úmf-tikka-tomm

paromm-seggs-seggs-pomm-piss-Pomm-úmf-iss
maggs-tikka-úmf-tomm-stakks-klakks
ikka-poggsa-úmf-reggsa-tuss-tikka-úmf-tomm-tuss-úmf-hrumf
naggs-diggs-Tomm-ridds-omm-tomm-leggs-úmf-úmf
Tikka-veggs-foggs-úmf-tomm
fidds-gidds
gusssss.

Þetta var eins og ballett fluttur við loftfirrtan grjóttunglakrans einhvers gasrisa við hvítan dverg og miðlungspunga loftsteinahríð, með sólókafla fyrir smástirni úr járn og barínklesstu mangani og milljarðs ára vetnisklakaskorpu, milljón ógeðslega fallegir skrokkar að dansa upp til himna.

“Ertu,”
giggs-peggs
“ekki feg-”
sviss-miggs-uggsi
“-in að þú,”
heggs-eggs-eggsj
“hinkraðir?”

gnast í þokunni. Það mátti vel heyra að það var sá hressi á fötunni sem mælti, það er að segja sá með samlokuna lystugu - já, og einmitt sá ellihrumi í fallegu íþróttatreyjunni með stjörnuskinsröndunum og volgu augun gráu, þokan sjálf þar uppi og allnokkru víðar. Rödd hans átti með öllu réttu heima yfir hinum stríða vindpákutakti skýjanna. Hennar tærasta gerð, þessarar þurru raustar, braukaði og bramlaði og sargaði eins og grjótmulningur á leið niður bratta hlíð; eins og kraftuppmagnaðar truflanir í rafbúnaði eða svartolíumótor í bergmálshelli; eins og skýjaklúfur að hrynja ofan í sjálfan sig - eða gotnesk dómkirkja á flekamótum; eða beitiskip úr engu nema stáli og dýnamíti sem springur utan af akfeitum aðmíráli; eða þá fótleggur hross að splundrast í flísar í urð; stökkfrosinn heilagfiski sem lamið er í þilfar stálskips; járnstyrktur múrveggur í

matvinnsluvél; móðganir í lofgjörð; klossar á hjarni; kossaflens trölla um sólris; og svo framvegis og svo framvegiss og framvegissss og giss-da-pirr-issss. Sei sei já.

Söngvarinn henti sér niður á fjóra fætur, svoleiðis að frelsinginn undir hnjánnum hóstaði, og gægðist fram af þrepinu. K stóð litlu aftar, studdi sig við hnakkann á honum og horfði líka niður. Það er erfitt að lýsa áhrifunum af því líkri sýn, svona gersamlega óskiljanlegri. Sem var fallegri en hún var hryllileg, eða hefði söngvarinn sem í sannleika sagt var ekki ýkja hugprúður annars hrifist svo mjög af henni?

“Hvað gerist þegar þau koma hingað upp?”

æpti K í gegnum tónlistina/hávaðann til rjúpunnar, sem horfði niður af framreiðslubakkanum sínum litlu utar. Hún brosti og svaraði lágum rómi, ósnertum af skarkalanum:

“Þau halda áfram.”

“Hvert?”

spurði K. Rjúpan yppti öxlum.

“Það er allt sem hann sagði mér.”

“Þokan?”

Rjúpan kinkaði kolli.

“Þokan, einmitt, hann sagði ekki fleira. Því miður.”

“Hvað hefur þetta allt, allt þetta brjálæði, með húsið að gera? Með það að ég sagðist ætla að brenna það?”

Aftur yppti rjúpan öxlum.

“Veit ekki. Ekki almennilega. Veit bara að honum var mikið í mun að sýna þér þetta allt saman. Þú yrðir að sjá þetta áður en þú kveiktir í, sagði hann. Ég geri bara eins og mér er sagt. Eða við Ares.”

K hermdi eftir rjúpunni, yppti öxlum, glennti upp augun, setti upp skeifu og flata lófa upp til hliðanna.

“Þú veist ekki neitt. Gerir bara eins og þér er sagt. Ares veit ekki neitt, gerir bara eins og henni er sagt.”

Tóninn í röddinni var ísúr og undinn. Henni gramdist svörin og beiskjan var farin að eittra út frá sér svolleiðis að ekki varð við ráðið. Það var sjaldgæft, hugsaði kötturinn með sér. Hann skammaðist sín þó ekki fyrir hennar hönd. Til þess þótti honum of mikið til hennar koma. Ef hún gerðist kjánaleg hafði hún áreiðanlega gildar ástæður til þess. Hann efaðist ekki nema í mesta falli í eitt andartak. Krafsaði, nartaði létt og beit loks í eyra á tröppunni, svo hún æpti og hrein en bærði að öðru leyti ekki á sér, og gerði sér upp áhugaleysi. Söngvarinn leit snögg um öxl en hélt síðan áfram að góna niður í djúpið. Kötturinn beit ekki í eyrað af vonsku, auðvitað, hann beit rétt eins og sumir góna. Kettir komast aldrei fullkomlega af því þroskaskeiði að kanna veröldina með munninum og hann hafði aldrei áður farið um stiga í líkingu við þennan.

paromm-ribbs-hoggs-pomm-Pomm-úmf
úggs-tikka-úmf-tomm-seggs-
seggs-ikka-veggsa-úmf
heggsa-tikka-úmf
tomm-rikks-dekks-Tomm-
praggs-omm-tomm-poggs-úmf-hlekk

Svona skellihló þokan.

seggs-seggs-pomm
piss-Pomm-úmf-iss-maggs
tikka-úmf-tomm-stakks-klakks-ikka
poggsa-úmf-reggsa
tuss-tikka,

skellihló hún, gólaði og gaggaði og gnast og brast.

“Veist þú eitthvað meira?”

kallaði K beint upp fyrir sig. Hún hélt handleggjunum beinum út frá öxlunum.

“Eða er þetta allt bara grín?”

Henni var fúlasta alvara, held ég áreiðanlega. Hún var alls ekki viss um það lengur að nokkuð þýddi neitt. Grunaði að ef til vill væri öll þessi fáránlega sýning bara stærilæti og rugl. Sýndarmennska, sprell og kenjar. Ekki fyrirboðar eða teikn, ekki sýnikennsla eða

lexía. Hjóm, tóm og hávaði. Skrúðganga um ekkert. Hátíð vegna einskis. Að ekkert þýddi nokkurn skapaðan hlut. Að engin þýðing væri yfirleitt til. Allt væri bara sisvona og hinsegin, af því bara og út af því og barasta. Kannski skynjaði þokan það og fann til sín. Skammaðist sín eða rann blóðið til skyldunnar. Svo skyndilega hófst K á loft. Akkúrat bara sisvona. Þokan hafði andlit. Andlitið brosti og geiflaði sig og hló. Ekki beint að K heldur öllu. Hló að heiminum, skildi engan undra. Þvílíkur brandari.

kaggs-pakks

omm-tomm-krigga

kraggs-úmf-úmf-biggs

braggs-Tikka-úmf-romm-tomm-tomm!

hló þokan. Söngvarinn spangólaði, ýlfraði og söng og dró sig saman, með hendur læstar saman utan um sköflungana og höfuðið ofan í bringu. Nú þótti kettinum nóg um svo hann hvæsti á rjúpunum sem við það færðist lítið eitt fjær stiganum, á framreiðslubakkanum. Þetta var slík nýlunda að jafnvel K, sem danglaði í lausu lofti yfir stiganum, veitti því athygli og hváði. Aldrei fyrr né síðar hafði hún heyrt rófulausa fressið hvæsa. Söngvarinn hrein. Ares tók báðum höndum um spjótið og beindi því að kettinum sem hvæsti við það að henni líka, skaut upp hryggnum og ýfði feldinn vonskulegur. Hann var kenjóttur en líka tryggur. Verið þeir bölvaðir sem kalla ketti trúlausa og svikula.

“Svona,”

rabbs-klafs-tikka-tomm

“svona,”

hneggjaði skýið.

“Við erum,”

riss-piss-raka-tak

“öll vinir,”

úmf-seggs

“hér.”

Kötturinn hirti ekkert um friðarumleitanirnar heldur stökk aftur upp á pallinn og fikraði sig nær Aresi á fínu skónum, með kviðinn niðri við gólf og dálítið glott til aðvörunar. Risinn fylgdi honum eftir með spjótsoddinum en þá hvirflaðist dálítill gufutægja aftan frá og um höfuð hennar og hún slakaði á, bara rétt oggupons, í kjölfarið. Hárin stóðu áfram þráðbeint upp af hrygg kattarins, sem leit til skiptis á Aresi og K þar sem hún sveif og reyndi að halda jafnvægi en veltist hægt um eins og í ofurhægu brimi. Söngvarinn var tekinn að fikra sig ofurhægt og skjálfandi í átt að þrepinu fyrir neðan, staldraði þó reglulega við og sýndist þurfa að telja í sig kjark til að krefsa sig svo lötur-, lötur-, löturhægt áfram.

Þrítugasti og fjórði kafli.

“Halle-”

kliggs-iss

“-lúja,”

tónaði þokan af trúarhita. Kannski var það af sýndarmennsku, eins og K hafði grunað. Því næst vatt þokan K saman og vafði inn í rósrauða álfilmu. Flennistór skýhönd birtist því næst ofan frá og stakk K inn í skrautlega pínötu sem kom líðandi innan frá miðju skýsins eða pallsins, og sýndist búin til úr olíulitum pappamassa og vængjum mýflugna. Pínötur, ef þú ert óviss, eru pappírsílát undir sælgæti eða aðrar litlar gjafir. Þó ekki til að rétta fólki eða láta sitja eins og skálar eða neitt þvíumlíkt. Þær eru einatt gerðar í skrautlegu líki fólks, dýra eða sögupersóna, hengdar upp í snæri og svo slegnar með prikum eða kylfum. Þegar fígúran lætur undan hrynja sigurlaunin síðan út. Sá sem rekur smiðshöggjö hefur heiður af en öllum nærstöddum er frjálst að hamstra góðgæti eins þeir nenna. Sú hefð að berja hluti uns þeir æla sælgæti er evróamerísk að uppruna. Aztekar áttu líkan sið, upprunalega með mannshjörtu en síðar annað góðgæti. Ítalir og Spánverjar gerðu svona líka, og voru rannsóknarréttir ríkjanna frumherjar þegar kom að því að pína góðgæti út úr hverju sem var.

Við svo búið varð kötturinn svo steinhlessa að hann steingleymdi vonskunni og stóð álkulega upp á afturfætturna. Hvað í ósköpunum gat þetta átt að fyrirstilla og hvernig bregst maður, öllu heldur köttur, yfirleitt við einhverju viðlíka? Það heyrir til algerra undantekninga að farið sé með fólk, og sér í lagi vini manns, eða kattar, eins og sælgæti. Að farið sé með vini kattar eins og gúmmelaði handa börnum. Eða handa öldnum eða miðaldra eða á hvaða reki sem er. Það er fáheyrt og fráleitt og brjálað - að farið sé með vini kötts eins og eitthvað sem stungið er í vasa. Sem stungið er í rassvasa af bríaríi og gleymist þar uns sest er á það og bölvað og ragnað. Eins og eitthvað smáræði og tittlingaskít sem fæst úti í sjoppu. Úti í sjoppunni á horninu, þessari þar sem fást

sígarettur í lausu, en bara af tveimur ódýrum sortum. Það sem fæst í sjoppum nýtur sjaldnast virðingar. Ekki einu sinni sígarettur, hvort sem er í stykkjatali eða heilum og innsigliðum pökkum, eða einu sinni sterk verkjalyf sem venjulega þarf uppákvittað vottorð fyrir en hægt er að semja um með alþýðlegu dulmáli. Hvort tveggja er vissulega dýrkað og dád, drottinn já, en fyrirlitið og hatað um leið. Maltöl kemst kannski næst því að njóta próper virðingar, af því sem gjarnan fæst í sjoppum, en það er af bjánalegum hvötum. Morkinni tilfinningasemi og slefblautri fortíðarþrá. Kveikjarar eiga líka sína unnendur en þeir eru banal og leiðinlegir. Þó má heldur ekki fara með vini kötts eins og kveikjara, þótt þeir eigi sína aðdáendur. Það er fyrir neðan allar hellur og yfirleitt aldrei gert og ef það er gert er það klúrt. Fjandinn eigi þá sem fara með fólk eða ketti eins og kveikjara og malt eða marsipanstykki, kynni einhver að segja. En kötturinn var lens. Hvað nú, hugsaði hann kannski? Hvað næst? Hvað gerir köttur nú? Veraldarvanur eða ekki, svonalagað hummar enginn fram af sér nema Kölski og útgerðarmenn.

Á meðan á þessu öllu stóð lá söngvarinn í stiganum með rassinn upp í loft eins og tröppurnar sjálfar, enn að mestu í efsta þrepi en þó með andlitið grafið í snögghærðan hnakka í annarri tröppu að ofan frá talið. Hann virtist hafa drifið áleiðis þangað niður en síðan gefist upp tæplega hálfa vegu fram af þrepinu. Var nú hættur að klóra sig áfram, stopp og þrot og búinn. Pínatan dansaði um loftið, eins og milljarðar ægifagurra mýflugna á himnum hans guðs. Enn drundi þungur, en dillandi, ægitrommutakturinn. Enn brakaði og gnast, small og hvæsti og hvein í þokunni, sem þurfti svo margt að segja.

tomm-rikks-dekks-Tomm-praggs-omm

tomm-poggs-úmf-úmf-Tikka-tviggs-siggs-úmf-diss

miss-tomm-peggs-biddsssssss-skrí

úmf-paromm-laggs-pomm

hrekks-kloggs-úmf-krass

úmf-sigga-saggs

Tomm-tikks

úmf-úmf-ó

Fyrstu skrokkarnir úr djúpinu, seigir og hvassir og kræfir, höfðu náð brún pallsins en stöldruðu ekki við þar heldur læstu í þokuna snörpum fingrum og klifu áfram upp eftir henni í sömu óræðu vissu; upp, upp, upp. Þau voru loðin um hausa og klof og um framhandleggi og sköflunga og hreyfðu sig stundum eins og skorkvikindi, annars eins og róbótar og stundum eins og geislar. Upp og upp og upp, áfram um þokuna til tunglsins. Þau hundsðu rjúpuna og Aresi, köttinn, söngvarann og pínötuna. Augnalaus sáu þau ekkert nema upp fyrir sig, ekkert nema andstæðu djúpsins. Þau brugðust ekki við hjali þokunnar, brestum og gný. Þau voru þornuð og skorpín og seig. Skarpholda og hvöss, bellir og jógur úr djúpinu. Neðan úr tjörninni í borginni, til mána bláa þar fyrir ofan og um kring. Milli vita, milli heima, handan þessa en í hjarta og kjarna hins. Þau slógu ekki heldur tifuðu og rykkust. Taktvís eins og þokan sem gnast. Faðirinn, fölskvinn og sannmælginn. Ómennsk, ónáttúruleg, ekki smíðuð heldur meitluð í djúpið sjálft, tálguð úr óminninu, höggvin úr engu, njörvaðar grillur og hismi.

Rjúpan tyllti sér niður á hnéð á bakkanum, rétt eins og hún væri mennsk, og Ares gerði eins á brún pallsins. Hún lagði spjótið sitt ógurlega á lær sér og það leit út eins og vísir á klukku um miðjan dag þótt farið væri að halla undir kvöld. Þær lutu höfði, ef til vill í lotningu, ef til vill af trega, áreiðanlega af brýnni nauðsyn og þörf. Án hiks og efa. Það stirndi á pínötuna í gegnum þokuna þar sem hún flaut skammt ofan pallsins. Mannlíkin liðu upp allt í kringum hana án þess að snerta hana nokkurn tímann. Eins og hún væri ekki til. Ekkert væri nema þokan fyrir ofan, yfir tjörninni og borginni. Bókfinkurnar voru á braut en skógarþrestir skutust um loftið. Stærri og klunnalegri en líka kunnuglegri. Stirðari á flugi en finkurnar á skálinni en mýkri en mannlíkin á nálinni. Fallegir á sinn hátt. Ekki feitir eins og um haust heldur fullir fyrirheits og verðandi. Vongóðir en styggir á að líta.

“Sjáið þið bara,”

iss-priss-Tomm

“börn-”

krakks-boggs-hvís

“-in mín,”

úmf-klikk-úmf-krass

“hvernig djúpið og”

rass

“duldin og ver-”

rakka-takka-úmf-Tomm-úmf-maggs

“-andin renna í eitt,”

skellihló þokan. Hún æpti, brast og hrein. Enn hertist á taktinum, eins og slegið væri á stjörnuþokur með lærleggjum guða.

rakka-takk-akk-akka-takk

Sú gamla þoka gaggaði. Sá gamli maður. Sá gamli draumur og drungi og von.

takk

Kötturinn stökk yfir á bakið á söngvaranum bugaða og glápti þaðan upp í loftið. Tunglið var horfið í þokuna. Þokan var grá, bláminn bara rétt svo agnarögn eða vísbending. Þokan var svo grá og full af fólkslíkjum og þröstum tvist og bast. Þúsundum, milljónum saman. Þúsöldum, jarðöldum saman. Andrá sem toгнаði og bognaði og beið. Sláttur alvitundarinnar. Ryðtromlumars.

Taromm-tomm-úmf-úmf-dikka-domm

taromm-tomm-Tomm-úmf-bikka-úmf-bomm

fikka-úmf-tikka-úmf-fomm-Tomm

omm-domm-úmf-úmf-Dikka

úmf-domm

taromm-tomm-úmf-úmf-dikka-dromm-domm

taromm-tatomm-Tromm-úmf-dikka-úmf-domm

fikka-úmf-tikka-úmf-domm-Domm

omm-nomm-úmf-úmf

Pikka-úmf-pomm;

og með brestunum:

taromm-kriggs-tomm

peggs-braggs-úmf-bidds-úmf-dikka-domm

paromm-ribbs-hoggs-pomm-Pomm-úmf-úggs-tikka
úmf-tomm-veggs-seggs-fikka-figgsa-úmf-faggsa-dikka-úmf
domm-nidds-pakks-Domm
fleggs-omm-domm-seggs-úmf-úmf-dikka-daggs-saggs-úmf-friss-kyss
domm-leggs-bigsssssss-skrí-úmf-baromm
birrs-domm-klakks-dreggs-úmf-kross
kless-úmf-dikka-domm
taromm-vaggs-meggs-domm-puss-Domm-úmf-uss
flaggs-dikka-úmf-domm-hadds-gadds
fikka-vaggsa-úmf-rigsa-fuss-dikka-úmf-domm-fruss-úmf-fúmf-úmf
nudds-dudds-Domm-leggst-gomm-bomm-kidds-úmf-úmf
Dikka-fliss-riss-úmf-domm
hatts-katts
krosssss.

Þetta var hljómkviða í gómi. Hamfarir í kjarna. Himneskur biti að naga.

Þrítugasti og fimmti kafli.

Þótt tunglið væri horfið í þokuna sem bara hló mátti enn vel finna fyrir því á og við pallinn, þar sem enginn vissi lengur hvaðan á hann stóð veðrið. Frá því stafaði enn dálitlu dulmagni, meira en vanalegt var á fullu tungli en minna en þegar tunglið virtist í þá mund að renna saman við borgina með kenjótta götunum skömmu fyrr, áður en þokan gerðist frek. Þaðan sem kötturinn rófulausi stóða á baki söngvarans á mörkum efsta og næstefsta þreps í stiganum úr frelsingjunum sást hvorki inn á pallinn þar sem Ares var né upp á bakkann til rjúpunnar lengur. Hér og hvar glitti í ólseiga skrokka uppsjáandi augnleysingja sem skriðu upp þokuna, þegar þeir fóru nærri. Mannslíkin úr tjörninni klifu strítt en hljóðlaust og þrestirnir höfðu flestir flogið á braut eða fundið sér sæti þar nærri. Í öllu falli sáust þeir ekki lengur á lofti, nema stöku hró á rangli, til góðs eða ills. Pínatan með K inni í sást ekki heldur, en kötturinn vissi af henni þar skammt fyrir ofan. Hann heyrði ekki í K frekar en nokkru öðru en trumbunum og brestunum í þokunni, brakinu í grunnvirki veraldarinnar. Það var dunandi klúbbataktur kosmóssins, hinstu kvök tilverunnar, alls ekki óþekkilegur þótt kettinum væri lítið um dansmúsík gefið svona alla jafna og yfirleitt. Heilt yfir var hann raunar lítið fyrir tónlist - var minna fyrir hana en bókmenntir en valdi hana þó ávallt fram yfir leiklist og álíka performansa, sem honum dauðleiddist einatt og undantekningarlaust.

úmf-tikka-úmf-krass-klikk-Pomm-fliss

pomm-tikka-triss-trass-úmf-pikka-plokk

hnykk-úmf-úmf-rokk

Pomm-ropomm-úmf-flass-figgs

úmf-pomm-úmf-iss-pomm-paromm-sviss-hnoss-hryss

Pomm-rapomm-bidds-á-romm-klikk-klass-úmf-rass-dedds-Domm

didomm-úmf-úmf-úmf-næs-nomm-paromm

paromm-úmf-óss-huggs-huggs-Tomm

Jafnframt því sem þokan þéttist og þykknaði og vaknaði var eins og ómurinn færðist nær, eins og hann legðist á húðina, tæki á vöðvunum, umlyki líkamana, þrýsti á þá og þjappaði og þröngvaði sér inn í. Þokan deyfði hann ekki, þokan var hann. Hann var þokan. Allt var þokan, nema kötturinn og K. Frelsingjar voru eintóm þoka og bókabúðin fyrr um daginn var líka þoka, fuglóttar mjólkurskálar og frakkar rappnornir voru sko þoka, maðurinn sem bæði var örvasa og almáttugur var greinilega þoka og bæði Ares og rjúpan líka (rjúpur eru ávallt þoka), og söngvarinn litli var sannarlega þoka, þó mætti eins kalla hann gufu, og lögreglutittir í rauðum göllum og grátandi karlar í kjörbúðum og konur með afmynduð smetti og slefu og allt marsípanið í mergnum beinanna og undir gólfum húsanna og allt var þoka og allt var þoka og allt var bara hún. Búmm, barúmm, klikk, klakk, búmm. Ég er þokan, hugsaði kötturinn kannski. Ég er þokan í borginni, á bak við húsinn og undir runnunum í gördunum. Í glufunum á girðingunum og sem gægist handan ruslatunnanna og valsar um gangstéttirnar um hánæturnar með enga rófu. Hugsaði hann kannski. Kötturinn æpti. Kötturinn kallaði á K en hrópin drukknuðu í drununum. Söngvarinn hélt fyrir eyrun. Þokan hló og bramlaði og gnast. Hviss, búmm, brask, ferlegt rask. Kötturinn æpti á K en fékk ekkert svar. Það sem falið er inni í pínötum svarar nær aldrei köllum, þannig er það bara, því ef það sem er inni í pínötu getur yfirleitt svarað kalli er pínatan varla pínata heldur búr eða klefi, jafnvel þótt hún sé fallega skreytt og litrík og allir nærstaddir látist skemmta sér vel.

Kötturinn rófulausi stökk upp og fálmaði upp í loftið með klærnar úti. Hann krafaði í tóma þoku. Hún hló jafnvel enn hærra en áður, brestirnir voru þrumur og einhvers staðar uppi í hvolfinu bar fyrir þrumur eða viðlíka ljósagang. Þegar kötturinn lenti æmti söngvarinn undan en hélt áfram um höfuðið og reyndi ekki að færast undan. Kötturinn lét ekki segjast við svo búið heldur stökk aftur upp og í þetta skipti nældi hann með einni einustu margreyndri kló í eitthvað fjólublátt. Nú ískraði í þokunni.

íssi-píssi-krín

Í þriðja stökki rak kötturinn klærnar á kaf í fjólubláan kreppappír, sem reyndar var mýflugnavængir, hífði sig þannig upp og risti með klóm hinnar framloppunnar eftir endilöngum botni pínötunnar sem við það splundraðist í sundur og milljónir eða

milljarðar mýflugna fuðruðu út til allra átta en kötturinn kollsteyptist aftur niður á söngvarann og K sjálf fylgdi skammt á eftir. Augnleysingarnar héldu sínu striki þar í kring, upp og upp og upp. Kötturinn lenti næsta auðveldlega og á öllum fjórum fótum eins og hans kyns er von en K lenti bagalega, á rassinum á einum frelsingjanum, sem var trappa, sem kipptist þá við, en með fætuna á mjóhrygg söngvarans sem við það dró sig saman í snúð. Að líkindum barmaði hann sér undan en það heyrðist ekki fyrir skrattaganginum í þokunni sem baulaði eins og þokulúður þegar K féll niður. K leit í kringum sig, eins og til að ná áttum, og kötturinn skallaði hana laust. Hún strauk honum hratt um kollinn en horfði síðan upp fyrir sig, út í þokuna, og brölti á fætur. Hún beygði sig niður að söngvaranum og tók um öxlina á honum en hann sýndi engin viðbrögð heldur lá áfram eins og snigill í stiganum. Frá honum barst lágt söngl, demprað en hiklaust og það skrönglaðist jafnvel í gegnum dyninn til eyrna bæði K og kattarins.

“Komdu,”

sagði K, hún æpti það ekki, og tók undir handlegginn á honum. Í fyrstu streittist hann dálítið á móti en K gafst ekki upp og fyrr en varði hafði hún dröslað honum á fætur. Hún tók utan um hann og strauk honum um hnakkann og hann kjökraði ofurlítið í hálsarkotið á henni. Hún þurrkaði honum um augun og sagði að þetta yrði allt í lagi. Hvort hún hafði eitthvað verulegt fyrir sér í því er ómögulegt að segja. En hún meinti það sem hún sagði og kötturinn tók undir það, þetta yrði allt í lagi. Þó var hann efins. Þannig var hann einatt. Sumir kalla það raunsæi en aðrir svartsýni, það getur verið hvort tveggja en er það ekki nauðsynlega.

“Förum niður. Förum niður stigann,”

sagði K við köttinn og leiddi söngvarann áfram, niður í annað þrep og síðan það þriðja. Leysingjarnir lágu stjarfir og bærðu hvergi á sér þegar þau gengu eftir bökkum þeirra og aftanverðum fótleggjum. Kötturinn rak lestina, þefaði hingað og þangað og sneri sér annað veifið við og rýndi upp eftir þokunni. Augleysingarnar urðu æ færri, allt um kring en ofar mátti greina sívalningslaga skugga í þokunni, þar sem þær mynduðu strjála pípu upp til tunglsins eða hvers sem var þar fyrir ofan. Hvað sem þokan geymdi. Þrumunum fækkaði að sama skapi, þær dofnuðu og á milli urðu bil og þagnir. Takturinn var

ótvíræður en eftir því sem þríeykið gekk niður stigann fór hann lækkandi. Fjarlægðist, firrtist, fyrndist.

tomm... tikka... Tomm...

úmf... bikka... Bomm...

Þau gengu um þokuna niður til borgarinnar og frelsingjarnir í stiganum urðu smátt og smátt að grófhögnum tígulsteinum og grasknöppum, arfablöðkum og tjásum. Þessi þoka var þögul og svöl og ekki lífs eins og sú ofar. Þynnri, ekki eins aðgangshörð og kræf. Kötturinn spurði K hvort hún héldi að þokan væri dauð en K sagðist ekki halda það, hún svæfi kannski eða væri í dvala en hún dæi aldrei. Það gæti hún ómögulega.

“Takturinn slær enn þar upp, heyrirðu ekki?”

klonk...

...

úmf...

...

íss...

...

b-o-m-hmmm...

Kötturinn heyrði ekki neitt. Ekkert. En K var viss í sinni sök. Kötturinn spurði hana hvort hún héldi að fólkslíkin úr tjörninni hefðu klifið alla leið upp til tunglsins. Hvort þau væru í tunglinu.

“Já,”

sagði K,

“Og nei. Ég er viss um að þau klifu alla leið upp en ég er ekki viss um að þar efst sé tunglið. Ég er ekki viss um að tunglið hafi nokkurn tímann nálgast borgina eins og okkur sýndist og við héldum.”

Kötturinn þefaði af tígulsteini og innti hana ekki frekar eftir því hvað hún ætti við.

Kroppaði í sígarettustubb og gretti sig. Hann efaðist um að atburðir dagsins væru fyrir hann að skilja. Hann var jú bara köttur, rófulaus reyndar en um flest ósköp venjulegur sem slíkur. Hann sleikti sig hreinan og skeit í beð. Þefaði af hlandmerkjum og skallaði

hana blíðlega þegar hún var döpur. Vissulega malaði hann nær aldrei, en það var hans val. Hann kunni það. Kunni að ansi vel. Það vissi hún líka.

Pokunni var farið að létta og þau sáu glitta í lítið torg með bekkjum í hálfhring þar sem K og kötturinn fengu sér stundum sæti og þögðu þegar vel viðraði eða þau þurftu að ná áttum. Torgið var skammt uppi í brekkunni ofan við tjörnina. Húsið sem K hafði viljað brenna var þar aðeins spottakorn frá. Þau þekktu göturnar í kring, sundin og stígana. Rafmagnskassann með upplitaða nasistalímmiðanum og ljósastaurinn sem skagaði inn yfir gangstéttina og beyglaða jepplinginn og sitthvað fleira. Tröppurnar sem þau komu niður lágu milli tveggja gamalla glæsihýsa, bárujárnsklæddra timburkastala sem eitt sinn höfðu verið hótél og heimili kaupmanns. Það var löngu fyrr. Um hrið höfðu þau verið sitthvað annað og óvirðulegra. Nokkrar íbúðir, stök herbergi til leigu án skriflegs samnings og gistiheimili án móttöku þar sem allur gangur var á því hvenær skipt var á rúmunum og klósett skrúbbuð. En það plagaði K, köttinn rófulausa og söngvarann Einar ekki vitund þar sem þau komu niður stigann, fóru yfir götu og fengu sér sæti á bekkjunum á litla torginu á horni Þingholtsstrætis og Amtmannsstígs. Stiginn hvarf hljóðlaust á braut að baki þeim, eitthvert ofan í borgina, en þau gáfu því engan gaum. Ofan úr gamla skrautreyninum sem tróndi yfir hálfu torginu skríktu þrestir. Himinninn var ljósgrár og lágróma og litbrigðafár. Veðrið stillt og milt. Síðdegi hörfaði undan kvöldi. Niður Amtmannsstíg gengu hávær ungmenni í hóp og létu flösku ganga sín á milli. Þau voru kát og hlógu helst til hvelld en borgin var heilt yfir vær. Einar nuddaði augun. Kötturinn klóraði sér á bak við eyra. K horfði ekki neitt. Í gegnum hús eða í gegnum ekkert. Fram hjá götu eða engu. Hún, eins og borgin, fylltist værð. Reykjavík andvarpaði norður Þingholtsstræti svo það skrífaði í reyninum.

Þetta hafði verið viðburðaríkur dagur og óhjákvæmilega yrðu þau þrjú að ræða hann, þukla á honum og hnoða. Það vissu þau áreiðanlega öll. En þetta var ekki tíminn til þess. Fyrst yrðu þau að anda að sér lyktinni af miðborginni, matsölustöðunum og hlandinu. Steikingarfeitinni og beiskjunni. Fyrst þyrftu það að kasta mæðinni. Finna blóðið renna fram í fingurna og tærnar. Veltast um á hellunum. Heilsa kunningjanum með innkaupapokann, með hundinn í bandinu, með hallærislega hattinn. Þreifa dálítið á

borginni við flóann, langt undir tunglinu. Þar sem lífið gekk sinn vanagang, yfirleitt. Þar sem voru hús sem ekki skyldu brenna - ekki skyldi brenna. Sem ekki þurftu að brenna. Sem voru bara hús. Veggir og þök. Hurðir og skítugur þvottur og leskrókar og gluggar til að sofa í. Herbergi og gleymdur grátur og skenkir úr nytjamörkuðum og vesöld og gleði. Bara hús með því sem tilheyrir.

Þrítugasti og sjötti og síðasti kafli.

Pissudúkkurnar voru fyrstar á svið á Stálskipinu, þar sem fram fór svokölluð menningarlíkvaka. Þær léku gaddavírsraftónlist og virtust fyrirlíta eða blátt áfram hata þá fáu áheyrendur sem þó voru mættir þetta snemma kvölds. Hávaxin kona í einhverju sem helst líktist kafarabúningi en með sagskötutrjónu í stað öndunargrímu og tvær manneskjur í serkjum, með sárabindi eða einhvers konar dulur vafðar um höfuðin. Af og til köstuðu hljómsveitarmeðlimir rusli fram af sviðinu en þar stóð enginn svo það fór beint í gólfð og lá þar. Þau bentu líka á fólk frammar í salnum og sýndu því fókmerki með fingrunum eða gerðu hnífamerki um hálsana. Sú í kafarabúningnum þuldi texta á óþekktu hrognamáli í hljóðnemann en bölvaði endrum og eins á ensku eða íslensku. Þau voru ekki úr hirð Drápu en um sumt af líkum meiði. Lélegri músíkantar en næstum því skemmtileg fyrir því.

Þegar K hafði sótt sér drykk á barinn fékk hún sér sæti við borð fremst í salnum, næst dyrunum, þar sem hlandlyktin var hve daufust og gólfð ekki jafn klístrað og innar. Kannski læddist kötturinn rófulausi í kjölfar hennar og stakk sér undir borðið, kannski ekki. Hann þurfti ekki að sjást frekar en hann vildi og inni á staðnum var hálfrökkur og dökkir veggir. Kettir eru sjaldnast aufúsugestir á knæpum og skemmtistöðum en þeirri útilokunarstefnu er mishart framfylgt frá einum stað til annars og yfirleitt hve síst þar sem hlandlyktin er stækust og stólarnir skakkastir og bjórinn fúlastur.

Gestir tíndust inn einn og tveir í senn og reyndu yfirleitt að halda sig sem lengst frá sviðinu, gasellur á gresju. Pissudúkkurnar bættu frekar í eftir því sem á leið og sérstaklega virtist sverðskatan eflast með hverju lagi. Eftir fáein lög hafði hún sprautað blóði úr leðurpungi yfir trjónuna og var frekar ferleg á að líta þar sem hún öskraði yfir salinn. Þegar sveitin lauk sér loks af var skatan löðrandi í blóði og klútarnir um höfuð

hinn tveggja meðlimana trosnuð og héngu ræfilsleg á þeim, svo undan birtust rauðmálaðir púkahauser, nauðasköllóttir og skegglausir og sléttir. K fannst hún jafnvel kannast við annað andlitið, nefbroddurinn var óvenjulegur í laginu og hakan of lítil, en var óviss. Þau rusluðu búnaðinum sínum saman eins og þeim væri í mun að hann gengi úr sér sem fyrst og hundskuðust út um hliðardyr með formælingum og fingrapati og höfðu nærri því rutt sviðsmanni með snúrufargan um koll á leiðinni.

Næst steig á svið stúlka úr föruneysi Drápu, sem K og kötturinn höfðu hitt á torginu við kirkjuna. Hún samdi ljóð sem hún skrifaði með fjaðurstaf á skinn uppi á sviðinu og las þau svo til jafnóðum. Það var leiðinlegur performans en K klappaði þegar og þar sem við átti, hún er ekki af þeirri harðbrjósta gerð sem þykir rétt að verðlauna lélega ljóðagerð með uppásnúningi og grettum. Þegar stúlkan hafði skrifað einhver ósköp um misskilning og útskúfun og úrkynjun hinna þrúðu hneigði hún sig inn á sviðið og læddist síðan út af því. Næst tók við tvíeyki sem lék gömul sönglög en með nýjum og blautlegum textum á heimatilbúna hörpu fyrir fjórar hendur. Það var áhugavert atriði og eins konar intermezzó. Eftir gróteska en undurfagra útgáfu af ónefndum sjómannaðalsi var loks komið að aðalatriði kvöldsins, predikun Drápu og hennar nánustu, þeim úr innsta hring.

Til að byrja með var ósköpunum öllum af dísætum reyk bunað inn á sviðið, hvaðan hann síðan lak og reis upp um salinn allan, alveg út að dyrum, og eins konar fánar hengdir upp á þar til gerðar grindur úr tálguðum við sem líktist bráðnuðu plasti eða tjöruslettum. Á fánunum voru fornlegar myndir af ófreskjum og forritunarkóða, saumuð með gullþræði í gróft efnið. Skyndilega var salurinn fylltur ofsabirtu úr ægilegum kösturum sem höfðu legið hljóðir í hornum. K gerði ofurlitla rifu á augun og pírdi út í himnamyndina til að sjá frelsarann ganga fram á sviðið í hvítum serk, rauðmálaðan um biksvört augun, það stirndi á fjaðrirnar á kolli hans og gimsteina eða tár í skegginu. Þetta var söngvarinn, hundurinn, Einar. Drápa fylgdi honum á eftir og las upp eigið guðspjall, ekki um sig eða sannleikann heldur um tilviljunina og takleysið. Ekki um ástina og hlýðni, heldur liti og áferð. Um öll blæbrigði grámans og um kalt malbik, þurrt og blautt. Um sigarettur og um kvef og ranghugmyndir að kvöldi.

Söngvarinn gekk upp reykin upp undir rjáfur og fór þar niður á hnéin. Lagðist síðan á bringuna svo sá undir hann í gegnum ægihvíta móðuna. Setti út hendur og líkt og sveif. Líkt og hann flygi. Líkt og hann væri léttari en móðan. Kannski hafði hann ekki augu, bara rauð-svört göp. Kannski hafði hann ekki hendur heldur vængbrodda. Það skipti ekki máli hvort heldur var. Bæði var rétt og ágætt og óþarfi að hanga í. Frá hátölurunum barst lágt urg eða kverkasöngl úr tölvu, það smáhækkaði uns hljóðstyrkurinn var fullkominn og alltumlykjandi eins og reykur og þoka og loks hóf Einar upp raustina. Hann rumdi og gnast eins og jarðskorpan. K lokaði augunum aftur og hlýddi á. Leið inn í röddina. Inn í drunurnar. Ósköpin. Hann var ekki neðan úr Tartarusi, ekki neðan úr víti eða Hel, jarðkjarna eða svartholi, sama hversu röddin var myrk og fögur. Hann var héðan, úr borginni, eins og hún. Hann var dúfa niðri við tjörn. Hann var augnalaus kona. Hann var rjúpa og maður og ljós. Hún hvarf inn í hvítuna og sönginn. Vast saman og varð að böggli sem dróst saman eða inn í sig og varð að fisi. Fisið varð að flökti, varð að streng í geisla, varð að ofurlitlu ljósi. Með öllu hinu ljósinu. Ekki bláu heldur hvítu. Í hvítunni er bláminn, dálítill.

Ekkert þyrfti að brenna. Ekki um sinn.

Hann söng:

Far vel, jörð,

fúli steinn.

Far vel, tré

og lækir,

fólk.

Fokk off, jörð,

fúla neitt.

Fokk off, lyf

og plastík,

fólk.

Far vel, ég,

forna plíkt.

Far vel, kjöt

og ræna,

vit.

Far vel,

far vel,

far vel,

far,

far,

far,

ar,

ar,

ar,

a,

a,

ar.

ENDIR.